

HALLDÓR

**skoðun** 12

3 SÉRBLÖÐ

í Fréttablaðinu

Allt

Vetrardekk

Ferðast um hálendið




Gáfu til vökudeildar

*Tvíburar Magneu og Finns dvöldu í fimmtán vikur á vökudeild.*

**allt heilsa** 2




# FRÉTTABLAÐIÐ

**Þriðjudagur**

**25. október 2011**

249. tölublað 11. árgangur

Sími: 512 5000

10 ÁRA 2001-2011

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011




## Nú hefst leit að brauði

*Davíð Þór Jónsson loks útskrifaður guðfræðingur.*

**fólk** 30

## Kátur lúðrablástur

*Lúðrasveit Reykjavíkur flytur lög eftir Oddgeir Kristjánsson og Jón Múla Árnason.*

**tímamót** 18



## Formaður segir af sér

*Formaður knattspyrnudeildar Grindavíkur sagði af sér þar sem stjórnin vill semja við Guðjón Þórðarson.*

**sport** 26

## veðrið í dag




**HLÝNANDI VEÐUR** Í dag verður úrkoma um allt land, A-til í fyrstu en færist til vesturs með deginum. 8-15 m/s NV- og SA-til en annars hægari. Hlýnar þegar líður á daginn.

**VEÐUR** 4

# Öldruðu drykkjufólki fjölgar

**Sjúklingum með alvarleg einkenni dagdrykkju heldur áfram að fjölga á Vogi. Meira er um léttvíns- og bjórdrykkju en áður. Konur einungis þriðjungur þeirra sem koma á Vog. Eldri borgarar þurfa meðferð við hæfi.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Komum miðaldra og aldraðra einstaklinga á Vog, með alvarleg einkenni dagdrykkju, heldur áfram að fjölga. Sumir þeirra eru að koma á sjúkrahúsið í fyrsta sinn.

„Þessir einstaklingar fóru að koma hingað í auknum mæli fyrir nokkrum árum og það verður líklega ekkert lát á því,“ segir Valgerður Rúnarsdóttir, læknir á Vogi.

Hún segir skýringarnar á áfengisvanda þessara aldurshópa nokkrar.

„Þjóðin er að eldast auk þess sem neyslumynstrið hefur breyst. Það er meira um léttvínsdrykkju og bjórdrykkju. Það er drukkið flesta daga vikunnar en ekki bara dottið í það um helgar.“

Ef áfengis er neytt fjóra daga vikunnar flokkast drykkjan undir dagdrykkju, að sögn Valgerðar. „Hófsemdarmörk fyrir hraustar konur undir 65 ára er einn drykkur á dag, það er að segja eitt léttvínsglas eða lítill bjór.“

Valgerður segir áfengissýki hins vegar ekki greinda eftir fjölda drykkja, heldur því hvort einstaklingar drekki svo vandræði hljótist af, vilji hafa það öðruvísi en geti ekki hætt. „Ef það er sagt við viðkomandi að hann eða hún sé að skemma í sér lifrina og hann hættir ekki eða heldur að hann geti skipt um sort þá eru þau viðbrögð grunsamleg.“

Í öllum aldursflokkum eru konur einungis þriðjungur þeirra sem koma á Vog, að því er læknirinn greinir frá. „Það er svipað hér og annars staðar. Maður veit ekki alveg hver skýringin er. Hluti hennar er kannski sá að þær leita annarra lausna. Þær eru oft með lyfjavanda en sjá það ekki og fara lengra í þá átt. Það eru jafnframt meiri fordómar gagnvart eldri konum í þessari stöðu. Það þykir verra ef um mömmu eða ömmu er að ræða en einhvern karl sem á barnabörn.“

> Það eru jafnframt meiri fordómar gagnvart eldri konum í þessari stöðu. Það þykir verra ef um mömmu eða ömmu er að ræða en einhvern karl sem á barnabörn.
>
> **VALGERÐUR RÚNARSDÓTTIR**
> LÆKNIR Á VOGI

Valgerður tekur það fram að drykkjan hafi neikvæð áhrif á alla undirliggjandi sjúkdóma hjá fullorðnum. „Drykkja þeirra verður framtíðarvandamál heilbrigðisgeirans,“ fullyrðir hún.

Drykkjumynstrið er stundum talið breytast vegna breyttra félagslegra þátta. „Það getur breyst vegna þess að einstaklingarnir eru hættir að vinna eða vegna þess að makinn veikist. Þetta getur verið blanda af félagslegu og heilsufarslegu umhverfi. Eldri borgarar þurfa að fá meðferð við hæfi.“ **- ibs**



**Í SUNDI MEÐ ÍSLENDINGUM** Fjöldi fólks lagði leið sína í sjósund í Nauthólsvíkinni í gær. Sundið í gær var liður í átakinu Inspired by Iceland, en þá bjóða Íslendingar ferðamönnum heim til að reyna eitthvað óvanalegt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Stórhuga í ferðaþjónustu:

## Skoða stofnun nýs flugfélags

**FÓLK Athafnamennirnir Hermann Fannar Valgarðsson og Valdimar Geir Halldórsson hafa stofnað ferðaþjónustufyrirtækið QuisQuis með möguleika á flugrekstri í huga.**



HERMANN F. VALGARÐSSON

**Hermann og Valdimar hafa að undanförnu rekið gistiheimilið Reykjavik Backpackers í hjarta Reykjavíkur og eru að fara að opna annað í svipuðum dúr á Akureyri. Þar að auki reka þeir tvö kaffihús á Laugaveginum. „Við horfum til þess fyrirkomulags sem er við lýði hjá Virgin og Ryanair,“ segir Hermann um flugfélagið.**

**Hann segir það ekki ókeypis að leigja og reka flugvél en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er startkostnaðurinn í kringum 200 milljónir.** **- fgg /** **sjá síðu 30**

Stjórn Bankasýslunnar hættir vegna afskipta af ráðningu Páls Magnússonar:

## Gagnrýni hrakti stjórnina frá

**STJÓRNSÝSLA** Stjórn Bankasýslu ríkisins baðst lausnar í gær vegna óróans sem skapast hefur í kringum ráðningu Páls Magnússonar í forstjórastól stofnunarinnar. Stjórnarmennirnir þrír segja í yfirlýsingu að utanaðkomandi afskipti af málinu geri þeim ókleift að sinna störfum sínum.

„Viðbrögð alþingismanna benda til þess að erfitt verði fyrir stofnunina að starfa með eðlilegum hætti að þeim mikilvægu og vandasömu verkefnum sem henni er ætlað að sinna og framundan eru,“ segir í yfirlýsingu þeirra.



PÁLL MAGNÚSSON

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra harmar ákvörðunina og segir að nú verði gengið í að manna stjórnina á nýjan leik.

Hann segist hafa sjálfur hafa gætt sín á að ræða yfirvegað um málið. Spurður hvort menn hafi gengið of langt í gagnrýni sinni á ráðninguna segir hann: „Ég get auðvitað ekki borið ábyrgð á yfirlýsingum annarra eða stórum orðum sem einhverjir aðrir hafa látið falla.“

Páll verður að óbreyttu forstjóri Bankasýslunnar, nema ný stjórn taki ákvörðun um annað. **- sh /** **sjá síðu 6**


Einn á dag

D-VÍTAMÍN

EIN TAFLA Á DAG : EKKERT GELATÍN




Icepharma

Íslensk framleiðsla

Fæst í apótekum um land allt





JPV ÚTGÁFA

www.forlagid.is

KRASSANDI SPENNA

„Bók sem skiptir máli.“ POLITIKEN




FRÁ GLÆPASAGNADROTTNINGU DANMERKUR



Við opnum þér nýjar dyr

Hurðir og hurðahúnar.

Góð verð!



LEBO DOORS & FRAMES

ÁLTAK

Fossaleyni 8/Sími: 577 4100/www.altak.is

## SPURNING DAGSINS



*Gunnleifur, hefur þú gaman af Sex and the City?*

„Nei, ég hef hingað til ekki haft gaman af þáttunum, en ég naut þess að horfa á Six and the City um helgina.“

Gunnleifur Gunnleifsson landsliðsmarkvörður er einn harðasti aðdáandi Manchester City hér á landi. Hann horfði glaður á sína menn leggja nágrannana í United, 1-6, um helgina.

Enn á hafsbotni eftir að hafa sokkið eftir ásiglingu í Sandgerðishöfn:

# Björgun heldur áfram á morgun

**BJÖRGUN** Vonast er til þess að hægt verði að bjarga Sölku GK úr Sandgerðishöfn þar sem hún hefur legið í kafi frá því á sunnudag.

Salka, sem er 30 tonna trébátur, sökk við höfnina eftir að stálbáturinn Rán GK sigldi á hana með þeim afleiðingum að rifa kom á skrokk bátsins.

Sigurður Örn Stefánsson, hjá kafaraþjónustu Sigurðar, sem vinnur að björgun bátsins, segir í samtali við Fréttablaðið að ekki hafi tekist að fá krana til að hífa hann upp úr sjónum.

„Ég á von á að fá kranann á morgun og komast í þetta um hádegið. Við lagfærðum rifu á skrokknum og munum svo á morgun hífa bátinn upp og dæla úr honum jafnóðum.“

- þj



**Í KAFI** Salka GK sökk í Sandgerðishöfn og aðeins möstrin standa upp úr sjónum. Vonast er til þess að hægt verði að hífa Sölku upp í dag. MYND/VÍKURFRÉTTIR

Sænska þjóðkirkjan:

# Kanna öryggi í kirkjugörðum

**SVÍÞJÓÐ** Sænska þjóðkirkjan hefur í kjölfar banaslyss beint þeim tilmælum til forstjóra allra kirkjugarða í Svíþjóð að þeir láti kanna öryggismál í kringum legsteina í görðunum.

Síðastliðinn sunnudag lést átta ára hálf íslensk stúlka eftir að hafa orðið undir legsteini í kirkjugarði í Bollebygd. Litla stúlkan hafði farið í kirkjugarðinn með móður sinni og systur og klifrað upp á legstein. Steinninn valt og féll ofan á stúlkuna. Hún lést skömmu eftir komu á sjúkrahús.

- ibs

Umferðarslys í rannsókn:

# Vinnureglunni breytt eftir slys

**LÖGREGLUMÁL** **Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu vinnur nú að rannsókn á því hvort alvarlegt umferðarslys, sem varð á Dalvegi síðastliðinn miðvikudag, megi meðal annars rekja til þess að vinnureglur og jafnvel fyrirmæli yfirmanna Íslensku gámastöðvarinnar hafi gert ráð fyrir innakstri þar sem hann er bannaður.**

**Slysið varð með þeim hætti að gámabifreið var beygt í veg fyrir hjólreiðamann sem lenti á bifreiðinni og undir henni.**

**Á Vísi.is kemur fram að sú vinnuregla að láta bílana aka gegn innakstursbanni að gámastöðinni sé ekki viðhöfð nú eftir að slysið varð.**

**Lögregla óskar eftir vitnum í síma 444-1000 eða á netfangið abending@lrh.is**

- jss

Merkel skýrir frá áformum:

# Borin undir þýska þingið

**ÞÝSKALAND, AP** **Áform leiðtoga evruríkjanna til lausnar skuldakreppunni verða borin undir þýska þingið á miðvikudag, sama dag og þau verða afgreidd á fundi fjármálaráðherra Evrópusambandsríkjanna.**



ANGELA MERKEL

**Angela Merkel Þýskalandskanslari skýrði flokksleiðtogum á þýska þinginu frá áformunum í gær.**

**Hugmyndin er sú að efla enn frekar neyðarsjóð Evrópusambandsins, dæla fé í evrópska banka og fella niður allt að 60 prósent af skuldum gríska ríkisins.**

- gb

# Pítsurisi í megaslag við lítinn Fiskikóng

**Domino's krefst þess að Fiskikóngurinn hætti að auglýsa Megafiskiviku, enda sé Megavika skrásett vörumerki. Í báðum vikum kosta vörurnar 1.390 krónur en Fiskikóngurinn segir það tilviljun. Hann hyggst auglýsa áfram – allavega í dag.**

**VIÐSKIPTI** „Ég er ekkert í stríði við þá en þeir eru greinilega í stríði við Fiskikónginn,“ segir Kristján Berg, sem rekur fiskbúðina Fiskikónginn á Sogavegi. Kristjáni barst í gær tölvupóstur frá starfsmanni Domino's sem fór fram á að Kristján hætti að auglýsa svokallaða Megafiskiviku svo ekki kæmi til frekari eftirmála.

Í tölvupóstinum segir að rekstraraðili Domino's á Íslandi, Pizza Pizza ehf., hafi verið með vörumerkið Megaviku skráð síðan 2003 „og notað mikið eins og þú væntanlega veist“. Haft hafi verið samband við Einkaleyfastofu og þar hafi þau svör fengist að notkun Kristjáns á orðinu bryti líklega gegn einkaleyfinu.

„Það að bæta við almennu orði líkt og „fiski“ hefur ekki áhrif þar sem um er að ræða almennt orð sem ekki er mögulegt að skrá sem vörumerki,“ segir enn fremur.

Þetta getur Kristján illa fellt sig við. „Hvernig getur þeim dottið í hug að Fiskikóngurinn sé að eyðileggja eitthvað „brand“ sem heitir Mega? Má þá ekki skíra vörur Megakjöt eða Megafisk eða Meganeitt? Á ég að fá mér einkaleyfi á orðinu Kóngurinn og ef einhver kallar sig til dæmis Fasteignakónginn þá fer ég í mál við hann?“ spyr Kristján.

Auglýsingarnir birtust fyrst í Fréttablaðinu og heyrðust í útvarpi í gær og áttu að gera svo áfram alla vikuna. Kristján segist ætla að halda áfram að auglýsa í dag hið minnsta, enda hafi hann þegar verið búinn að panta auglýsingaplássið.

„Ég ætla bara að halda þessu áfram – hvað annað á ég að gera?



**BRATTUR** Kristján er forviða á tölvupóstinum úr herbúðum Domino's. Hann er samt ekki af baki dottinn – að minnsta kosti ekki enn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Ég er náttúrulega bara lítill fisksali. Það er kannski best að halda bara kjafti og fjarlægja þetta áður en tröllið kemur og stígur ofan á kónginn.
>
> **KRISTJÁN BERG** FISKSALI

Ég er bara búinn að vera að hugsa um hvað þetta er fáránlegt meil. Ég hef ekki komist lengra.“

Í tölvupósti Domino's-starfsmannsins er einnig gerð athugasemd við verðið sem Kristján auglýsir, sem er hið sama og pítsurnar kosta í Megaviku Domino's, eða 1.390 krónur.

„Þeir eru með 1.390 – má þá ekkert kosta 1.390? Eru þeir kannski með einkaleyfi á því líka?“ spyr Kristján og þvertekur fyrir að hann hafi hermt eftir verði Domino's. „Ég hafði ekki hugmynd um að þeir væru að selja á 1.390 fyrr en ég sá þennan póst.“

Kristján segir þó við ofurefli að etja og því sé óljóst hvernig málið endi. „Ég er náttúrulega bara lítill fisksali. Það er kannski best að halda bara kjafti og fjarlægja þetta áður en tröllið kemur og stígur ofan á kónginn.“

stigur@frettabladid.is



**FLÓÐ Í BANGKOK** Leiguvögnum ekið gegnum elginn. NORDICPHOTOS/AFP

Kona í Taílandi flýr flóðið:

# Vatnið eltir við hvern flutning

**TAÍLAND, AP** **Ekkert lát er á flóðunum í Taílandi og nú er fólk beðið um að forða sér úr nokkrum hverfum höfuðborgarinnar Bangkok.**

**„Ég held að vatnið sé að elta mig,“ segir Supanee Pansuwan, kona sem hefur þurft að flytja hafurtask sitt fjórum sinnum til að losna undan flóðahættunni. Nú þarf hún að fara frá skýlinu sem hún hefur hafst við í einu úthverfa höfuðborgarinnar síðustu tvær vikurnar.**

**„Hvert sem ég fer kemur vatnið á eftir mér, þannig að ef ég flyt mig enn á ný held ég að vatnið muni fylgja mér aftur.“**

**Taílenska stjórnin hefur verið gagnrýnd fyrir að ráða ekki við vandann en hún segir þá gagnrýni ósanngjarna.**

- gb

Lögregla fæst við ýmislegt:

# Mús startaði dráttarvélinni

**LÖGREGLUMÁL** Maður sem búsettur er á Drangsnesi hafði síðastliðinn sunnudagsmorgun samband við lögregluna á Vestfjörðum. Hann hafði skömmu áður komið að dráttarvél sinni, þar sem hún stóð upp við stafla af heyrúllum. Vélin var í gangi og var hún búin að grafa sig niður aftan við rúllustaflann.

Líklegt þykir að samsláttur hafi orðið í rafkerfinu, þá hugsanlega vegna músagangs, og við það hafi vélin hrokkið í gang.

- jss


15% afsláttur

af öllum pakkningastærðum af Nicorette fruitmint




2 mg 210 stk.
Nú kr. 4.280.-

Tilboðið gildir til 31. október n.k.

Lyfjaval APÓTEK

Álftamýri - Mjódd - Bílaapótek Hæðasmára 4


Lík 53 stuðningsmanna Gaddafís fundust á hóteli í Sirte:

# Stuðningsmenn teknir af lífi

**LÍBÍA** Lík 53 stuðningsmanna Muammars Gaddafí hafa fundist á hóteli í borginni Sirte. Mannréttindasamtökin Human Rights Watch segja að fólkið hafi verið tekið af lífi, enda hafi sumir verið með hendur bundnar fyrir aftan bak þegar þeir voru skotnir í höfuðið.

Í tilkynningu frá samtökunum segir að hin nýju stjórnvöld í Líbíu verði að rannsaka þessar aftökur og draga morðingjana til ábyrgðar. Líbíska þjóðarráðið hefur neitað að hafa komið nálægt dauða mannanna. Human Rights Watch segir líklegt að þarna hafi verið að verki andstæðingar Gaddafís sem ekki hafi verið undir stjórn ráðsins. Hótelið þar sem líkin fundust hafi verið undir stjórn uppreisnarmanna frá Misrata. „Sönnunargögnin benda til þess að mörg fórnarlambanna hafi verið skotin þegar þau voru fangar,“ segir í tilkynningu samtakanna, en rúm vika er sögð frá því að aftökurnar áttu sér stað.

Samtökin hafa einnig greint frá því að 95 manns hafi fundist látnir á sama stað og Gaddafí var handsamaður. Fleiri mannréttindasamtök hafa greint frá mannréttindabrotum bæði af hendi stuðningsmanna Gaddafís og andstæðinga.

Í gærkvöldi bárust fréttir af því að jarða ætti Gaddafí og einn sona hans með leynd í dag.



**FALLINN LEIÐTOGI** Lík Gaddafís hefur verið geymt á dýnu í frystigeymslu í Misrata. Lík 53 stuðningsmanna hans fundust á hóteli í borginni Sirte. NORDICPHOTOS/AFP

- þeb / sjá síðu 8

# Orkulykillinn

## setur upp slaufu
## ... bleika slaufu




Orkan styrkir átakið Bleiku slaufuna, baráttu gegn krabbameinum hjá konum.

Á völdum bensínstöðvum **Shell** og **Orkunnar** getur þú keypt upphleyptan límmiða með bleiku slaufunni til að líma á Orkulykilinn þinn. **Orkan styrkir Krabbameinsfélagið um 1.000 kr.** fyrir hvern seldan límmiða með bleiku slaufunni.

**Verð fyrir límmiða = 500 kr.**
**Styrkur Orkunnar = 1.000 kr.**
**Krabbameinsfélagið fær = 1.500 kr.**

**Orkulykillinn verður óneitanlega virðulegri með slaufu.**

### Hvernig nálgast þú miðann?

- Núverandi viðskiptavinir Orkunnar geta keypt límmiðann á völdum bensínstöðvum **Orkunnar** og **Shell** og veitingasölum **Stöðvarinnar** eða sent okkur tölvupóst á **orkan@orkan.is**
- Nýir viðskiptavinir geta sótt um lykil og beðið um að lykillinn verði sendur heim með límmiðanum á. Skrifið **„Slaufa/merki“** í reitinn **Hópur**. Þá myndast 500 kr. krafa í heimabankanum.

### Sölustaðir límmiðans

Orkan/Stöðin Reykjavíkurvegi
Orkan Dalvegi (í verslun 10-11)
Orkan Gylfaflöt
Orkan/Stöðin Miklubraut
Orkan Suðurströnd
Orkan/Stöðin Skagabraut
Shell/Stöðin Garðabæ
Shell/Stöðin Hagasmára
Shell/Stöðin Birkimel
Shell/Stöðin Suðurfelli
Shell/Stöðin Vesturlandsvegi

ORKAN
AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGRI!

ENNEMM / SIA / NM46422

## GENGIÐ 24.10.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 114,74 | 115,28 |
| Sterlingspund | 182,64 | 183,52 |
| Evra | 158,60 | 159,48 |
| Dönsk króna | 21,299 | 21,423 |
| Norsk króna | 20,588 | 20,710 |
| Sænsk króna | 17,401 | 17,503 |
| Japanskt jen | 1,5062 | 1,5150 |
| SDR | 181,24 | 182,32 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
214,0103
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fjórtán verslunareigendur ósáttir við framgöngu bankans í málefnum Pennans:

# Ætla að höfða mál gegn Arion banka

**VIÐSKIPTI** Fjórtán verslunareigendur og húsgagnaframleiðendur ætla í mál við Arion banka vegna Pennans. Penninn, sem er að fullu í eigu Arion banka, tapaði samtals rúmum milljarði króna í fyrra og árið á undan, en Arion banki hefur sett á annan milljarð króna í formi lána og hlutafjáraukningar í félagið.

Skúli Rósantsson, eigandi Casa húsgagnaverslunar, er einn þeirra sem ætla í mál, og hann sakar bankann um óeðlilega viðskiptahætti.

„Þetta er eitthvað sem ekki er lengur hægt að bjóða okkur upp á. Að Arion banki og þetta gæluverkefni Höskuldar bankastjóra sé búið að setja 1,7 milljarða króna í andvana fyrirtæki á tveimur og hálfu ári. Þetta er með ólíkindum,“ segir Skúli.



**HÚSNÆÐI PENNANS** Penninn hefur tekið þetta húsnæði við hliðina á Casa á leigu og hyggst opna húsgagnverslun.

Penninn hefur nú tekið á leigu stórt húsnæði við hliðina á Casa og hyggst opna þar húsgagnaverslun. Skúli segir þetta ólíðandi vinnubrögð. „Það er næsta skref hjá okkur að hjóla í Samkeppniseftirlitið, því þeir virðast ekki vera að gera neitt og leggja blessun sína yfir það sem bankinn gerir og bankinn virðist hafa leyfi til að gera hvað sem er.“ **- þþ**

Heimsmeistaramót í bridge:

# Íslenska landsliðið úr leik

**ÍÞRÓTTIR** Íslenska landsliðið í brigde tapaði fyrir því hollenska í átta liða úrslitum á heimsmeistaramótinu í gær.

Íslendingar náðu þó sigri í tveimur spilalotum af þremur í gær. Þeir hafa jafnframt náð markmiði sínu, sem var að komast í hóp átta bestu landsliðanna.

Jón Baldursson, Þorlákur Jónsson, Aðalsteinn Jörgensen, Bjarni Einarsson, Magnús Magnússon og Sigurbjörn Haraldsson spiluðu fyrir Íslands hönd en Björn Eysteinsson var fyrirliði. **- þeb**



**Í LAXÁ Á ÁSUM** Nýtt veiðihús verður reist við ána.

Breytingar við dýra veiðiá:

# Risaveiðihús við Laxá á Ásum

**STANGVEIÐI** Til stendur að reisa allt að 328 fermetra veiðihús við Laxá á Ásum í Húnavatnssýslu. Þó að veiði í Laxá hafi dalað nokkuð er áin ein sú dýrasta á landinu.

Fram til þessa hefur aðeins verið veitt á tvær stangir í ánni og ætti því að verða rúmt um gesti í nýja veiðihúsinu sem í fyrsta áfanga verður þó aðeins 192 fermetrar. Bæjarstjórn Blönduóss hefur samþykkt að úthluta veiðifélagi Laxár lóð undir veiðihúsið í landi Hnjúka og gefið byggingarleyfi fyrir fyrsta áfanga hússins. **- gar**

## BANDARÍKIN

### 130 handteknir

Lögreglan í Chicago handtók 130 mótmælendur í gær sem neituðu að yfirgefa útivistarsvæði í borginni. Alls voru um eitt þúsund mótmælendur á staðnum. Mótmælin í Chicago eru í takt við þau sem byrjuðu á Wall Street fyrir nokkrum vikum.

## LEIÐRÉTT

Sýning í Safnahúsinu á Ísafirði er um Kristínu Ólafsdóttur sem fyrst kvenna á Íslandi lauk námi í læknisfræði. Nafn hennar var misritað í blaðinu í gær. Beðist er velvirðingar á þeim mistökum.

Ranghermt var í umfjöllun um tónleikaröð Karlakórs Hreppamanna í tilefni af 200 ára afmæli Franz Liszt að tónleikarnir í Selfosskirkju væru á morgun. Þeir tónleikar verða miðvikudaginn 2. nóvember.

# Flæðir yfir hálendið og friðlýstar perlur

**Lúpína hefur myndað varanlega stofna allvíða á hálendinu. Sama vandamál er komið upp á friðlýstum svæðum. Notkun framandi tegunda er bönnuð á þessum svæðum. Hálendið er í forgangi við að hamla frekari útbreiðslu.**

**NÁTTÚRA** Skráning Náttúrufræðistofnunar (NÍ) og Landgræðslu Íslands (LÍ) sýnir að lúpína hefur tekið sér varanlega bólfestu á stórum svæðum á hálendinu og í helstu náttúruperlum Íslands sem hafa verið friðlýstar. Forgangsmál er að stemma stigu við útbreiðslu lúpínu á hálendinu.

Notkun framandi jurtategunda er bönnuð á Íslandi ofan 500 metra hæðar yfir sjó. Skráning á útbreiðslu þeirra sýnir hins vegar að lúpínu er að finna á 43 reitum á hálendinu sem hver um sig eru 500 sinnum 500 metrar að stærð. Samsvarandi tölur fyrir friðlýst svæði í landinu eru 118 reitir og hraun frá sögulegum tíma 120 reitir. Notkun framandi tegunda er bönnuð á öllum þessum svæðum.

Jón Gunnar Ottósson, forstjóri NÍ, segir að ef ekki verði brugðist við án tafar sé ljóst að umfang vandans verði meira en ráðið verði við. Hann starfar í nefnd á vegum umhverfisráðuneytisins sem undirbýr aðgerðir til að stemma stigu við útbreiðslu lúpínunnar. Nefndin, sem kemur saman á morgun, skilaði umfangsmikilli skýrslu til ráðherra í apríl í fyrra. Þá var boðað að ráðist yrði gegn útbreiðslu lúpínu með skipulögðum hætti. „Forgangurinn er á hálendið núna,“ segir Jón Gunnar spurður um áherslur nefndarinnar.

Jón Gunnar segir það talið víst að útbreiðslan sé miklum mun meiri en skráning svæða segir til um, eins og kemur jafnframt fram í nýútkominni Hvítbók um náttúruvernd, þar sem sérstaklega er fjallað um lúpínuna sem aðsteðjandi hættu í náttúru Íslands.

Nú er svo komið að lúpína vex víða á láglendi þar sem land er friðað eða sauðfjárbeit lítil, en einkum þó við þéttbýli og á skógræktar- og landgræðslusvæðum. Hefur útbreiðsla hennar stóraukist eftir 1990 en hún var upphaflega flutt hingað til lands um aldamótin 1900.

Í skýrslu lúpínunefndarinnar segir að það sé brýnt að lágmarka það tjón sem lúpína, og aðrar óæskilegar tegundir, hafa á líffræðilega fjölbreytni og önnur náttúruverðmæti. Hins vegar verður lúpínan áfram mikilvæg jurt í landgræðslu og forræktun fyrir skógrækt á rýrum svæðum enda þekkt að lúpína hefur verið notuð mikið til landgræðslu og vegna skógræktar með góðum árangri. **svavar@frettabladid.is**



**ÚTBREIÐSLUKORT LÚPÍNU** Í skýrslu lúpínunefndarinnar er útbreiðslan sýnd í 10x10 kílómetra reitum árin 2009 og 2010, eftir endurmat. Myndin sýnir að landnám jurtarinnar nær til alls landsins í meiri eða minni mæli.

### Framandi ágeng plöntutegund

Lúpína er skilgreind sem framandi ágeng plöntutegund sem getur valdið verulegum breytingum á vistkerfum þar sem hún vex og ógnar því líffræðilegri fjölbreytni á hverjum stað. Nokkrar slíkar tegundir plantna vaxa hér en af þeim er lúpínan talin mesti vágesturinn.



**STÚLKAN** Litla stúlkan skömmu áður en vöruflutningabíll ók yfir hana. MYND/AP

Ekið á litla stúlku í Kína:

# Tveir ökumenn handteknir

**PEKING, AP** **Lögreglan í Kína hefur handtekið tvo ökumenn sem eru grunaðir um að hafa ekið yfir tveggja ára stúlku. Atvikið átti sér stað á fjölfarinni götu í suðurhluta Kína fyrir nokkru. Um langa hríð hafði enginn afskipti af stúlkunni sem lá á götunni, en hún lést viku síðar.**

**Dauði stúlkunnar vakti mikla athygli í kínverskum fjölmiðlum, sem sögðu atvikið bera vott um dvínandi náungakærleik í landinu. Í sjö mínútur eftir að fyrri bíllinn ók á stúlkuna gengu eða hjóluðu átján manns framhjá án þess að veita henni athygli.** **- fb**

Viðræður án árangurs:

# Ekki samið við tannlækna

**HEILBRIGÐISMÁL** Samningar milli Sjúkratrygginga Íslands og tannlækna hafa ekki tekist.

Í ágúst síðastliðnum kvaðst forstjóri Sjúkratrygginga vona að takast myndi að landa rammasamningi við tannlækna í september.

Nú standa hins vegar yfir viðræður við þá tannlækna sem þátt tóku í átaki velferðarráðuneytisins í sumar um gjaldfrjálsar tannlækningar fyrir börn tekjulágra.

Viðræðurnar snúast um að þeir ljúki þeim skoðunum og viðgerðum sem ekki tókst að klára í sumar. **- ibs**






## VEÐURSPÁ



**Snjólaug Ólafsdóttir** veðurfréttamaður

**VÆTUSAMIR DAGAR** Úrkoma í kortunum en ekkert regnhlífarveður því það verður strekkingur á köflum. Slydda eða snjókoma N-til í dag í fyrstu. Hlýnar þó í veðri og hiti 5-10 stig á morgun.



**Á MORGUN** 8-13 m/s SV- og V til, annars hægari.

**FIMMTUDAGUR** Víða fremur hægur vindur.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 24° |
| Basel | 12° |
| Berlín | 11° |
| Billund | 10° |
| Frankfurt | 11° |
| Friedrichshafen | 12° |
| Gautaborg | 10° |
| Kaupmannahöfn | 11° |
| Las Palmas | 26° |
| London | 15° |
| Mallorca | 21° |
| New York | 17° |
| Orlando | 26° |
| Ósló | 8° |
| París | 15° |
| San Francisco | 21° |
| Stokkhólmur | 10° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Brynja Gunnarsdóttir *brynjag@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is




# MILLJÓNA VELTAN

Nú er vinningurinn **70 milljónir** á einn miða!
Í hverri **Milljónaveltu** drögum við að auki út **5 stakar milljónir** aðeins úr seldum miðum. **Vertu með!**

Vinningurinn í Milljónaveltunni **hefur aldrei verið hærri**.
Nú hlýtur að vera komið að þér!

## EINN MIÐI TVEIR LEIKIR

í mánuði, fyrir aðeins 1.100 krónur

**Aðalútdráttur**
hefur aldrei verið glæsilegri!

Vinningshafar eru um 3.000
í hverjum mánuði.




**Tryggðu þér miða á www.hhi.is, í síma 800 66 11
eða hjá næsta umboðsmanni.**

PIPAR\TBWA • SÍA • 112925

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
VÆNLEGAST TIL VINNINGS

HÁSKÓLI ÍSLANDS 1911-2011

Háskóli Íslands fagnar nú hundrað ára afmæli sínu. Happdrættið er í eigu Háskóla Íslands og öllum hagnaði af rekstri þess hefur frá upphafi verið varið til uppbyggingar hans.

## KJÖRKASSINN



*Verður Manchester City enskur meistari í vor?*

| | |
|---|---|
| Já | 33,4% |
| Nei | 66,6% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Ert þú hlynnt(ur) því að tekinn verði upp sykurskattur til að vinna gegn offitu?*

Segðu þína skoðun á vísir.is. VÍSIR

Formaður utanríkismálanefndar var á fundi um norðurslóðir í Síberíu:

# Reglur settar um siglingar við Ísland

**UTANRÍKISMÁL** Árni Þór Sigurðsson, formaður utanríkismálanefndar Alþingis, hefur ásamt átta þingmönnum úr fjórum flokkum lagt fram tillögu um að Alþingi feli innanríkisráðherra að semja reglur um siglingaleiðir við norðan- og vestanvert landið. Verkið verði unnið í samvinnu við umhverfisráðherra og utanríkisráðherra.

Tillagan var tekin fyrir í umhverfis- og samgöngunefnd á dögunum. Árni Þór segir að aukning flutningar á norðurslóðum, sem tengjast loftslagsbreytingum, séu hvatinn að tillögunni. Ekki síst sé horft á opnun skipaleiða fyrir norðan Rússland, en þær muni hafa í för með sér aukna skipaumferð við Ísland.



ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON

Settar voru reglur um siglingaleiðir fyrir austan- og sunnanvert land fyrir nokkrum árum og Árni Þór segir tillöguna nú framhald á þeirri vinnu. Tillagan var fyrst lögð fram í mars 2008, en fékkst ekki tekin til umræðu.

„Þetta er ekki síst mikilvægt umhverfis- og öryggismál. Þetta er náttúrulega alþjóðlegt hafsvæði og ekki hægt að banna skipaumferð. En það er hægt að setja reglur og leita alþjóðlegrar viðurkenningar á þeim, eins og gert er ráð fyrir í tillögunni.“

Árni Þór var í Síberíu í síðustu viku og hélt erindi á ráðstefnu um samstarf Íslands og Rússlands á norðurslóðum. **- kóp**

Úrslit í Túnis ljós í dag:

# Sigur blasir við flokki íslamista

**TÚNIS, AP Fyrstu tölur úr kosningunum í Túnis á sunnudag benda til þess að flokkur íslamista, Ennada, hafi unnið verulegan sigur. Flokkurinn hefur ekki boðað harðlínustefnu heldur heitir því að virða lýðræði og mannréttindi.**

**Reiknað er með að síðdegis í dag verði endanleg úrslit kosninganna orðin ljós, en þetta voru fyrstu frjálsu kosningarnar í Túnis eftir að Zine el Abidine Ben Ali forseti var hrakinn frá völdum í janúar.** **- gb**


Sambúð eða hjónaband - hver er munurinn?

1911 2011

LAGADEILD

**Miðvikudagurinn 26. október kl. 12:00-13:30**
**Stofa 101 Lögbergi**
Í boði Lagadeildar



Hrefna Friðriksdóttir



Páll Sigurðsson

**Hrefna Friðriksdóttir**, dósent við lagadeild HÍ.

Hér verða kynntar helstu niðurstöður spurningakönnunar sem lögð var fyrir í samstarfi við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Leitast var við að kanna þekkingu fólks á réttarstöðunni í óvígðri sambúð.

Fundarstjóri: **Páll Sigurðsson**, prófessor við lagadeild HÍ

**Allir velkomnir, aðgangur ókeypis**

HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ
1911-2011


# Stjórnin hætt vegna afskipta þingmanna

**Mikil gagnrýni á ráðningu Páls Magnússonar í forstjórastól Bankasýslu ríkisins varð til þess að stjórn stofnunarinnar sagði af sér. Tiltekur sérstaklega viðbrögð alþingismanna. Fjármálaráðherra segist ekki hafa komið nálægt ákvörðuninni.**

**STJÓRNSÝSLA** Stjórn Bankasýslu ríkisins sendi í gær bréf til Steingríms J. Sigfússonar fjármálaráðherra þar sem hún óskar eftir lausn frá störfum. Í yfirlýsingu stjórnarmannanna þriggja segja þeir að utanaðkomandi afskipti af ráðningu Páls Magnússonar í forstjórastól stofnunarinnar hafi gert þeim ókleift að starfa áfram.



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON



HELGI HJÖRVAR

Mjög hefur verið deilt um ráðningu Páls í stöðuna. Þannig sagði Helgi Hjörvar, formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, til dæmis á Alþingi að hún væri hneyksli og vísaði meðal annars til þess að Páll hefði, sem aðstoðarmaður Valgerðar Sverrisdóttur viðskiptaráðherra, komið að einkavæðingu bankanna á sínum tíma.

Stjórnarmennirnir þrír ítreka í yfirlýsingu sinni að ráðningin hafi verið fagleg og að allir sem að ferlinu hafi komið hafi verið sammála um að Páll hafi borið af öðrum umsækjendum.

„Stjórn Bankasýslunnar hefur aldrei litið svo á að ákvarðanir hennar væru hafnar yfir gagnrýni. Í áðurnefndri umræðu hefur hins vegar verið vegið að trúverðugleika Bankasýslunnar og friður rofinn um starfsemi hennar.



**EKKI ALLRA** Páll Magnússon er maðurinn sem öll deilan snýst um. Hann hefur hins vegar ekkert viljað tjá sig um málið til þessa. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Viðbrögð alþingismanna benda til þess að erfitt verði fyrir stofnunina að starfa með eðlilegum hætti að þeim mikilvægu og vandasömu verkefnum sem henni er ætlað að sinna og framundan eru,“ segir í yfirlýsingunni.

Bankasýslan heyrir undir fjármálaráðherra. Steingrímur J. Sigfússon kveðst harma ákvörðunina. „Mér þykir miður að þau skuli telja sig þurfa að gera þetta en ég geri ekki ráð fyrir öðru en að við virðum þeirra niðurstöðu.“ Næsta skref sé að skipa Bankasýslunni nýja stjórn sem geti komið til starfa sem fyrst.

Steingrímur segir að einu samskiptin sem hann hafi átt við stjórnina vegna málsins hafi verið þegar hann óskaði eftir rökstuðningi og upplýsingum um ráðninguna. „Síðan hafa auðvitað verið óformleg samskipti, aðallega á milli stjórnarformanns og ráðuneytisstjóra, en það hefur eingöngu verið til að fylgjast með því hvernig málið þróaðist. Ég hef engin afskipti haft af því og allra síst af þessari ákvörðun þeirra,“ segir Steingrímur.

Spurður hvort hann telji að menn hafi farið yfir strikið með ummælum sínum um ráðninguna segir Steingrímur að slíkar hugleiðingar hafi litið upp á sig. „Ég get auðvitað ekki borið ábyrgð á yfirlýsingum annarra eða stórum orðum sem einhverjir aðrir hafa látið falla. Þvert á móti hef ég reynt að hafa alla umfjöllun um þetta yfirvegaða af minni hálfu til að það væri hægt að vinna úr málum.“

Ekki náðist í gær í Pál Magnússon, sem að óbreyttu tekur fljótlega við starfi forstjóra Bankasýslunnar.

**stigur@frettabladid.is**




Ríkisendurskoðun vinnur að úttekt á þjónustusamningum ráðuneytanna:

# Skoðað hvort ákvæðum sé fylgt

**STJÓRNSÝSLA** Ríkisendurskoðun vinnur nú að úttekt á öllum bindandi þjónustusamningum ráðuneytanna, sem eru rúmlega 140 talsins. Búið er að kalla eftir frekari upplýsingum og svörum frá fimm ráðuneytum og hafa þrjú svarað: mennta- og menningarmálaráðuneyti, velferðarráðuneyti og forsætisráðuneyti.

Með úttektinni er meðal annars verið að leitast við að sjá hve mikið er um að greitt sé eftir útrunnum samningum, hvernig hlutverk verkkaupa er skilgreint, hvernig ráðuneytin sinna hlutverki sínu sem verkkaupi og hvernig eftirliti þeirra með stofnunum sínum og þeim samningum sem þær gera er háttað.

**Stærstu samningar þeirra ráðuneyta sem hafa svarað**

| | |
|---|---|
| **Mennta- og menningarmálaráðuneyti - 63 þjónustusamningar** | |
| Háskólinn í Reykjavík | 2 milljarðar króna |
| Tækniskólinn | 1,6 milljarðar króna |
| Fræðslumiðstöð atvinnulífsins | 700 milljónir króna |
| **Velferðarráðuneyti - 44 þjónustusamningar** | |
| Öldrunarþjónusta í Akureyrarbæ | 1,4 milljarðar króna |
| Reykjalundur | 1,4 milljarðar króna |
| Heimahjúkrun á höfuðborgarsvæði | 920 milljónir króna |
| SÁÁ | 655 milljónir króna |
| **Forsætisráðuneyti - 1 þjónustusamningur** | |
| Vesturfarasetrið á Hofsósi | 28 milljónir króna |

Í tilkynningu frá Ríkisendurskoðun segir að stofnunin hafi oft og tíðum orðið þess áskynja að unnið hafi verið árum saman samkvæmt útrunnum samningum og eins hafi verið misbrestur á því að fylgt hafi verið eftir ákvæðum þeirra.

Þau ráðuneyti sem hafa enn ekki svarað Ríkisendurskoðun eru iðnaðarráðuneytið og innanríkisráðuneytið. **- sv**




## Audi Q7 4,2 S-line
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 60.000 km, sjálfskiptur
Loftpúðafjöðrun, dráttarkrókur, sólþak panorama, 7 manna, bakkmyndavé, Bose surround sound system, Bluetooth símkerfi o.fl.

Ásett verð
**7.990.000,-**

# NÝLEGIR GÆÐABÍLAR Á GÓÐU VERÐI

Komdu til okkar á **Laugaveg 174** og prófaðu einn af gæðingunum í notuðum bílum. Sölumenn taka vel á móti þér!



**MM Pajero** 3.2 Instyle
Árgerð 2008, dísel
Ekinn 76.000 km,sjálfsk.
Ásett verð
**6.560.000,-**



**Hyundai i30**
Árgerð 2010, bensín
Ekinn 44.000 km, beinsk.
Ásett verð
**2.090.000,-**



**Toyota Yaris**
Árgerð 2010, bensín
Ekinn 41.500 km, beinsk.
Ásett verð
**1.990.000,-**



**MMC Lancer** Intense
Árgerð 2009, bensín
Ekinn 41.000 km, beinsk.
Ásett verð
**2.690.000,-**



**Toyota** Land Cruiser
Árgerð 2008, dísel
Ekinn 81.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
**6.590.000,-**



**VW Polo** Comfort. 1.4
Árgerð 2010, bensín
Ekinn 32.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
**2.190.000,-**



**Nissan Navara**
Árgerð 2007, dísel
Ekinn 92.500 km, sjálfsk.
Ásett verð
**3.590.000,-**



**VW Polo** TDi Trendline
Árgerð 2008, dísel
Ekinn 44.000 km, beinsk.
Ásett verð
**1.580.000,-**



**VW Sharan** TDi
Árgerð 2007, dísel
Ekinn 87.000 km, beinsk.
Ásett verð
**2.990.000,-**



**Volkswagen Jetta**
Árgerð 2009, bensín
Ekinn 56.500 km, beinsk.
Ásett verð
**2.350.000,-**



**Toyota** Corolla
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 65.000 km, beinsk.
Ásett verð
**2.180.000,-**



**Toyota** Land Cruiser 100
Árgerð 2004, bensín
Ekinn 85.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
**4.690.000,-**

HEKLA **NOTAÐIR BÍLAR**

**Komdu og skoðaðu úrvalið!**
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

**Kíkið inná:**
heklanotadirbilar.is

**VEISTU SVARIÐ?**



1 Fyrir hvaða samtök hefur Ingibjörg Sólrún Gísladóttir brátt störf í Afganistan?

2 Hvað heitir plata Lou Reed og Metallica?

3 Hver var endurkjörinn varaformaður Samfylkingarinnar um helgina?

**SVÖR**

1 UN Women. 2 Lulu. 3 Dagur B. Eggertsson.

Hagfræðingurinn Paul Collier um stöðu Íslands í þróunarsamvinnumálum:

# Gæti gegnt mikilvægu ráðgjafarhlutverki

**ÞRÓUNARAÐSTOÐ** Hagfræðingurinn Paul Collier, sem hefur helgað sig rannsóknum á þróunarríkjum og þróunaraðstoð, segir Ísland geta gegnt mikilvægu hlutverki á sviði þróunaraðstoðar.

Collier hélt vel sóttan fyrirlestur í Öskju fyrir helgi, sem var í tilefni af 40 ára afmæli íslenskrar þróunarsamvinnu. Eftir fundinn sagði hann í viðtali við Fréttablaðið að mörg þróunarlandanna bæru svipuð einkenni og Ísland á árum áður.

„Þau eru mörg hver smá, afskekkt, hafa gengið í gegnum efnahagsáföll og eru oftar en ekki auðug af náttúruauðlindum. Ég hefði þess vegna getað verið að lýsa Íslandi, en munurinn er að þið hafið barist frá fátækt upp í velmegun, andstætt hinum löndunum. Það gefur ykkur trúverðuga rödd í samskiptum við þessi ríki," sagði Collier.

Við það bætist, að sögn Colliers, að þau ríki sem helst standa höllum fæti, en eru að reyna að vinna sig upp, leita síður til stærri ríkja á alþjóðasviðinu.

„Löndin á botninum eru mun viljugri til að læra af ykkur en frá fyrrverandi nýlenduveldum eða risaveldunum á heimsvísu. Til dæmis hafa fimmtíu þróunarlönd leitað til Noregs vegna ráðgjafar um umsýslu alþjóðlegra eigna. Það er miklu ásættanlegra en að leita til Bandaríkjanna um svipuð mál. Þess vegna gæti Ísland með öllum sínum kostum og göllum verið góð fyrirmynd fyrir mörg lönd sem hafa nýlega öðlast meiri velmegun." - þj



**MIKILVÆGI ÍSLANDS** Paul Collier segir þróunarlönd geta lært mikið af uppgangi Íslands úr fátækt til velmegunar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**SJÓBLEIKJA** Skemmtilegur veiðifiskur og frábær matfiskur.

Sjóbleikjuveiði fyrir norðan:

## Útboð í Fljótum á Flókadalsánni

**VEIÐI** Efra veiðisvæðið í Flókadalsá í Fljótum hefur verið auglýst til leigu að því er segir á angling.is. Kemur fram að Veiðimálastofnun hafi fyrst árið 2010 sundurgreint afla á þessari veiðislóð. Þá hafi veiðst 646 bleikjur.

„Þarna er fyrst og fremst um sjóbleikjusvæði að ræða og má veiða með þremur stöngum í senn. Svæðið nær neðan frá Flókadalsvatni og fram að afréttargirðingu," segir á angling.is. Frestur til að skila tilboðum til Veiðifélagsins Flóka rennur út 17. nóvember. - gar

Wikileaks hægir á sér:

## Einbeita sér að fjáröflun í bili

**BRETLAND, AP Julian Assange, forsprakki lekasíðunnar Wikileaks, segir að starfsemi hennar sé í hættu vegna fjárskorts. Takist ekki að bæta úr því fyrir áramót sé ekki grundvöllur fyrir frekari starfsemi.**



JULIAN ASSANGE

**Vandinn stafar af því að fjármálafyrirtæki á borð við Visa, Mastercard og PayPal hættu fyrirvaralaust að taka við söfnunarfé til Wikileaks, sem átti að standa undir starfseminni.**

**Birtingu gagna hefur því verið hætt í bili og öll áhersla lögð á fjáröflun næstu mánuðina.** - gb



**LÍBÍSK BÖRN** Auðæfi Gaddafís nema 3,5 milljónum króna á hvert mannsbarn í landinu, samtals um það bil 23 milljörðum króna. NORDICPHOTOS/AFP

# Gaddafí var líklega ríkasti maður heims

**Múammar Gaddafí átti meiri eignir en þrír ríkustu menn heims eiga sameiginlega, reynist fyrstu útreikningar réttir. Dulið fé á reikningum, húseignir og hlutabréf fyrir tugi milljarða dala hafa skotið upp kollinum við rannsókn.**

**LÍBÍA** Þeir þrír menn sem taldir hafa verið ríkastir í heimi, Carlos Slim Helu, Bill Gates og Warren Buffett, eiga samkvæmt tímaritinu Forbes samtals 180 milljarða dala.

Múammar Gaddafí átti hins vegar 200 milljarða dala þegar hann var drepinn í Líbíu á fimmtudaginn var, reynist útreikningar þeirra sem teknir eru til við að skoða málið réttir. Þetta jafnast á við 23 þúsund milljarða króna.

Auðæfi sín geymdi Gaddafí að hluta á bankareikningum víða um heim, en hafði einnig fest þau að stórum hluta í fasteignum og fyrirtækjum af ýmsu tagi.

Nú þegar hann er látinn kemur í fyrsta sinn í ljós hversu mikil þau voru orðin. Og heildarupphæðin hefur komið verulega á óvart.

Íbúar Líbíu eru 6,6 milljónir. Gaddafí hafði því tekið frá fyrir sjálfan sig 30 þúsund Bandaríkjadali fyrir hvern einasta íbúa landsins, eða sem svarar um það bil þremur og hálfri milljón króna. Þriðjungur landsmanna býr við fátækt samkvæmt skilgreiningu Sameinuðu þjóðanna.

Bráðabirgðastjórn byltingarmanna í Líbíu á þó ekki auðvelt með að koma höndum yfir þetta fé, enda hefur öllum refsiaðgerðum gegn Gaddafí enn ekki verið létt. Þær fólust meðal annars í því að eignir hans erlendis voru frystar.

Bæði Bandaríkin, Evrópusambandið og Sameinuðu þjóðirnar hafa lýst því yfir að frystingu verði aflétt hið fyrsta svo ný stjórnvöld í landinu geti fengið þetta fé til umráða.

Sameinuðu þjóðirnar hafa samt aðeins aflétt frystingu af 1,5 milljarði dala, sem geymdir voru á bankareikningum í Bandaríkjunum. Helmingur þess fjár hefur þegar verið greiddur út af reikningunum.

Tekjur Líbíu hafa einkum komið af olíusölu en Gaddafí hefur að auki óspart notað það fé, sem hjálparsamtök og alþjóðastofnanir veittu í efnahagsaðstoð af ýmsu tagi, til eigin nota og í þágu fjölskyldu sinnar. Aðstoð við íbúa landsins sat því á hakanum, einkum aðstoð við íbúa í austurhluta landsins sem jafnan hafa verið heldur andsnúnari stjórn hans en íbúar vesturhlutans.

Áður en Gaddafí hraktist frá völdum var vitað um ríflega hundrað milljónir dala, sem stjórnvöld í Bandaríkjunum, Ítalíu, Frakklandi, Englandi og Þýskalandi höfðu fryst.

Þegar farið var að athuga fjárreiður Gaddafís komu tugir milljarða í ljós sem geymdir voru í flestum stærri löndum heims, þar á meðal í flestum löndum Mið-Austurlanda og Suðaustur-Asíu.

gudsteinn@frettabladid.is

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu rannsakar misþyrmingar á hryssum:

## Áríðandi að tilkynna níðið strax

**LÖGREGLUMÁL** „Það er gríðarlega mikilvægt að fólk hafi strax samband við lögreglu, sé minnsti grunur um að hryssum hafi verið misþyrmt." Þetta segir Árni Þór Sigmundsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Fjórða málið þar sem níðst hefur verið á hryssum með því að skera í kynfæri þeirra kom upp í síðustu viku, eins og Fréttablaðið greindi frá. Það var kært til lögreglu eins og gert var í fyrri tilvikum. Í síðasta skiptið var um að ræða hryssu sem var misþyrmt í hesthúsi á Kjóavöllum.



**HROSS** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu rannsakar tvö dýraníðsmál.

Árni Þór segir að lögreglan á höfuðborgarsvæðinu vinni að rannsókn þessa máls, sem og málsins sem kom upp í síðasta mánuði þegar þrjár hryssur í beitarhólfi í Kjós reyndust vera illa útleiknar eftir að eggvopni hafði verið beitt á kynfæri þeirra.

„Telji fólk sig sjá merki um áverka á hryssum er afar mikilvægt að lögregla geti komið strax á staðinn, ekki nokkrum klukkustundum eða sólarhringum síðar, og séð hvort um einhver verksummerki sé um að ræða. Því er afar áríðandi að fólk bíði ekki með tilkynninguna því ummerki á vettvangi myndu geta leitt lögreglu áfram og sammerkt fleiri en einn stað ef til þess kemur." - jss



# SÍÐUSTU DAGAR
## sláturmarkaðarins!



ÓDÝRT OG GOTT!
Keppurinn á ca. 90 kr.

síðustu forvöð!

# SLÁTUR MARKAÐUR

í Hagkaup SMÁRALIND

Sláturmarkaðinum lýkur 29. október

Afgreitt frá kl. 14 - 18

Smáralind

# ÓDÝRT Í HAGKAUP



**Sérvalinn og snyrtur**
**½ lambaskrokkur**
100% nýting engin slög

- Heilt lambalæri
- 1/2 hryggur, sagaður í kótilettur
- Frampartur sagaður
- Súpukjöt

30% afsláttur við kassa

**1098**kr/kg ~~1568kr/kg~~

**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

24 Hagkaup

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Tölvunámskeið fyrir heldri borgara 60+



»Grunnnámskeið

30 kennslustd. tölvunámskeið fyrir algjöra byrjendur 60+.
Hæg yfirferð með reglulegum endurtekningum í umsjá þolinmóðra kennara. Ritvinnsla, internetið og tölvupóstur.

- Hefst 2. nóv. og lýkur 23. nóv.

Kennt er mánud. og miðvikud. kl. 13-16. Verð kr. 25.000,- (kennslubók á íslensku innifalin)

»Framhald

30 kennslustd. námskeið. Hentar þeim sem lokið hafa grunnnámskeiðinu eða hafa sambærilega undirstöðu.

- Hefst 3. nóv. og lýkur 24. nóv.

Kennt er þriðjud. og fimmtud. kl. 13-16. Verð kr. 25.000,- (kennslubók á íslensku innifalin)

»Stafrænar myndavélar 60+

Fyrir þá sem hafa lokið framhaldsnámskeiðinu eða hafa sambærilega undirstöðu.
Þátttakendur nota eigin myndavél og læra notkun og stillingu hennar ásamt meðferð stafrænna ljósmynda í tölvu. M.a. færa myndir úr myndavél í tölvu, flokkun, einfaldar lagfæringar, prentun og sendingar mynda í tölvupósti.

- Námskeiðið hefst 1. nóv. og lýkur 10. nóv.

Lengd námskeiðs 18 kennslustd. Verð kr. 18.000,- (Kennsluhefti innifalið)

PROMENNT

Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550
promennt@promennt.is • www.promennt.is


Þrítug kona skipulagði og fjármagnaði ferð tveggja burðardýra til Spánar:

# Hlaut 15 mánaða dóm fyrir smygl

**DÓMSMÁL** Tæplega þrítug kona hefur verið dæmd í fimmtán mánaða fangelsi fyrir að skipuleggja og fjármagna smygl á tæplega 500 grömmum af kókaíni til landsins. Tvö burðardýr, sem hún útvegaði til verksins, voru dæmd í tíu og átta mánaða skilorðsbundið fangelsi. Efnið sem þau fluttu til landsins var sterkt og hefði mátt framleiða úr því rúmlega tvö kíló af kókaíni, að því er fram kemur í dómnum.

Burðardýrin tvö, rúmlega tvítug kona og karlmaður á fertugsaldri, voru stöðvuð í Leifsstöð í ágúst á síðasta ári. Þau voru þá að koma frá Alicante á Spáni. Maðurinn reyndist vera með rúm 160 grömm af kókaíni innvortis og konan með afganginn, sumt innvortis en hluta innanklæða. Þau játuðu sök.



**KÓKAÍNPAKKNINGAR** Burðardýrin fluttu hluta efnanna innvortis til landsins.

Konan greindi frá því fyrir dómi að konan sem fékk fimmtán mánaða dóm hefði beðið sig að sækja fíkniefni út og fengi hún 100 þúsund krónur fyrir ferðina. Höfuðpaurinn, sem hún taldi vinkonu sína, hefði síðan annast skipulag ferðarinnar og fjármögnun.

Maðurinn kvaðst hafa verið í fíkniefnaskuld á þessum tíma. Hann hefði átt að fá niðurfellingu hennar og hálfa milljón fyrir ferðina. - jss



**LEITAÐ Í RÚSTUNUM** Ættingjar fylgdust með leitinni milli vonar og ótta. NORDICPHOTOS/AFP

# Dvínandi vonir um að fólk finnist á lífi

**Nokkrum var bjargað á lífi úr rústum húsa í austanverðu Tyrklandi í gær. Litlar líkur eru taldar á því að fleiri finnist á lífi, meðal annars sökum kulda. Tæplega þrjú hundruð manns eru látnir en hundraða til viðbótar er enn saknað.**

**TYRKLAND, AP** Sex manns var bjargað úr rústum húsa á jarðskjálftasvæðinu í austanverðu Tyrklandi í gær. Fjórum var bjargað úr rústum sama húss eftir að einn þeirra náði að hringja eftir hjálp úr farsíma sínum og greina frá því hvar hann var. Tveir til viðbótar fundust eftir að hafa verið grafnir undir braki í 27 klukkustundir.

Vitað var um nærri 300 látna í gær en óttast var að jarðskjálftinn á sunnudag, sem mældist 7,2 stig að styrkleika, hefði kostað allt að þúsund manns lífið. 1.300 hið minnsta eru slasaðir eftir skjálftann. Fólk reyndi að bera kennsl á ástvini sína, en líkum var raðað upp til að það væri mögulegt.

Verst varð borgin Ercis úti, en þar búa 75 þúsund manns. Um það bil 80 fjölbýlishús hrundu þar til grunna. Þar er bæði rafmagnslaust og vatnslaust en leitað var að fólki í rústum fram á nótt með hjálp rafknúinna flóðljósa.

Jarðskjálftinn reið yfir í austanverðu landinu, skammt frá landamærum Írans, en á þessum slóðum eru jarðskjálftar algengir.

Meira en 200 eftirskjálftar hafa orðið á þessum slóðum, sá stærsti um sex stig.

Björgunarsveitir hafa sett upp tjöld og neyðarskýli handa þeim þúsundum manna sem misst hafa heimili sín eða telja ekki óhætt að snúa heim aftur alveg strax. Þúsundir eyddu einnig annarri nóttinni í röð undir berum himni í köldu veðri.

Meira en tvö þúsund manns sinntu leitarstörfum í borginni og höfðu leitarhunda sér til aðstoðar.

Í borginni Van hrundu einnig margar byggingar. Forsætisráðherrann Recep Tayyip Erdogan skoðaði sig um í borginni í gær og sagði að nánast öll hús sem byggð hafi verið úr leir hefðu hrunið eða skemmst.

Rúmlega tuttugu rústabjörgunarsveitir buðu fram aðstoð sína strax á sunnudag, þar á meðal íslenska sveitin. Þá höfðu leiðtogar margra ríkja boðið fram aðstoð, en forsætisráðherra Tyrklands afþakkaði aðstoð og sagði Tyrki ráða við björgunarstörfin enn sem komið væri.

Líkurnar á því að fleiri finnist á lífi í rústunum eru litlar, meðal annars vegna kuldans.

gudsteinn@frettabladid.is
thorunn@frettabladid.is







Beiðni frá Evrópusambandinu vegna skattsvika í Grikklandi:

# Noregur aðstoði við innheimtu

**NOREGUR** Norska utanríkisráðuneytið á nú í viðræðum við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, ESB, og Grikkland um aðstoð við umbætur í stjórnsýslunni. Eitt þeirra atriða sem ríkisstjórn Georgs Papandreú þarf aðstoð við er innheimta skatts, að því er haft er eftir starfsmanni norska utanríkisráðuneytisins á fréttavef Aftenposten.

Þar er greint frá því að Grikkland sé eina ESB-ríkið þar sem gríðarlegar peningatilfærslur séu ekki skráðar. Algengt hafi verið að neytendur hafi komið með plastpoka fulla af seðlum til að greiða fyrir Porsche-bifreiðar.



**GEORG PAPANDREÚ**

Gríska ríkið hefur orðið af gríðarlegum skatttekjum, um 40 milljörðum evra á ári, samkvæmt Efnahags- og framfarastofnuninni. Sérfræðingar hafa bent á að starfsmenn skattayfirvalda séu spilltir. Oft hafi verið hægt að komast upp með skattsvik með því að stinga umslagi með peningum að starfsmönnunum.

Fréttavefur Aftenposten hefur eftir heimildarmanni innan ESB að skattkerfið í Grikklandi sé eins og það var í N-Evrópu fyrir 30 árum. Kerfið bjóði upp á spillingu.

Grísk yfirvöld eru sögð hafa reynt umbætur á kerfinu um langt skeið. Starfsmenn hafi svarað með verkföllum, haft breytingar að engu og hægt á vinnu sinni. - ibs

# 20 ára forysta í að endurvinna, endurnýta, endurmeta, endurhugsa... færir okkur skrefinu framar



Vegna villandi málflutnings um endurvinnslu úrgangs í Kastljósi 20. október sl. ítrekum við eftirfarandi staðreyndir:

1. Allur flokkaður úrgangur sem skilað er á endurvinnslustöðvar SORPU eða í grenndargáma fer í endurvinnsluferli. Þannig hefur það verið í 20 ár. Efnið er ýmist flutt út eða unnið og endurnýtt hér á landi.

2. Heildarmagn úrgangs minnkaði um 38% frá 2007 til 2009. Skoða verður fullyrðingar um minni urðun með það í huga.

3. SORPA vinnur stöðugt að nýjum aðferðum til að auka endurvinnslu og endurnýtingu. Þekkingaröflun og þróun lausna sem hafa hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi er aðalsmerki SORPU bs.
   Fyrirtækið býr yfir bestu fagþekkingu og er eina fyrirtækið hér á landi á sviði úrgangsstjórnunar sem er ISO 9001 vottað.

4. Endurvinnsluferli SORPU hefur lengi aukið umhverfisvernd og skapað tekjur, íbúum og fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu til hagsbóta með hagsmuni heildarinnar í huga. Stundargróði er ekki markmiðið.

5. Metanframleiðsla, lífræn endurvinnsla SORPU á hauggasi, sparar samfélaginu 1,5 milljón lítra af bensíni á þessu ári og minnkar útblástur gróðurhúsalofttegunda um 30 þúsund tonn af koltvísýringi. Hagkvæmari og betri endurvinnsla á lífrænum úrgangi fyrirfinnst ekki á landinu.

Fyrir hönd íbúa höfuðborgarsvæðisins hefur SORPA verið í forystu í 20 ár um ábyrga meðhöndlun úrgangs hér á landi. Gífurleg umbreyting í úrgangsmálum á ekki lengri tíma er árangur af þessari góðu samvinnu íbúanna og SORPU.

Starfsfólk SORPU vinnur með íbúunum og fagnar hverju skrefi sem færir okkur áfram í ábyrgri meðhöndlun úrgangs.
SORPA er byggðasamlag í eigu íbúanna á höfuðborgarsvæðinu.

sorpa.is

H:N markaðssamskipti / SÍA

VOTTUN HF.
IST ISO 9001

SORPA
Flokkum og skilum

20
1991–2011

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Ekki er öruggt að byltingarnar í arabaríkjunum leiði af sér frið, lýðræði og mannréttindi.

## Óviss vorkoma

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Víg Muammars Gaddafí, fyrrverandi leiðtoga Líbíu, í síðustu viku batt enda á fjörutíu og tveggja ára blóðuga harðstjórn í landinu. Að því leyti markar það kaflaskil og hefur orðið mörgum tilefni til að fagna.

Frásagnir af endalokum einræðisherrans benda hins vegar til að hann og sonur hans hafi í raun verið teknir af lífi án dóms og laga. Sama má segja um tugi stuðningsmanna Gaddafís, en lík þeirra fundust á hóteli í borginni Sirte. Enn fremur hafa borizt fréttir af grimmilegum hefndaraðgerðum gegn fólki sem talið er hafa unnið fyrir stjórn Gaddafís eða notið velvildar hans.

Þetta bendir til að annaðhvort meini nýir valdhafar í landinu ekki það sem þeir segja um að nú eigi að koma á réttarríki í Líbíu eða að þeir hafi enga stjórn á ástandinu. Hvort tveggja er áhyggjuefni. Æskilegast hefði að sjálfsögðu verið að Gaddafí og liðsmenn hans hefðu fengið sanngjörn réttarhöld.

Það er því fullkomlega réttmætt sem mannréttindasamtök, erlend ríki og alþjóðastofnanir hafa farið fram á, að tildrög dauða Gaddafís verði rannsökuð. Uppreisnarmenn í Líbíu komust til valda með aðstoð alþjóðasamfélagsins og eiga að sjálfsögðu að sæta aðhaldi þess nú þegar þeir halda um stjórnartaumana.

Það er alls ekki sjálfgefið að byltingarnar í arabaríkjunum, arabíska vorið svokallaða, leiði af sér nýtt blómaskeið friðar, lýðræðis og virðingar fyrir mannréttindum. Lýðræðishefð er víða engin til og stofnanir sem geta fyllt upp í valdatómið sem einræðisherrarnir skilja eftir sig eru víða vanþroskaðar eða hreinlega ekki til. Átök milli ættbálka, þjóðarbrota og fylgismanna ólíkra trúarbragða krauma víða undir.

Kosningarnar í Túnis fóru vel fram, að mati þeirra sem fylgzt hafa með þeim, og gefa vonir um að hægt sé að færa völdin í hendur almennings með lýðræðislegum og friðsamlegum hætti. Margir hafa hins vegar áhyggjur af því að herforingjarnir sem tekið hafa völdin í Egyptalandi muni verða tregir til að láta völdin af hendi að afstöðnum kosningunum sem fram undan eru.

Vorkoman í arabaríkjunum er þess vegna enn óviss. Vesturlönd bera mikla ábyrgð á því að fyrstu sprotar lýðræðis í þessum heimshluta nái að skjóta rótum og blómstra. Aðildarríki Atlantshafsbandalagsins geta til dæmis engan veginn firrt sig ábyrgð á ástandinu í Líbíu, nú þegar hernaðaraðgerðum er lokið.

Leiðtogar Vesturlanda eru uppteknir af öðrum málum þessa dagana; skuldavanda, fjárlagahalla, atvinnuástandi og mótmælum. Þeir verða hins vegar líka að beina sjónum að arabaríkjunum og veita þeim þann stuðning sem þau þurfa nú svo sárlega á að halda.

Nýir valdhafar þurfa aðstoð við að endurreisa efnahagslífið, en ekki síður við að byggja upp lýðræðislegar stofnanir og búa til stjórnkerfi þar sem þjóðernis- og trúarhópar deila með sér völdum og réttindi minnihluta eru virt. Ef það tekst geta ný lýðræðisríki í arabaheiminum átt bjarta framtíð.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Framboðstilkynning

Mikið hefur verið rætt og ritað um það hvort Hanna Birna Kristjánsdóttir hyggst bjóða sig fram til formanns Sjálfstæðisflokksins gegn Bjarna Benediktssyni. Sumir telja að Hanna sé að falla á tíma og þurfi að drífa út tilkynningu, ætli hún í framboð. Af því tilefni má rifja upp að síðast þegar formaður féll í kosningu, þegar Davíð felldi Þorstein, var tilkynnt um framboð 13 dögum fyrir landsfund. Samkvæmt því hefur Hanna Birna enn rúm til ákvörðunar, en landsfundur verður settur 17. nóvember.



### Barnaólánið

Umræða á landsfundum stjórnmálaflokka getur tekið á sig kúnstugar myndir. Meðal þeirra verkefna sem Jóhanna Sigurðardóttir brýndi flokksmenn til, í ræðu á landsfundi Samfylkingarinnar, var að „hlúa þannig að barnafjölskyldum að það verði eftirsóknarvert og gefandi að fæða og ala upp börn á Íslandi“. Af þessu má skilja að svo sé ekki í dag.

### Fjölbreyttar fyrirspurnir

Fyrirspurnir þingmanna eru oft hinar áhugaverðustu. Nú liggja fjölmargar slíkar fyrir ráðherrum og fjalla um ólíklegustu málefni. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir spyr menntamálaráðherra til dæmis um áhrif rafbóka á skólakerfið, en áhrif þeirrar nýjungar er mikið rannsóknarefni um allan heim og fáir gætu svarað fyrirspurninni svo vel færi. Mörður Árnason slær ekki slöku við og hefur til að mynda sent sjávarútvegsráðherra þrjár fyrirspurnir um hvalveiðar. Flestir bíða líklega spenntir eftir svari við annarri fyrirspurn hans, sem er stutt og laggóð: Hvað heitir Ríkisútvarpið?



kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR




## Hver má segja hvað?

Heilbrigðismál



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
alþingismaður

Fyrir ári var ákveðið að sameina St. Jósefsspítala og Landspítala-Háskólasjúkrahús. Þá sagðist ég ekki fara gegn þeirri sameiningu ef hún myndi leiða til raunverulegrar hagræðingar. Að sameiningin myndi varðveita þjónustustig og merkar rannsóknir sem átt hafa sér stað innan St. Jósefsspítala og að staða starfsfólks yrði tryggð. Að starfseminni til áratuga á þessum sögulega spítala yrði sýnd örlítil virðing. Kannski var það röng nálgun hjá mér sem þingmanni Suðvesturkjördæmis, kannski var réttara að fara strax í „kjördæmisgírinn“ svonefnda og segja nei við öllu. Það hefur gefist vel hjá ýmsum enda auðveld leið. Það finnst mér hins vegar ekki málefnalegt, allra síst á tímum erfiðra ákvarðana í ríkisfjármálum.

Í umræðum um sameininguna var síðan ýmsu lofað samhliða erfiðum breytingum í tengslum við St. Jósefsspítala. Þótt Hafnfirðingar væru engan veginn sáttir var haldið að við þessi einföldu loforð um legudeild yrði staðið. Auðvitað voru uppi raddir um að þetta væru bara enn ein Pótemkíntjöld ríkisstjórnarinnar, að ráðherrann myndi alltaf á endanum loka St. Jósefsspítala en þyrði ekki að segja hlutina hreint út þegar átökin voru sem mest. Ég vildi ekki trúa því en það hefur nú komið á daginn.

Spítalanum hefur nú verið lokað. Engin starfsemi er í þessari merku stofnun og húsi sem St. Jósefssystur létu í hendur ríkinu árið 1987 eftir 60 ára starf. Velferðarráðherra Samfylkingar ber ábyrgð á því. Ekkert liggur fyrir um hagræðinguna og alger óvissa er um hvernig varðveita á rannsóknir og þekkingu sem byggðist upp á spítalanum í Hafnarfirði. Þótt ráðherrann hafi játað það að hafa svikið loforð við Hafnfirðinga þá má að hans mati ekki spyrja frekari spurninga. Allra síst þeir sem sátu í ríkisstjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks er hrunið varð.

Það er rétt, ég heiti Þorgerður Katrín og var menntamálaráðherra í þeirri stjórn. Er nú í stjórnarandstöðu. Mun ekki sitja hljóð meðan ég verð á þingi, heldur halda uppi gagnrýni á það sem er illa gert eða má betur fara. Ég hef sjálf slæma reynslu af því að taka óþægilegar aðfinnslur óstinnt upp og hef lært af því. Það er nefnilega betra að hlusta á gagnrýni þótt hún kunni að vera óþægileg, ekki síst fyrir þá sem halda um stjórnvölinn hverju sinni.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Lestur


Í DAG

Jónína Michaelsdóttir
Blaðamaður




Nýlega kom út skýrsla þar sem fram kom að fjórðungur fimmtán ára drengja gæti ekki lesið sér til gagns. Jafnframt kom fram að þeim liði ekki tiltakanlega illa. Það er vísast vegna þess að hvers kyns tækni er víða aðgengileg, ekki síst í tölvum, sem gerir þeim kleift að nálgast þekkingu og styttir þeim leið í námsverkefnum. Hitt er furðulegra, að þessar upplýsingar komi fram svona seint. Að ekki hafi verið gripið til þeirra úrræða og stuðnings sem hentað hefði hverjum og einum einstaklingi í þessu tilviki. Með allri virðingu fyrir stærðfræði, náttúrufræði og öðrum greinum í grunnskóla, þá hlýtur að vera lykilatriði að hvert einasta barn kunni að lesa þegar barnaskóla lýkur. Þurfi ekki að stauta gegnum texta þegar kemur að mannkynssögu og öðrum greinum.

**Góður kennari**

Ég veit ekki hvernig er með aðra, en sjálf hef ég aldrei fundið aðra eins frelsistilfinningu eins og þegar ég varð læs á sínum tíma. Ég var búin að rella um tíma í foreldrum mínum að fá að fara í Ísaksskóla sem var í göngufæri frá heimilinu. Ég var þá fimm ára, en maður þurfti að vera orðinn sex ára til að komast í skólann. En af því að ég átti afmæli í janúar var ég tekin inn og var í þessum dásamlega skóla í þrjú ár. Kennarinn minn, Helga Magnúsdóttir, var ekki bara góður og skemmtilegur kennari inni í kennslustofunni, heldur hvar sem maður hitti hana. Ég kynntist henni síðar í Vindáshlíð, og á fundum KFUM og K. Alltaf jafn skemmtileg og fræðandi. Hún hló mikið þegar ég spurði hana á gönguferð í Vindáshlíð þegar ég var átta ára afhverju fólk talaði um að eitthvað væri táhreint. Tær væru ekki alltaf hreinar. „Jónína mín, það er tárhreint, hreint eins og tárin!“ Við þetta varð orðið náttúrlega fallegt og tært.

Ég man vel eftir frelsinu sem mér fannst ég fá við að verða læs. Þurfa ekki að spyrja neinn um neitt. Geta lesið á götuskiltin í hverfinu, undir myndirnar í dagblöðunum og hvaða bók sem ég vildi. Í dag er tæknin á því stigi að tölvan og hvers kyns lófaleikföng geta kennt og frætt um eitt og annað. En það breytir ekki því að öll börn og allir unglingar eiga rétt á að vera læs. Fluglæs.

**Rós í hnappagatið**

Ísland var í heiðurssæti á nýafstaðinni bókamessu í Frankfurt. Mikið hefur verið ritað og rætt um fagmennsku, smekkvísi og fjölbreytni þeirra sem að þessu standa, og hvergi ýkt. Halldór Guðmundsson stóð í stafni og var með áhöfn þar sem valinn maður var í hverju rúmi. Þó að mikið hafi verið skrifað um íslenska rýmið og myndir birtar ná þær ekki andrúmsloftinu á staðnum. Að minnsta kosti ekki að mínu mati. Þegar ég gekk inn í þetta rými átti ég von á því að verða ánægð, en ekki eins hrærð og klökk og raun varð á. Allt var einstakt. Kyrrðin, virðingin og yfirlætisleysið. Íslenska montið og derringurinn hvergi nærri.

Gaman væri ef hægt væri að setja þetta upp hér á landi í desember, bókamánuðinum, í viðeigandi húsnæði. Þá fengi öll þjóðin tækifæri til að upplifa afleggjarann af rósinni í Frankfurt.

# Að loknu Umhverfisþingi


Umhverfisvernd

Svandís Svavarsdóttir
umhverfisráðherra




Við þekkjum öll, að dagarnir geta verið misjafnir. Stundum erum við sérstaklega heppin og höfum ríka ástæðu til að fagna góðu dagsverki. Nýlega átti ég slíkan dag, ásamt ríflega 300 öðrum náttúruverndarsinnum, þegar Umhverfisþing var haldið í sjöunda sinn.

Yfirskrift Umhverfisþings að þessu sinni var náttúruvernd en í forgrunni umræðunnar var Hvítbók um löggjöf til verndar náttúru Íslands, sem kom út í haust og er til umsagnar á heimasíðu umhverfisráðuneytisins. Bókinni er ætlað að vera grundvöllur heildarendurskoðunar á íslenskri löggjöf um náttúruvernd. Er þar tekið saman yfirlit yfir stöðu náttúruverndar á Íslandi og í nágrannaríkjunum, til að hægt sé að hafa sem mesta þekkingu tiltæka við lagasmíðina. Hvítbókin sjálf er hins vegar fjarri því endimark stefnumótunarvinnunnar.

Á hinn bóginn er Hvítbókin góður grundvöllur umræðu. Slík umræða átti sér m.a. stað á Umhverfisþingi og þarf að halda áfram því íslensk náttúra snertir okkur öll sem byggjum þetta land, bæði nú og í framtíðinni. Á þinginu var enda áberandi samhljómur fundarmanna um mikilvægi þess að hafa samráð og kynningu á Hvítbókinni fyrir almenning svo hann hafi raunverulegan möguleika á að hafa áhrif á endurskoðun löggjafarinnar.

Hvítbókin hefur þegar fengið nokkra umfjöllun fjölmiðla en að auki hyggst umhverfisráðuneytið standa fyrir almennum kynningarfundum á efni hennar á næstu vikum. Þá er Hvítbókin sjálf og umfjöllun um hana aðgengileg á heimasíðu umhverfisráðuneytisins, þar sem einnig eru leiðbeiningar um hvar skila skuli umsögnum og athugasemdum um hana.

Allt er þetta gert til að stuðla að samráði um framhaldið en til að niðurstöður samráðsins séu sem bestar þarf að tryggja að öflug og góð skoðanaskipti eigi sér sem víðast stað. Þau verða að felast í því að aðilar setji fram ólík sjónarmið og hlusti á hin gagnstæðu.

Ég vil því hvetja sem flesta til að kynna sér efni Hvítbókarinnar og mynda sér skoðun, allt eftir áhugasviði og þekkingu hvers og eins. Ekki er gerð krafa um að vera sérfræðimenntaður til að hafa skoðun á náttúruverndarmálum og það er ekki skylda að lesa Hvítbókina spjaldanna á milli til að hafa álit á henni. Heildarendurskoðun náttúruverndarlaga er mikilvægt verkefni, sem er ekki einkamál okkar í umhverfisráðuneytinu eða fyrir fram skilgreindra hagsmunaaðila.

Til að vel takist til verður allt samfélagið að koma að verkinu. Áhugasamir eru því hvattir til að fjölmenna á heimasíðu umhverfisráðuneytisins fyrir 15. desember og leggja sínar hugmyndir í púkkið.





**Opnunartími verslunar:**
Opið virka daga frá kl. 08-18.
Vagnhöfði 23 - **S: 590 2000**
benni.is - verslun@benni.is

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

Small Countries, Important Innovations

VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD



Lee Benham

**Miðvikudaginn 26. október kl. 12:00-13:30**
**Hátíðasalur Háskóla Íslands**

Fyrirlestur á vegum Hagfræðideildar og Viðskiptafræðideildar í tilefni sjötugsafmælis **Þráins Eggertssonar**.

Í fyrirlestrinum fjallar prófessor **Benham** um framlag smáþjóða til uppfinninga, en framlag Íslands og Íslendinga til uppfinninga er hlutfallslega mjög stórt. Uppfinningar eru uppspretta hagvaxtar, og Benham veltir fyrir sér þremur spurningum:

- Hvers vegna eru rætur uppfinninga ákaflega staðbundnar?
- Hvers vegna er ekki meira um uppfinningar þvert og breitt um heiminn?
- Hvers vegna hafa hagfræðingar vanrækt að kanna þær aðstæður sem leggja grunninn að uppfinningum?

**Lee Benham** er prófessor emeritus við hagfræðideild Washington University í St. Louis og stjórnarmaður og kennari við Ronald Coase Institute.

**Ókeypis aðgangur og allir velkomnir.**

HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

# Af söguföllsunar-félaginu


Stjórnmál

Jón Baldvin Hannibalsson
fv. ráðherra




Mottó
„...að verma sitt hræ við
annarra eld
og eigna sér bráð sem af hinum
var felld
var grikkur að raumanna
geði“.
*(E. Ben. Fróðárhirðin)*

Mér hefur borist til eyrna, (seint og um síðir, þar sem ég er einn þeirra fjölmörgu, sem sjá ekki Moggann), að þann 17. sept. sl. hafi formaður þingflokks sjálfstæðismanna, Ragnheiður Elín Árnadóttir, birt greinarkorn í Mbl., þar sem hún eignaði frumkvæðið að stuðningi Íslands við sjálfstæði baráttu Eystrasaltsþjóða fyrrverandi formanni Sjálfstæðisflokksins, Þorsteini Pálssyni.

Það mátti ekki seinna vera. Er búið að láta Eystrasaltsbúa vita af þessu? Kannast þeir við manninn? Getur þetta hafa farið framhjá þeim? Í alvöru talað: Mikið hlýtur málefnastaða og sjálfsmynd sjálfstæðismanna á þessum síðustu og verstu dögum eftir Hrun að vera orðin bágborin, fyrst þingflokksformaðurinn telur sæmandi að grípa til svona örþrifaráða til að hressa upp á sálartetrið og sjálfsmyndina.

Stuðningur Íslands við endurreisn sjálfstæðis Eystrasaltsþjóða snerist ekki um eitthvert ímyndað kapphlaup á heimavettvangi um það, hver yrði fyrstur til að viðurkenna sjálfstæði þeirra, til þess að geta montað sig af því hér innan lands. Nóg er nú þjóðremban fyrir á bæ þingflokksformannsins og ekki á hana bætandi. Ótímabærar yfirlýsingar af því tagi hefðu ekki komið Eystrasaltsþjóðum að neinu haldi í háska þeirra.

Stuðningur Íslands við sjálfstæðisbaráttu þessara þjóða á árunum 1988–91 snerist um að ljá málstað þeirra rödd okkar á alþjóðavettvangi, þegar þeirra eigin rödd var þögguð niður fyrir atbeina leiðtoga vestrænna lýðræðisríkja á þeim tíma. Þetta gerði utanríkisráðherra Íslands, hvarvetna þar sem hann hafði til þess vettvang: hjá Sameinuðu þjóðunum, í ráðherraráði NATO, í Evrópuráðinu, hjá RÖSE og víðar.

Málið snerist um að skýra málstað þessara þjóða fyrir leiðandi stjórnmálamönnum á Vesturlöndum og að afla fylgis við hann, sem hægt væri að virkja, þegar tækifæri skapaðist til að láta til skarar skríða. Það gerðist við hina misheppnuðu valdaránstilraun í Moskvu, 19. ágúst, 1991. Þá munaði um frumkvæði og samstöðu smáþjóða – þegar sjálfskipuð forysturíki brugðust – og dugði til þess að ekki yrði aftur snúið.

Það er misskilningur, að samþykktir stjórnarandstöðuflokks handa galleríinu heima fyrir hafi skipt einhverju máli í þessu samhengi. Málið var reifað, flutt og unnið á alþjóðavettvangi. Þar kom Sjálfstæðisflokkurinn einfaldlega hvergi við sögu. Um það er svo sem ekkert meira að segja. Hitt má kannski heita guðsþakkarvert, að flokkurinn var ekki á móti, eins og hann var á móti EES í stjórnarandstöðu, en skipti snarlega um skoðun til að komast í ríkisstjórn.

Eftirmáli: Ég hef líka heyrt á skotspónum, að yfirhugmyndafræðingur Sjálfstæðisflokksins, Hannes Hólmsteinn Gissurarson, dæmdur ritþjófur við Háskóla Íslands, hafi skrifað heila grein um sama efni og samviskusamlega gætt þess að nefna aldrei mitt nafn. Það sannar bara, að prófessorinn kann miklu betur til verka við sögufalsanir en þingflokksformaðurinn, enda hefur hann miklu lengri starfsreynslu í faginu. En ósköp finnst mér illa komið fyrir minni þjóð, sem trúir karakterum af þessu tagi fyrir því göfuga hlutverki að uppfræða æskuna.

(Höf. er heiðursborgari í Vilnius, höfuðborg Litháen)


Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga.

## Langar þig að læra að lesa og skrifa á punktaletri?

Síðastliðið vor samþykkti Alþingi lög sem kveða á um viðurkenningu punktaleturs sem ritmál þeirra sem á því þurfa að halda til samskipta og upplýsingaöflunar.

Í tilefni af því gefst þér nú tækifæri á að kynnast punktaletri. Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga, í samvinnu við Endurmenntun Háskóla Íslands bjóða upp á námskeið sem ætlað er öllum þeim sem hafa áhuga á að kynna sér punktaletur. Ekki er gerð nein krafa um fyrri þekkingu á punktaletri.

**Á námskeiðinu verður m.a. fjallað um:**

- Hvernig punktaletur varð til
- Yfirferð á táknum punktaleturs

Þátttakendum gefst færi á að læra að lesa og skrifa texta á punktaletri. Kennslan verður í formi fyrirlestra og verklegra æfinga.

Námskeiðið fer fram í Endurmenntun Háskóla Íslands dagana 2. og 9. nóv.
Kl. 19.30 - 22.00 Verð kr. 8.500,-
Skráning hjá Endurmenntun.is
**Skráningarfrestur er til 28. okt.**

**Verið hjartanlega velkomin**


# Vaðlaheiðargöng og forgangsröðun framkvæmda


Samgöngumál

Þóroddur Bjarnason
prófessor í félagsfræði og stjórnarformaður Byggðastofnunar




Á undanförnum áratugum hefur margt áunnist í samgöngumálum þjóðarinnar. Bundið slitlag hefur verið lagt á nánast allan hringveginn og flestum erfiðustu umferðarhindrunum á þeirri leið verið rutt úr vegi. Helstu umferðaræðar innan borgarmarkanna hafa verið tvöfaldaðar eða jafnvel þrefaldaðar og tengingar milli þeirra víða auðveldaðar með mislægum gatnamótum.

Allir þéttbýliskjarnar landsins eru jafnframt í vegasambandi við hringveginn þótt víða séu slíkir vegir erfiðir og illfærir stóran hluta ársins.

Óleyst viðfangsefni í samgöngumálum eru þó jafnframt mörg og brýn. Umferðarþunginn á suðvesturhorni landsins er mikill og ráðast þarf í umfangsmiklar framkvæmdir til að auka umferðaröryggi og draga úr umferðartöfum á mesta annatíma. Utan suðvesturhornsins eru vegir hins vegar víða mjög lélegir, fjallaskörð varasöm og brýr einbreiðar. Þá búa einstakir byggðakjarnar við afar erfiða einangrun frá næstu nágrönnum sínum og nálægum þjónustukjörnum.

Hættur leynast víða á þjóðvegum landsins og stafar öllum vegfarendum þannig til dæmis bráð lífshætta af ókunnugum sem böðlast fram úr á öfugum vegarhelmingi á mestu þungri umferð, á blindhæðum og blindbeygjum, jafnt í rigningu, myrkri sem hálku. Tvöföldun þjóðvega virðist eina leiðin til að verjast þeim og hljóta umferðarþyngstu kaflarnir að njóta þar forgangs. Einnig stafar fólki víða mikil hætta af sundurgröfnum, signum og allt of mjóum vegum þar sem örfáir sentimetrar skilja milli lífs og dauða þegar fjölskyldubílar og flutningabílar mætast á miklum hraða. Flest verða umferðarslysin á umferðarþyngstu vegunum en oft er lífshættan mest á þeim fáfarnari.

Lífshætta í umferðinni er þó ekki eina réttlæting vegaframkvæmda. Síðustu öldina hefur Reykjavík verið byggð upp sem þungamiðja opinberrar stjórnsýslu, menntunar, verslunar, heilbrigðisþjónustu og menningar fyrir alla landsmenn en jafnframt hafa stærstu byggðarlög einstakra landshluta verið efld til að sem flestir landsmenn geti notið slíkrar þjónustu. Þessi þéttbýlisstefna hefur valdið umtalsverðri byggðaröskun en flestir eru sammála um að þetta sé skynsamlegri ráðstöfun en að dreifa allri opinberri þjónustu jafnt og þunnt milli stórra og smárra byggðarlaga landsins. Fyrir vikið þarf hins vegar að tryggja að íbúar hinna dreifðu byggða geti af sæmilegu öryggi sótt heilbrigðisþjónustu, menntun, verslun og menningu um þjóðvegi landsins.

Þess vegna er fólksfjöldi heldur ekki eini mælikvarðinn á sanngjarna forgangsröðun samgöngubóta. Þannig eru foreldrar og börn á Kjalarnesi til dæmis afar lítill hluti þjóðarinnar en hagsmunir þeirra af undirgöngum undir Vesturlandsveginn afar brýnir. Að sama skapi eru íbúar Norðurlands austan Vaðlaheiðar minnihluti þjóðarinnar en þeir hafa mikla hagsmuni af fyrirhuguðum göngum undir Vaðlaheiðina og öruggum samgöngum allan ársins hring til Akureyrar þar sem börn þeirra fæðast, áætlunarflug þeirra lendir, háskólanemar útskrifast og innkaupakerrur fyllast í lágvöruverslunum. Sú framkvæmd styrkir jafnframt þéttbýlissvæðið á Mið-Norðurlandi frá Sauðárkróki til Siglufjarðar og Húsavíkur þar sem ríflega þrjátíu þúsund manns búa og fólksfjölgun hefur verið um 4% frá síðustu aldamótum.

Eðlilega þykir flestum sem öll hagkvæmnis-, öryggis- og sanngirnissjónarmið hnígi að því að þeirra vandamál njóti forgangs og umræða um samgöngumál snýst því auðveldlega upp í illvíga hreppapólitík og ásakanir um kjördæmapot. Vaðlaheiðargöng gagnast Norðlendingum meira en öðrum landsmönnum líkt og tónlistarhúsið Harpa og hátæknisjúkrahús í Þingholtunum gagnast íbúum höfuðborgarsvæðisins meira en öðrum. Mikilvægi þessara samgöngubóta fyrir íbúa Mið-Norðurlands dregur vitaskuld ekki úr nauðsyn brýnna samgöngubóta fyrir íbúa suðvesturhornsins, Vestfirðinga eða Austfirðinga.

Fyrr eða síðar þarf að ráðast í allar þessar framkvæmdir og pólitísk forgangsröðun þeirra er erfið en nauðsynleg. Það yrði til mikilla bóta ef stefnumótun í samgöngumálum til næstu áratuga gæti falið í sér formlega forgangsröðun sem rökstudd væri með faglegu mati á margvíslegum og ólíkum ávinningi mismunandi framkvæmda. Það er hins vegar ástæðulaust að níða niður tilteknar framkvæmdir eða ráðast með offorsi að þeim sem tala máli íbúa á einstökum svæðum í samgöngumálum.

> Vaðlaheiðargöng gagnast Norðlendingum meira en öðrum landsmönnum líkt og tónlistarhúsið Harpa og hátæknisjúkrahús í Þingholtunum gagnast íbúum höfuðborgarsvæðisins meira en öðrum.

Sanngjörn forgangsröðun í samgöngumálum byggist á því að við setjum okkur hvert í annars spor. Landsbyggðarfólk sem er búið að skila börnum á barnaheimili og mætt til vinnu tíu mínútum eftir að eldhúsdyrnar lokuðust verður að geta sett sig í spor íbúa suðvesturhornsins sem lenda daglega í seigfljótandi umferðartöfum. Á hinn bóginn þurfa íbúar suðvesturhornsins einnig að ímynda sér augnablik verslanir sínar, háskóla og sjúkrahús handan við fjallaskarð sem oft sé illfært eða jafnvel ófært um að vetrarlagi. Umfram allt þurfa þó blaðamenn á fjölmiðlum allra landsmanna í Reykjavík að setja sig í spor allra landsmanna og stuðla þannig að sanngirni og jafnvægi í opinberri umræðu um samgöngumál.

# Ryðjum hindrunum úr vegi


Efnahagsmál

Vilhjálmur Egilsson
framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins




Skortur á fjárfestingum, lítill hagvöxtur og viðvarandi atvinnuleysi eru stóru atriðin sem vantar í glæsimyndina sem stjórnvöld draga upp af árangri sínum af samstarfinu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Ef ekki verður brugðist snarlega við er hætta á að Ísland búi við kreppu út áratuginn.

Efnahagsáætlunin með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum hefur fyrst og fremst falist í auknum aga í efnahagsmálum, óhóflegum skattahækkunum og niðurskurði. Hugmyndafræðileg vandamál innan ríkisstjórnar Íslands og þörf fyrir blórabögglа hafa síðan staðið í vegi fyrir því að góð tækifæri hafi nýst og uppsveifla í atvinnulífinu geti hafist.

Fjárfestingar á síðasta ári námu innan við 200 milljörðum króna eða aðeins um 13% af vergri landsframleiðslu (VLF) sem er lægsta fjárfestingahlutfall í sögu lýðveldisins. Á þessu ári verða fjárfestingar í besta falli um 15% af VLF. Við gerð kjarasamninga í maí sl. lýsti ríkisstjórnin því sem markmiði sínu að ná fjárfestingum í um 350 milljarða króna á ári og að ná fjárfestingahlutfallinu yfir 20% af VLF á samningstímanum.

Þrátt fyrir að stjórnvöld hafi sagst vera sammála aðilum vinnumarkaðarins um nauðsyn þess að hvetja til fjárfestinga og efla hagvöxt hefur ekki tekist að búa fyrirtækjum, stórum sem smáum, eðlilegt fjárfestingaumhverfi. Þau gætu verið að sækja fram, stunda nýsköpun og fjárfestingar ásamt því að ráða fólk í vinnu en umhverfið býður almennt ekki upp á það. Ný könnun SA leiðir t.d. í ljós að aðeins rúm 14% fyrirtækja á almennum markaði hyggjast ráðast í umtalsverðar fjárfestingar eða umbætur á næsta ári. Óvissa er einkum nefnd sem ástæða þess að fyrirtækin hyggjast ekki fjárfesta, bæði efnahagsleg og eins pólitísk óvissa, auk erfiðrar rekstrarafkomu.

Skatta- og atvinnustefna stjórnvalda hefur síður en svo hvatt til fjárfestinga í atvinnulífinu. Meginorsökin er þó að ríkisstjórnin hefur hvorki framtíðarsýn né forystu um endurreisn og þróun fjármálakerfisins. Endurskipulagning fjárhags fyrirtækja, heimila og fjármálakerfisins hefur gengið alltof hægt. Fjármálafyrirtækin eru að ósekju vinsælir blórabögglar stjórnmálamanna með forsætisráðherra sjálfan í fararbroddi.

Hagkvæmt og öflugt fjármálakerfi er lykilforsenda þess að fjárfesting geti tekið við sér í atvinnulífinu. Miklu máli skiptir að halda niðri rekstrarkostnaði í fjármálakerfinu og kostnaði sem ríkið leggur á með sköttum og eftirliti. Samkeppni innan fjármálakerfisins er einnig afar mikilvæg. Gjaldeyrishöft draga verulega úr samkeppni alls staðar þar sem markaðir eru lokaðir fyrir erlendri samkeppni. Afnám gjaldeyrishaftanna er því mikilvægt skref til að stuðla að hagkvæmni og betri skilyrðum fyrir fjárfestingar.

Til að hægt verði að koma Íslandi út úr kreppunni þarf að auka árlegan hagvöxt í 4-5%. Það verður einkum gert með auknum fjárfestingum í útflutningsgreinum. Áframhaldandi hjakk er ávísun á að Ísland verði fast í kreppunni út áratuginn. Því fylgir mikið atvinnuleysi og illa mun ganga að rétta við hag ríkissjóðs.

Þetta þarf ekki að vera svona. Það eru leiðir út úr kreppunni. Samtök atvinnulífsins hafa margoft bent á þessar leiðir. Þær þarf að fara.

# Vistvænni byggð!

Vistvænar byggingar

Sigríður Björk Jónsdóttir
framkvæmdastýra Vistbyggðarráðs



Undanfarin ár hefur skilningur á mikilvægi þess að lágmarka skaðleg áhrif á umhverfi okkar aukist til muna. Ástæður þess eru meðal annars áhrif alþjóðlegra samninga, viðmiða og reglugerða á markaðsumhverfið ásamt öflugu rannsóknarstarfi á vegum menntastofnana og ýmissa opinberra aðila á heimsvísu. Þessar áherslur endurspeglast nú í almennum stefnumiðum íslenskra stjórnvalda eins og nýjum mannvirkja- og skipulagslögum. Fyrirtæki á markaði hafa einnig áttað sig á mikilvægi þess að þau marki sér umhverfisstefnu sem samræmist alþjóðlegum viðmiðum.

Til þess að ýta undir þessa þróun hérlendis tóku nokkrir aðilar sig saman vorið 2009 í þeim tilgangi að stofna vettvang til þess að vinna að eflingu vistvænna hátta í byggingariðnaði, en mannvirkjageirinn er talinn standa undir rúmlega 40% af kolefnismengun í Evrópu.

### Af hverju Vistbyggðarráð?

Vistbyggðarráð var stofnað hérlendis í febrúar 2010 en það er samráðsvettvangur rúmlega 30 fyrirtækja, sveitarfélaga og stofnana í mannvirkjageiranum sem eiga það sameiginlegt að stefna að aukinni útbreiðslu á vistvænum byggingaraðferðum og skipulagi. Megintilgangur Vistbyggðarráðs er að vera leiðandi vettvangur á sviði sjálfbærrar þróunar við skipulag, hönnun, byggingu, rekstur og viðhald mannvirkja á Íslandi. Það er jafnframt hlutverk Vistbyggðarráðs að vera stefnumótandi og leiða umræðuna um vistvænar aðferðir og áherslur í samræmi við alþjóðleg viðmið um sjálfbæra þróun almennt. Þetta gerir Vistbyggðarráð m.a. með því að halda úti vefsíðu, starfrækja vinnuhópa um afmörkuð málefni, halda opna fundi og árlega ráðstefnu og taka þátt í ýmiss konar samstarfi.

Í nágrannalöndum okkar hafa sambærileg vistbyggðarráð (Green Building Councils) verið stofnuð á síðastliðnum 2 árum. Vistbyggðarráð á Íslandi hefur frá stofnun verið í góðu sambandi við norrænu ráðin þar sem einkum er verið að horfa til samvinnu varðandi rannsóknir og þróun ýmissa vottunarkerfa og viðmiða fyrir byggingar og skipulag.

### Rannsóknir og staðbundnar aðstæður

Það er afar mikilvægt að samnýta þá reynslu og þekkingu sem til staðar er víða í heiminum í dag, en um leið að laga aðferðir og erlend viðmið að þeim aðstæðum sem við búum við hér á landi. Til þess að það sé hægt er nauðsynlegt að styrkja frekari rannsóknir í mannvirkjagerð og hönnun með sérstakri áherslu á staðbundnar aðstæður. Það er vonandi að Vistbyggðarráð geti í samvinnu við ýmsa opinbera aðila unnið að slíkum grunnrannsóknum.

Mikilvægt er til dæmis að skoða betur orkunýtni í rekstri mannvirkja hérlendis, en hingað til hefur hvati til slíkra rannsókna ekki verið til staðar sökum aðgengis að vistvænni og ódýrri orku. Rannsóknir byggðar á mælingum á orkunotkun bygginga í nágrannalöndunum hafa sýnt að með því að fylgja vistvænum viðmiðum við bæði hönnun og rekstur bygginga er hægt að ná kostnaði við húshitun niður um allt að 60-80% strax á hönnunarstigi. Staðan hér á landi er þó nokkuð önnur þar sem kostnaður við húshitun er enn talsvert lægri eins og staðan er í dag. Efnahagslegir hvatar eru því sannarlega ekki jafn sterkir, en engu að síður hlýtur þetta að geta skipt miklu máli fyrir rekstur opinberra bygginga jafnvel þótt orkunotkun lækki ekki nema um 10-12% með sértækum aðgerðum.

### Vistvæn sóknarfæri

Fyrir okkur Íslendinga felast mikil tækifæri á þessu sviði eins og fram kemur í nýrri skýrslu þingnefndar um eflingu græns hagkerfis á Íslandi sem kom út fyrir stuttu. Nú þegar hafa nokkrar byggingar hérlendis annað hvort hlotið umhverfisvottun eða eru í umhverfisvottunarferli, en þar má meðal annarra nefna hús Náttúrufræðistofnunar Íslands í Garðabæ og Snæfellsstofu í Vatnajökulsþjóðgarði. Við erum að horfa á jákvæða þróun í þessa átt bæði hjá opinberum framkvæmdaaðilum eins og Framkvæmdasýslu ríkisins en ekki síður í einkageiranum.

> Mikilvægt er til dæmis að skoða betur orkunýtni í rekstri mannvirkja hérlendis, en hingað til hefur hvati til slíkra rannsókna ekki verið til staðar sökum aðgengis að vistvænni og ódýrri orku.

En við þurfum að gera gott betur og gera ákveðnar og skilgreindar kröfur um vistvænni lausnir og innleiða þannig nýjan hugsunarhátt í tengslum við framkvæmdir og rekstur mannvirkja hér á landi. Sú staðreynd að við erum svo lánsöm að hafa vistvæna orkugjafa til húshitunar gefur okkur mikilvægt forskot sem við verðum að nýta vel, ekki einungis í þeim tilgangi að uppfylla alþjóðleg viðmið um vistvænar áherslur heldur ekki síður til þess að efla íslenskan iðnað og rannsóknarstarf á sviði byggingariðnaðar. Nú er tækifærið.




Óverðtryggð húsnæðislán

Óverðtryggð húsnæðislán Íslandsbanka geta numið allt að 80% af markaðsverðmæti og eru ýmist með breytilegum vöxtum eða föstum vöxtum fyrstu þrjú árin. Hvort hentar þér betur?

5,25% Breytilegir vextir*

Greiðslubyrði tekur mið af gildandi vöxtum á hverjum tíma.

6,20% Fastir vextir fyrstu 3 árin*

Stöðug greiðslubyrði fyrstu þrjú ár lánstímans. Að þeim tíma liðnum gilda breytilegir vextir húsnæðislána samkvæmt vaxtatöflu á hverjum tíma.

Fáðu allar nánari upplýsingar um húsnæðislán Íslandsbanka hjá þjónustufulltrúa í næsta útibúi eða á islandsbanki.is.

* Vextir skv. vaxtatöflu Íslandsbanka 21.10.2011 og miðast við lánsfjárhæð sem rúmast innan 70% af fasteignamati ríkisins. Íslandsbanki býður upp á viðbótarlán upp að 80% af markaðsverðmæti.

+/– Breytilegir vextir

+ Kostir
- Lægri vextir í hagstæðu vaxtaumhverfi
- Ávallt hægt að greiða lánið upp án kostnaðar
- Hraðari eignamyndun

– Ókostir
- Greiðslubyrði hækkar með hækkandi vöxtum

+/– Fastir vextir fyrstu 3 árin

+ Kostir
- Engin vaxtaóvissa yfir tímabil fastra vaxta
- Stöðug greiðslubyrði fyrstu þrjú árin
- Hraðari eignamyndun

– Ókostir
- Þú nýtur ekki betri kjara ef vextir lækka
- Kostnaður við uppgreiðslu fyrstu þrjú árin

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki

# Erfðabreytt matvæli og kanadísku mæðurnar

Erfðabreytt matvæli

Sandra B. Jónsdóttir
sjálfstæður ráðgjafi



Í grein sem Fbl. birti 7. okt. sl. lagði ég áherslu á nauðsyn þess að merkja erfðabreytt matvæli. Ég vísaði í kanadíska rannsókn sem enn eina vísbendingu um að erfðabreytt matvæli kunni að valda fólki heilsutjóni. Hinn 20. okt. svarar Jón Hallsson dósent grein minni, reynir að varpa rýrð á kanadísku rannsóknina og umfjöllun mína um hana, og sakar mig um „hræðsluáróður“. Jafnan má deila um orðalag í túlkun rannsókna en mig undrar að kjarni rannsóknarinnar skuli reynast háskólakennara svo léttvægur sem grein hans ber vott um.

Kanadíska rannsóknin sem ég vísaði í fann Bt-eitur í blóði þungaðra kvenna og fóstra sem þær gengu með. Þótt rannsóknin sjálf kannaði ekki uppruna eitursins var niðurstaða þeirra sem gerðu hana sú að það hlyti að hafa borist úr erfðabreyttum matvælum. Konurnar sem þátt tóku í rannsókninni neyttu venjulegs kanadísks matar sem að drjúgum hluta inniheldur ómerkt erfðabreytt matvæli, ekki síst úr erfðabreyttum Bt-maís. Rannsóknin er einkar mikilvæg fyrir þá sök að þetta eitur fannst í blóðinu.

Líftækniiðnaðurinn hefur lengi haldið því fram að erfðabreytt matvæli og fóður ógni ekki heilsu manna og búfjár þar sem meltingarkerfi spendýra sundri öllu DNA úr slíkum afurðum. Margar rannsóknir hafa afsannað þetta: DNA úr erfðabreyttum mat og fóðri eyðist ekki við meltingu og getur borist í meltingarörverur og þaðan í blóðið. Þetta hefur verið nefnt flöt genatilfærsla (horizontal gene transfer).

Hafi Bt-eitrið í blóði kanadísku kvennanna borist úr erfðabreyttum matvælum – eins og höfundar rannsóknarinnar telja – er rannsóknin staðfesting þess að slík flöt genatilfærsla á sér stað í þeim sem neyta erfðabreyttra matvæla. Hið sama kom fram í rannsókn Newcastle-háskóla (ritrýnd 2004) þar sem DNA úr erfðabreyttu soja fannst í meltingarörverum þriggja af sjö þátttakendum sem neyttu erfðabreyttrar sojamáltíðar.

Jón Hallsson telur að ekki hafi verið sýnt fram á að Bt-eitur sem fannst í blóði kanadísku kvennanna sé skaðlegt spendýrum. Hann mætti gjarnan kynna sér þrjár rannsóknir sem Vazquez o.fl. gerðu um aldamótin og sýndu að náttúrulegt Bt-eitur framkallaði sterk ónæmisviðbrögð í músum sem aftur olli auknum ónæmisviðbrögðum músanna við öðrum efnum. Þetta gefur vísbendingar um að neysla erfðabreyttra matvæla sem innihalda Bt-eitur kunni að valda ofnæmisviðbrögðum og viðkvæmni gagnvart öðrum matvælum.

> Stöðugt bætist í safn vísindarannsókna sem gefa vísbendingar um heilsufarstjón sem neysla erfðabreyttra matvæla kann að valda.

Á undanförnum árum hafa a.m.k. 14 ritrýndar rannsóknir sýnt fram á að mörg helstu líffæri tilraunadýra – músa, rottna, kanína og hamstra – urðu fyrir alvarlegu tjóni eftir að þau voru fóðruð á erfðabreyttum afurðum, í nokkrum tilvikum Bt-maís.

Áhrif á þróaðri spendýr hafa einnig verið könnuð. Rannsókn Trabalza-Marinucci o.fl. (2008) leiddi í ljós truflun á starfsemi meltingarkerfis í kindum sem fóðraðar voru á Bt-maís í þrjár kynslóðir og á starfsemi lifrar og briss í lömbum þeirra. Rannsókn Duggan o.fl. (2003) á sauðfé sýndi fram á að erfðabreytt DNA úr Bt-maís þoldi meltingarvökva og gat þrátt fyrir meltingu gert meltingarörverur ónæmar (superbugs) fyrir sýklalyfjum.

Bt (Bacillus thuringiensis) er jarðvegsbaktería sem notuð er í landbúnaði til að eyða skordýrum. Reglur um lífræna ræktun heimila aðeins notkun náttúrulegra varnarefna og ef brýn nauðsyn ber til. Bt er því sjaldan notað í lífrænni ræktun en mikið í hefðbundnum landbúnaði og stundum ítrekað á sömu plönturnar. Bt sem úðað er á plöntur leysist upp með veðri og brotnar niður við sólarljós sem dregur úr magni eiturs sem eftir verður á uppskerunni. Eins og opinberlega er ráðlagt má hreinsa það af grænmeti og ávöxtum með vatni eða flysjun.

Bt er hins vegar notað í erfðabreyttum plöntum með allt öðrum hætti. Maís er t.d. erfðabreytt þannig að Bt-eitrið er í plöntunni sjálfri; geni er splæst í maísplöntuna svo að eitrið er sífellt til staðar í allri plöntunni. Það tryggir að hvar og hvenær sem skordýr ráðast á plöntuna innbyrði þau eitrið og drepist. Þetta kann að gagnast bændum (þar til skordýrin mynda ónæmi fyrir eitrinu og breytast í ofurskordýr) en það er vandamál fyrir neytendur. Ef við neytum matvæla sem innihalda Bt-maís er óumflýjanlegt að við innbyrðum Bt-eitrið.

Bt-maís er ræktaður í miklum mæli í N-Ameríku til vinnslu á vinsælum matvælum, s.s. morgunkorni (kornflexi), brauði, kexi, mjöli, mexíkönskum vörum (tortillas, tacochips), o.fl. Olíur úr Bt-maís er að finna í aragrúa matvæla, t.d. í tómat-, chili- og grillsósum. Meirihluti unninna bandarískra matvæla, þ.m.t. frystir réttir, tilbúnar pitsur o.fl., innihalda efni úr Bt-maís.

Sömu matvælin og konurnar í kanadísku rannsókninni neyttu eru flutt inn til Íslands frá Bandaríkjunum og Kanada og er að finna í flestum íslenskum stórmörkuðum – án merkinga sem tilgreina að þau innihaldi erfðabreytt efni.

Stöðugt bætist í safn vísindarannsókna sem gefa vísbendingar um heilsufarstjón sem neysla erfðabreyttra matvæla kann að valda. Stjórnvöldum þessa lands ber skylda til að vernda okkur gegn mögulegri heilsufarsáhættu með því að innleiða – án frekari tafa – reglugerð um merkingar erfðabreyttra matvæla.

# Töfrar í tónlistarhúsi

Menning

Kjartan Ólafsson
formaður
Tónskáldafélags Íslands



Hátíðin Norrænir músíkdagar var stofnsett árið 1888 og er því er ein elsta tónlistarhátíð heims á sínu sviði. Hátíðin var að þessu sinni haldin í einu nýjasta tónlistarhúsi Evrópu – Hörpunni í Reykjavík – en skipuleggjandi var Tónskáldafélag Íslands.

Orðspor Hörpunnar hefur nú þegar borist víða um heim og af því tilefni lagði fjöldi erlendra gesta leið sína til Íslands til að hlýða á framsækna nútímatónlist í tónlistarhúsinu nýja. Að auki kom fjöldi fulltrúa erlendra fjölmiðla til landsins til að kynna sér nýja norræna tónlist „í einu besta tónlistarhúsi heims“ – eins og einn hinna erlendu gesta orðaði það. Þeir voru allir sem einn stórhrifnir af hljómburði og töfrum hússins og áttu stundum erfitt með að útskýra fyrir sjálfum sér hvers vegna slíkt hús væri ekki til í þeirra heimalandi, þrátt fyrir að allar forsendur væru þar fyrir hendi.

Aðsókn að Norrænum músíkdögum á Íslandi náði nýjum hæðum – þúsundir gesta hlustuðu agndofa þegar fjölbreytt nútímatónlistin hljómaði í sérhönnuðum sölum Hörpunnar í flutningi fremstu tónlistarmanna landsins.

Tónlistarhúsið Harpa er án efa eitt besta heppnaða tónlistarhús heims í dag. Salirnir fjórir, hver með sinni sérstöðu, skiluðu tónlistinni á besta veg og þannig náði hin margbreytilega samsetning nútímatónlistarinnar að njóta sín í smæstu atriðum – nokkuð sem aldrei hefur áður gerst á Íslandi.

Á upphafstónleikum Norrænna músíkdaga 2011 lék Sinfóníuhljómsveit Íslands í Eldborg verk eftir norræn tónskáld af yngri kynslóðinni. Stílbrigði tónverkanna náðu fullkomlega að njóta sín í salnum og var upplifun áheyrenda eftir því.

Ljóst var að Harpan náði að njóta sín til hins ítrasta í fjölbreyttri efnisskrá hátíðarinnar. Hvert smáatriði í hönnun hússins skilaði sér í enn meiri hljómgæðum. Tónlist sem nær að hljóma í góðum tónlistarsölum lifir ekki aðeins í augnablikinu heldur nær að hljóma áfram inn í framtíðina – í hugum áheyrenda.

Tónlistarhúsið Harpa er hannað þannig að allar tegundir tónlistar frá öllum tímum tónlistarsögunnar eiga að geta fengið að njóta sín. Lífæð hússins eru listamennirnir sem þar starfa hverju sinni en ekki síður starfsfólk hússins sem á örskömmum tíma hefur náð færni í skipulagningu og framkvæmd ólíkra tónleikaforma eins og finna má á þéttskipaðri tónlistarhátíð sem þessari. Flóknar skiptingar milli tónleika voru frábærlega leystar af hendi og með ósérhlífni, kurteisi og mikilli fagmennsku stuðluðu þau að því að tónlistin náði að njóta sín með mun betri hætti en nokkru sinni hefur þekkst hér á landi.

> Salirnir fjórir, hver með sinni sérstöðu, skiluðu tónlistinni á besta veg og þannig náði hin margbreytilega samsetning nútímatónlistarinnar að njóta sín í smæstu atriðum – nokkuð sem aldrei hefur áður gerst á Íslandi.

Harpa er þegar orðin einn helsti sendiherra íslenskrar tónlistar á erlendum vettvangi. Jákvætt orðspor hússins hefur orðið til þess að nú þegar hafa borist fjölmargar fyrirspurnir erlendis frá um næstu tónlistarhátíð nútímatónlistar hér á landi, Myrka músíkdaga, sem fara mun fram þar í húsi í lok janúar á næsta ári.

Það er von okkar að tónlistarhúsið Harpa verði áfram lifandi umgjörð um fjölbreytt tónlistarlíf samtímans, öllu íslensku tónlistarfólki verði gert kleift að starfa þar að sinni listsköpun og að tónlistin fái þannig að lifa þar og hljóma – inn í framtíðina.



**Dýraspítalinn í Garðabæ**
er í viðskiptum hjá okkur

**Hanna, Jakobína** og félagar á Dýraspítalanum í Garðabæ taka á móti yfir þúsund dýrum í hverjum mánuði, stórum sem smáum. Þau eru sérfræðingar á sínu sviði og sinna fjölbreyttum þörfum viðskiptavinanna. Það gerum við líka.

**Þess vegna er Dýraspítalinn í Garðabæ í viðskiptum hjá okkur.**

MP BANKI

Ármúla 13a | Borgartúni 26 | 540 3200 | www.mp.is

Fíton/SÍA



**Krabbamein og ónæmiskerfið** er yfirskrift málþings sem Samtök um krabbameinsrannsóknir á Íslandi (SKÍ) standa fyrir í dag. Málþingið hefst klukkan 16.15 í Hringsal Landspítalans við Hringbraut. www.hi.is




FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457



EINN ALVEG FRÁBÆR



teg 198880 - létt fylltur í B C skálum á kr. 4.600,- buxur í stíl á kr. 1.995,-

Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Opið mán.-fös. 10-18.
Opið á laugardögum 10-14.
þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Vertu vinur




HEILSUNAMMI FYRIR RÖDDINA
íslensk fjallagrös

GÆÐAFISKUR
ÍSLENSK FÆÐUBÓT
BITAFISKUR
-næring fyrir líkama og sál




Sölustaðir:
10 -11, Inspired í Flugstöðinni, Samkaup, Nettó, Kaskó, Fjarðarkaup, Skeljungsbúðirnar, Olís, N1, Kaupfélag V- Húnvetninga, Kaupfélag Skagfirðinga,Verslunin Vísir, Bláa lónið, Hreyfing, Krambúðin, Fiskbúðin Freyja, Melabúðin.

Eirberg



Æfingaboltar
Bjóðum gott úrval æfingabolta í mörgum stærðum.
Henta vel í margskonar æfingar.
Verð frá: 2.980 kr.
sissel
Opið virka daga kl. 9 -18 og á laugardögum kl. 11-16
Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is


**Rúnar Gunnarsson arkitekt æfir þol, þrek og teygjur tvo morgna í viku og hefur gert í rúm tuttugu ár.**



# Biðu í mörg ár eftir Sóleyju

Ég hef verið með frá upphafi, alveg síðan Sóley byrjaði með þessa tíma fyrir tuttugu eða þrjátíu árum," segir Rúnar Gunnarsson arkitekt, sem ásamt hópi vaskra karla mætir í Kramhúsið korter yfir sjö tvo morgna í viku í karlaleikfimi undir stjórn Sóleyjar Jóhannsdóttur. „Til að byrja með vorum við í Dansstúdíói Sóleyjar í hádeginu fimm sinnum í viku, síðar fluttumst við yfir í Þrekhúsið við KR-heimilið og bættum þá meira að segja spinning við prógrammið. Síðan fór Sóley út í tóma vitleysu, fór að selja blóm og hætti að kenna, en við vissum að hún kæmi aftur og biðum þolinmóðir í mörg ár eftir henni," segir Rúnar og hlær.

Rúnar segir ákveðinn kjarna hafa myndast innan hópsins sem hafi verið með allan tímann en einnig hafi komið inn nýir menn og aðrir helst úr lestinni. En hvað er svona gott við þessa leikfimi? „Þetta er þol, þrek og teygjur og mjög flott leikfimi í alla staði. Teygjurnar eru náttúrulega ofsalega mikið atriði fyrir svona karla eins og okkur." Rúnar er 61 árs en alls ekki sá elsti í hópnum. „Það eru þarna eldri menn en við erum reyndar flestir í kringum sextugt og síðan auðvitað yngri menn, sem er bara gott og heldur okkur hinum við efnið. Enda gefur Sóley ekkert eftir og lætur okkur alveg finna fyrir því. Það eina sem ég gæti sett út á er að við þyrftum helst að vera þrisvar í viku, þetta er svo gott og gaman," segir Rúnar.

*fridrikab@frettabladid.is*

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




Stuðnings stöngin

LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ

Yfir 4000 notendur á Íslandi síðan 1999



Stuðningsstöngin er hjálpar- og öryggistæki sem auðveldar fólki að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reiða sig á aðra. Margir Iðjuþjálfara, sjúkraþjálfarar og læknar hafa mælt með stuðningsstöngunum fyrir sína skjólstæðinga.

- Auðveld í uppsetningu.
- Engar skrúfur eða boltar.
- Tjakkast milli lofts og gólfs.
- Hægt að nota við hallandi loft, timbur/gifsloft og mikla lofthæð.

Vilji
vilji.is
...léttir þér lífið
Sími 856 3451 • www.vilji.is

- Margir aukahlutir í boði.
- Falleg og nútímanleg hönnun.
- Passar allstaðar og tekur lítið pláss.
- Viðurkennd af Sjúkratryggingum Íslands, hjálpartækjamiðstöð.

Stuðningsstangirnar hafa fengið verðlaun fyrir notagildi, öryggi og hönnun á alþjóðlegum hjálpartækjasýningum í USA.



**Landlæknisembættið** hefur gefið öllum nemendum í 2. og 3. bekk grunnskóla endurskinsmerki. Merkið er í formi tannar. Merkjunum er ætlað að auka öryggi barnanna í umferðinni en eru jafnframt áminningarspald um tannvernd.


NÝ SENDING!
SPARIFATNAÐUR.
SVARTAR DRAGTIR



BASLER
Skipholti 29b • S. 551 0770


Greindarvísitala getur breyst á unglingsárum eftir því sem niðurstöður nýrrar rannsóknar benda til. Gert var greindarpróf á fjórtán ára unglingum sem endurtóku prófið fjórum árum síðar. Sumir stóðu sig betur meðan aðrir komu verr út í seinna prófinu. Áður var haldið að greindarvísitala héldist stöðug út lífið en svo virðist ekki vera.



www.bbc.co.uk/news

# Vorum oft hrædd um þá

**Tvíburarnir Bjarki Leó og Bjartur Elí byrjuðu fyrstu fimmtán vikur ævinnar á vökudeild Barnaspítala Hringsins. Foreldrar þeirra, Magnea og Finnur, gáfu deildinni brúðkaupsgjafir sínar til að þakka fyrir sig.**



Magnea með Bjarka Leó og Finnur með Bjart Elí. Þeir eru hressir drengir og hefur ekki orðið meint af fimmtán vikna dvöl á vökudeild í upphafi lífsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Magnea Þórey Hilmarsdóttir og Finnur Bjarki Tryggvason áttu saman tvö börn, Hilmar nítján ára og Andreu fimmtán ára, þegar þau ákváðu að eignast eitt til viðbótar. „Til að hafa eitthvað að gera,“ eins og Magnea orðar það glettin. Í stað eins fengu þau tvo litla gleðigjafa, þá Bjarka Leó og Bjart Elí, sem komu í heiminn í janúar síðastliðnum. Það gekk þó ekki þrautalaust fyrir sig.

„Þeir áttu að koma í heiminn um miðjan apríl en í byrjun janúar kom í ljós að næring í gegnum naflastreng var farin að skerðast til annars tvíburans,“ útskýrir Finnur. Í framhaldi var ákveðið að fylgjast með en strax í næstu skoðun var ljóst að Magnea þyrfti að fara í keisaraskurð. „Það náðist að gefa mér sterasprautur til að hjálpa til við lungnaþroska og blóðþrýsting strákanna,“ segir Magnea sem situr með sprækan Bjarka Leó í fanginu á heimili móður hennar í Mosfellsbænum. Þau Finnur búa á Hvolsvelli en koma reglulega í bæinn í eftirlit með strákana. Bjartur litli liggur hjá pabba sínum, töluvert minni en eineggja bróðir hans en samt afar líflegur að sjá eins og vera ber hjá heilbrigðum dreng. „Það munaði ekki nema 200 grömmum á þeim við fæðingu en Bjartur hefur átt aðeins erfiðara og hefur því þroskast hægar,“ útskýrir Magnea.

Þau Finnur höfðu fengið að kynnast starfi vökudeildar aðeins áður en kom að keisaraskurðinum enda vissu þau að hún yrði heimili þeirra næstu mánuði. „Drengirnir okkar héldu læknunum alveg á tánum,“ segir Finnur, en eins og þau höfðu verið vöruð við gekk tilveran út á að fara eitt skref fram og tvö aftur. „Þeir fóru báðir í stóra aðgerð þar sem fósturæðin lokaðist ekki. Síðan fengu þeir ýmsar sýkingar og veiktust á víxl,“ lýsir hann og bætir við, „maður var oft skíthræddur.“ Þau Magnea dvöldu mikið á spítalanum en fengu til umráða íbúð Barnaspítalans í Eskihlíð. „Það bjargaði okkur alveg,“ segja þau, en að fimmtán viknum liðnum fengu bræðurnir að koma heim.

Þeim virðist ekki hafa orðið meint af. „Þegar við fórum í síðustu skoðun sagði læknirinn þeirra við mig að nú væru þeir orðnir venjulegir drengir,“ segir Magnea og kjassar Bjarka. Drengina nefndu þau strax og þeir fæddust en þeir voru skírðir í sumar um leið og Magnea og Finnur giftu sig. „Okkur fannst þá ekki koma annað til greina en að afþakka brúðkaupsgjafir og biðja gesti að gefa í styrktarsjóð fyrir vökudeildina,“ segir Magnea. „Það sló okkur á deildinni að í þessu flotta húsnæði voru langflest tækin merkt gjafir,“ segir Finnur, en þau hjónin dást einlæglega að Kvenfélaginu Hringnum.

Brúðkaupsgestirnir tóku við sér og nægilegt fé safnaðist til að kaupa tólf hægindastóla og kerru með lúxusstól. „Gjöfina keyptum við í samráði við starfsmenn vökudeildarinnar,“ útskýrir Finnur.

Magnea og Finnur eru sammála um að starfsfólk vökudeildarinnar sé til fyrirmyndar. „Þau tóku afar vel utan um okkur og gáfu mikið af sér,“ segir Finnur. „Við kynntumst starfsfólkinu vel og meira að segja reddaði Helga hjúkrunarkona okkur í sumar þegar hún kom austur og passaði strákana þegar við giftum okkur,“ segir Magnea glaðlega.

Fjölskyldan hefur ekki alveg sagt skilið við vökudeildina. „Við komum alltaf á vökudeildina ef við eigum leið um. Það er líka gott fyrir foreldra sem eru að ganga í gegnum þessa hluti að sjá börn sem hafa komist í gegnum ferlið og eru heilbrigð,“ segir Finnur.

*solveig@frettabladid.is*


Heyrðu umskiptin
Fáðu heyrnartæki til reynslu



HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA
Tímapantanir 534 9600
Heyrn · Hlíðasmári 11
201 Kópavogur · heyrn.is

Takk!
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

SÆLLA ER AÐ GEFA EN ÞIGGJA
Sérblað um fyrirtækjagjafir kemur út þann 9. nóvember.
FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA
BÓKIÐ AUGLÝSINGAR TÍMANLEGA:
ÍVAR ÖRN HANSEN
S: 512 5429, GSM: 615 4349
ivarorn@365.is



Viltu breyta mataræðinu
til batnaðar á einfaldan og öfgalausan hátt?
INGA KRISTJÁNSDÓTTIR næringarþerapisti D.E.T. kennir ykkur hve einfalt það getur verið að bæta mataræðið og hvaða ráð hún hefur til þess.
Þriðjudaginn 1. nóv. kl.19 - 21:30



ÞETTA ER EKKI FLÓKIÐ! Inga er búin að halda yfir 40 fyrirlestra um efnið enda nálgunin einföld, skýr og hentar öllum sem áhuga hafa á breyttum lífsháttum.
FARIÐ VERÐUR MEÐ EINFÖLDUM HÆTTI YFIR:
- *Hverju er hægt að skipta út og hvað kemur þá í staðinn*
- *Hvernig hægt er að þekkja muninn á hollri og skaðlegri fitu*
- *Hvernig þú getur haldið fullri orku allan daginn og losnað við sykurþörf og þreytuköst*

Ný kennslugögn og uppskriftamappa!
Staður og stund: Heilsuhúsið Lágmúla 5, kl.19 - 21:30
Innifalið er mappa með uppskriftum og fróðleik. Verð: 4.900 kr. Nánari upplýsingar og skráning í síma 8995020 eða á inga@inga.is
www.heilsuhusid.is
heilsuhúsið

# VETRARDEKK

ÞRIÐJUDAGUR **25. OKTÓBER 2011**

**Kynningarblað** Fólksbíladekk, jeppadekk, nýjungar og verð







Valdimar Sigurjónsson er stofnandi og eigandi Dekkjasölunnar. Hann bendir á heimasíðu fyrirtækisins www.dekkjasalan.is, þar sem hægt er að skoða allar vörur sem eru í umboðssölu. Á síðunni kemur meðal annars fram vörulýsing, verð og myndir.

# Dekkjasalan – Nýtt fyrirtæki – Ný hugsun

**Dekkjasalan ehf. að Dalshrauni 16 er umboðssala fyrir notuð dekk og felgur. Fyrirtækið er eina umboðssalan á Íslandi sem sérhæfir sig í dekkjum, felgum og öðru því tengdu.**

Dekkjasalan var stofnuð fyrir einu og hálfu ári. Fyrirtækið býður nýja þjónustu sem snýst um að fólk sem á dekk og/eða felgur sem það hefur ekki not fyrir getur komið með vöruna í Dekkjasöluna, þar sem gerður er umboðssölusamningur. Dekkjasalan auglýsir vöruna, selur og leggur andvirðið að frádregnum sölulaunum inn á reikning viðkomandi. Verðlagningin er í höndum eiganda dekkja, starfsmenn Dekkjasölunnar leiðbeina einungis hvað sambærilegar vörur eru að seljast á. Sumir vilja verðleggja lágt til að flýta fyrir sölu. Fyrsta skrefið hjá kaupendum dekkja er því að athuga hvort réttu dekkin séu til hjá Dekkjasölunni og spara sér töluverða fjárhæð.

Öryggi þeirra sem kjósa að versla hagkvæmt á notaða markaðnum eykst á skipulögðum markaði sem þessum. Farið er yfir allar vörur þegar þær koma inn og veittur er sjö daga skilafrestur ef vara reynist gölluð. Einnig má benda á að þar sem allar vörur eru skráðar lágmarkast hættan á því að verslað sé með þýfi.

Að sögn starfsmanna Dekkjasölunnar hefur þetta framtak mælst vel fyrir og margir látið í ljós ánægju með að kominn sé skipulagður markaður með vörur sem þessar. Dæmi eru um að fólk hafi komið með 20 til 30 dekk í sölu þegar verið er að taka til í bílskúrnum. Er fólki bent á að henda ekki dekkjum án þess að koma við hjá okkur og fara yfir hvort eitthvað sé nothæft. Ekki má gleyma umhverfisþættinum sem felst í því að nýta dekk til fullnustu.

Einnig má geta þess að á staðnum eru um 600 stök dekk sem passa inn í ganga ef eitt skemmist. Allt er skráð og það tekur skamma stund að sjá hvort vara sé til.

Dekkjasalan heldur úti öflugri heimasíðu www.dekkjasalan.is þar sem hægt er að skoða allar vörur sem eru í umboðssölu. Á síðunni kemur m.a. fram vörulýsing, verð og myndir. Allar vörur á heimasíðunni eru í vöruhúsi fyrirtækisins að Dalshrauni 16 í Hafnarfirði.

Þegar ekki eru til notuð dekk í þeim stærðum sem fólk vantar getur Dekkjasalan útvegað ný á samkeppnishæfu verði. Á Dekkjasölunni er einnig séð um viðgerðir, umfelgun, neglingu og fleira sem dekkjum viðkemur á sanngjörnu verði. Það er heitt á könnunni og allir í góðu skapi.

Dekkjasalan er opin frá klukkan 8 til 18 virka daga, til klukkan 21 þriðjudaga og fimmtudaga og frá klukkan 10 til 16 laugardaga.

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 **Umsjónarmaður auglýsinga:** Ívar Örn Hansen, ivarorn@365.is., s. 512 5429| **Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.


Dekkjasalan er **umboðssala fyrir notuð dekk. Þú kemur með dekkin** til okkar og **við seljum þau fyrir þig**

**MIKIL EFTIRSPURN!**

DEKKJASALAN
Dalshrauni 16 • Hafnarfirði
www.dekkjasalan.is
**587 3757**




DEKKJASALAN
**UMBOÐSSALA** FYRIR NOTUÐ DEKK



Dalshrauni 16
220 Hafnarfjörður
www.dekkjasalan.is
dekkjasalan@dekkjasalan.is
587 3757 - 777 3757



nokian TYRES

Aktu á hágæða vetrardekkjum frá Nokian. Hámarkaðu gripið og tryggðu öryggi þitt sem best. Fáðu ráðgjöf hjá okkur um hvaða dekk henta þínum þörfum. Veldu Nokian gæðadekk.

**Nýttu þér vaxtalaust lán í allt að 12 mánuði frá Visa eða Mastercard eða 10% staðgreiðsluafslátt**



*Keyrðu betur*
**með Nokian gæðadekkjum**

**Max1 skiptir þig öllu í dag**

Vertu í tengslum við veginn í vetur. Þegar þú velur vetrardekk hugaðu þá að gripi við erfiðar aðstæður, endingu, veghljóði og verði. Spurðu okkur hvað við getum gert fyrir þig! Vertu í öruggum höndum hjá ráðgjöfum Max1. Við erum sérfræðingar í dekkjum.

Engar tímapantanir. Komdu og fáðu þér rjúkandi kaffi og kíktu í blöðin á meðan við skiptum um dekk. Við erum eldsnöggir hjá Max1. Max1 skiptir öllu. Komdu við hjá Max1 í dag.

*Engar tímapantanir - komdu bara!*

**Reykjavík** Bíldshöfði 5a, Bíldshöfði 8, Jafnasel 6, Knarrarvogur 2, sími 515 7190.
**Hafnarfjörður** Dalshraun 5, sími 515 7190 .
**Akureyri** Tryggvabraut 5, sími 515 7050.

MAX1 BÍLAVAKTIN

*Við erum góðir í að gera hlutina fljótt og vel og ódýrt – skoðaðu: www.max1.is*

# GOODYEAR er flaggskipið okkar

**Fyrirtækið Klettur – sala og þjónusta ehf. starfrækir öfluga hjólbarðadeild og býður upp á breitt vöruúrval dekkja, allt frá mótorhjóladekkjum upp í dekk fyrir stærstu gerðir vinnuvéla, en aðalmerki Kletts í dekkjum er GOODYEAR.**

Klettur – sala og þjónusta ehf. er nýlegt fyrirtæki sem byggir á gömlum grunni. Klettur er til húsa í Klettagörðum 8 við Sundahöfn og er stór heildsali á dekkjum fyrir fólksbíla, jeppa, sendibíla, vörubíla, vinnuvélar og mótorhjól auk þess að reka glæsilega dekkjaþjónustu fyrir minni fólksbíla og stærstu gerðir vörubíla.

Aðalvörumerki Kletts í hjólbörðum eru **Goodyear** og **Dunlop** en þau merki hafa yfir 100 ára reynslu í framleiðslu á hjólbörðum. Mikið úrval er af bæði negldum og ónegldum dekkjum. **Goodyear** er flaggskip fyrirtækisins en önnur merki sem það er með eru:

**Winterforce** sem eru kanadísk dekk en þau hafa verið gríðarlega vinsæl undir óbreytta jeppa og jepplinga. Winterforce-dekkin henta afar vel við íslenskar aðstæður og eru fáanleg bæði negld og ónegld á góðu verði.

**Kelly** og **Fulda** eru undirmerki frá Goodyear framleidd í Evrópu á góðu verði. Þessi vörumerki eru mjög sterk og hafa verið lengi á dekkjamarkaðinum.

**Minerva** er síðan í ódýrasta flokknum, en þau eru flipaskorin og hægt að fá þau bæði negld og ónegld.

**Goodyear UltraGrip** hámarkar veggripið við veginn, árangur **UltraGrip Ice+** við erfiðustu vetraraðstæður hefur sýnt sig og sannað. Það er ekki einungis 8 prósentum betri árangur en sambærileg dekk hafa heldur er hönnun vetrardekkjanna hljóðlátari og betri í akstursseiginleikum. Við hugsum um öryggi þitt með nýrri tækni svo þú þarft aðeins að einbeita þér að akstrinum.

> **Starfsmenn Kletts reyna að vera leiðbeinandi og leggja ríka áherslu á góða þjónustu og að geta aðstoðað viðskiptavininn fljótt og vel.**

Klettur sér m.a. um að þjónusta bílaumboðin Heklu og Öskju með hjólbarða. Einnig var nýlega undirritaður samstarfssamningur við Toyota um alla hjólbarðaþjónustu. Klettur er einnig með áralanga reynslu í að þjónusta atvinnugeirann, bæði vörubíla og vinnuvélar.

Gott aðgengi er að upplýsingum um dekk á heimasíðu Kletts. www.klettur.is.

Starfsmenn Kletts reyna að vera leiðbeinandi og leggja ríka áherslu á góða þjónustu og að geta aðstoðað viðskiptavininn fljótt og vel.



Starfsmenn Kletts, frá vinstri: Gísli Ólafsson, Þorgeir H. Kristmannsson, Eggert B. Eggertsson og Halldór Jóhannsson hafa hagsmuni viðskiptavinarins alltaf að leiðarljósi. MYND/VALLI



## WINTERFORCE:

**Neglanleg heilsárs-dekk** sem framleidd eru í Kanada. Endingargóð dekk á frábæru verði. Tilvalin undir jepplinga og óbreytta jeppa.



## GOODYEAR UG8:

**Afburðadekk við** íslenskar aðstæður. Háþróað dekk frá Goodyear sem hefur hlotið 1. sæti í virtum samanburðarkönnunum víða um heim.








Með Active Grip tækni hámarkast veggripið við veginn, árangur UltraGrip Ice+ við erfiðustu vetraraðstæður hafa sýnt sig og sannað. Það er ekki einungis 8% betri árangur heldur en sambærileg dekk hafa heldur er hönnun vetrardekkjanna hljóðlátari og betri í akstureignleikum. Við hugsum um öryggi þitt með nýrri tækni svo þú þarft aðeins að einbeita þér að akstrinum. **www.goodyear.is**

TEST WORLD INTERNATIONAL TESTING SERVICES | ACTIVEGRIP TECHNOLOGY | tire technology INTERNATIONAL 2011 AWARDS FOR INNOVATION AND EXCELLENCE

GOODYEAR Safety together

* Gerðar voru prófanir meðal þriggja helstu dekkjaframleiðanda og gerður samanburður við vetrarasktur þar sem vegir voru þakktir snjó og ísingu í janúar 2010 af Test World. Prófaðar voru dekkjastærðir 205/55 R16 94T; Ökutæki Ford Focus 2,0 bensínvél, í Ivalo í Finnlandi, skýrsla nr: TW30200032; á blautum og þurrum vegi. Í janúar 2010 af Test World. Prófaðar voru dekkjastærðir 205/55R16 94T; Ökutæki: VW Golf 6 V2.0 TDI í Mireval Frakklandi, skýrsla nr: TW20100032; á blautum og þurrum vegi.

KLETTUR

Klettagörðum 8-10 | 104 Reykjavík | Sími: 590-5100 | www.klettur.is

# Loftbóludekk frá Bridgestone – grænn valkostur í vetur

**Betra grip ehf. er umboðs- og söluaðili fyrir Bridgestone- og Firestone-hjólbarða á Íslandi. Fyrirtækið hefur tekið til sölu nýjustu gerð loftbóludekkja frá Bridgestone, en þau þykja henta vel við vetraraðstæður, hálku, bleytu og snjó.**



Loftbóludekkin eru fyrsti raunverulegi valkosturinn við hefðbundin vetrardekk.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fyrirtækið Betra grip ehf. rekur heildverslun að Lágmúla 9, með verkstæðistæki frá Ravaglioli og viðgerðavörur fyrir hjólbarða frá Tip Top. Fyrirtækið er jafnframt umboðs- og söluaðili fyrir Bridgestone- og Firestone-hjólbarða, sem framkvæmdastjórinn Arngrímur Þorgrímsson segir vera með þeim bestu sem völ er á.

„Að öðrum ólöstuðum er Bridgestone stærsti og einn virtasti dekkjaframleiðandi á markaðnum, með höfuðstöðvar í Japan og framleiðslu um allan heim. Við flytjum inn Bridgestone-hjólbarða fyrir allar gerðir bifreiða, allt frá dekkjum undir fólksbíla og upp í stór og sterk lyftaradekk sem vega hálft tonn. Um þessar mundir erum við svo einmitt að fá þaðan nýjustu línu loftbóludekkja, þriðju kynslóðina WS70, í hús," segir Arngrímur og lýsir eiginleikunum nánar.

„Dekkin hafa á skömmum tíma farið sigurför um heiminn enda á ferð fyrsti raunverulegi valkosturinn í stað hefðbundinna nagladekkja. Hjólbarðarnir eru míkroskornir, mjúkir og með loftbólum sem virka eins og öflugar sogskálar. Þær sjúga sig niður í malbikið og draga í sig vökva og hrinda jafnóðum frá sér þegar hjólin snúast. Dekkin eru þannig góð í vetraraðstæðum, hálku, bleytu og snjó og veita töluvert öryggi. Af sömu sökum eru þau hljóðlát og umhverfisvæn og endast vel."

> **Hjólbarðarnir eru míkróskornir, mjúkir og með loftbólum sem virka eins og öflugar sogskálar.**

Betra grip starfrækir einnig hjólbarðaverkstæði í húsnæðinu að Lágmúla 9. „Þar vantar aldeilis ekki upp á þjónustulund og reynslu þar sem þaulreynt afgreiðslufólk veitir upplýsingar, ráðgjöf og aðstoð undir stjórn Jóhannesar Jónssonar, sem hefur unnið í þessum geira í meira en aldarfjórðung og þekkir hann því eins og lófann á sér," segir Arngrímur.

Heildverslunin og verkstæðið eru opin alla virka daga frá klukkan 8 til 18. Verkstæðið er opið á laugardögum frá klukkan 10 til 14.

Allar nánari upplýsingar eru veittar í síma 533-3999 eða á heimasíðu fyrirtækisins, slóðin er betragrip.is.




Leggðu þitt að mörkum til að minnka svifryksmengun og veldu loftbóludekkin frá
BRIDGESTONE
BETRAGRIP
Lágmúla 9 • 108 Reykjavík
Sími 533 3999



HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA

# VILTU VINNA VETRARDEKK & UMFELGUN?

VERÐLAUNAKROSSGÁTA



HEPPINN ÞÁTTTAKANDI VINNUR FJÖGUR INTERSTATE VETRARDEKK AÐ VERÐMÆTI 50.000 KR.

TÍU AÐRIR FÁ ÓKEYPIS UMFELGUN FYRIR BÍLINN.

SENDIÐ LAUSNARORÐIN, NAFN OG SÍMANÚMER MEÐ TÖLUVUPÓSTI Á pitstop@pitstop.is EÐA KOMIÐ MEÐ LAUSNINA Á EINHVERJA AF ÞJÓNUSTUSTÖÐVUM OKKAR. VIÐ DRÖGUM 1. NÓVEMBER.




LAUSNARORÐ - Ekki er gerður greinarmunur á stöfum með/án kommu.

Interstate heilsárs- og vetrardekkin eru umhverfisvænni kostur. Munstrið inniheldur minna magn af mengandi olíum og uppfyllir evrópska staðla um efnisinnihald hágæða hjólbarða.

VÍSBENDINGAR
1▸ Í hvaða landshluta er nýjasta þjónustustöð Pitstop? 2▸ Dekk sem nota má allt árið 3▸ Íslenska þýðingin á Pitstop 4▸ Það er líklegra að þú kaupir dekk þar sem verðið er ________ 5▸ Getur verið gott að hafa í dekkjum ef eknir eru fjallvegir 6▾ Í svona veðri er lítið skyggni 7▾ Þegar þetta er á götum er nauðsynlegt að vera á góðum vetrardekkjum 8▾ Þetta verður að vera a.m.k. 1,6 mm djúpt 9▾ Það getur verið mjög erfitt að aka í þessari færð 10▾ Pitstop selur m.a. þetta vörumerki 11▾ Ekki rigning en varla snjór 12▾ Nagladekk valda meðal annars þessari hvimleiðu mengun

568 2020 SÍMI | RAUÐHELLU 11 HFJ | HJALLAHRAUNI 4 HFJ
DUGGUVOGI 10 RVK | AUSTURVEGI 52 SELFOSS | PITSTOP.IS WWW

pitstop

# Ferðast um hálendið

**Útgefandi:** Ferðafrelsisnefnd - Ferðaklúbburinn 4x4 á Íslandi - **Ritstjóri og ábyrgðarmaður:** Guðmundur G. Kristinsson

1. tölublað 25. október 2011


## Það er verið að loka landinu

### Búið er að loka hundruðum vega og slóða og fjöldi annarra í hættu vegna friðana, þjóðgarða, ósnortins víðernis og yfirgangs einkaaðila




Á undanförnum árum hafa lokanir á slóðum og heilu landssvæðunum aukist verulega. Í verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs var 70 slóðum lokað eða samtals rúmlega 200 km. Á þessu ári hefur Umhverfisráðuneytið friðað 6 landsvæði og nú eru þessi svæði orðin 106 á landsvísu.

Ferðaklúbburinn 4x4 hefur ekkert á móti friðlöndum eða þjóðgörðum, en telur að varlega þurfi að fara og sátt þurfi að nást á milli hagsmunaaðila, en þar hefur verið mikill misbrestur á.

Ýmsar ástæður virðast vera fyrir lokunum. Hjá stjórnvöldum eru lokanir stundum huglægt mat einstaklinga innan stjórnkerfisins og rökin oft óljós. Aðrar lokanir virðast vera til að skapa “ósnortin víðerni” sem líklega eru hugsuð til þess að lokka til landsins sérstakan hóp erlendra ferðamanna á kostnað íslendinga. Íslenskir hestamenn, jeppamenn og aðrir íslenskir ferðamenn eru því að verða óæskilegir í hinni ósnortnu ímynd sem ætlað er að selja útlendingum.

Einkaaðilar hafa lokað slóðum og landsvæðum og reynt að taka gjald af aðgengi að náttúruperlum í sinni eigu. Landeigendur sem jafnvel eru

**“stjórnvöld þurfa að hafa samráð við alla hagsmunaaðila”**

ekki búsettir á svæðinu taka sér það vald að loka sínu landi. Hér eru dæmi um svæði þar sem ferðamenn á vélknúnum ökutækjum eru óvelkomnir: Geithellnadalur, Heiðarvatn, Hofsdalur, Hokinsdalur, Reyðarvatn, austanverð Brattabrekka, Reykjardalur, við Haffjarðará, Búrfellsheiði, svæði norður af Kröflu, Fimmvörðuháls og mörg fleiri. Það liggur fyrir fjöldi hugmynda sem stuðla að því að hafa eina ríkisstýrða leið í ferðamennsku á hverju svæði. Sem dæmi þá má almennur ferðamaður ekki fá sér lúr í vegkantinum innan Vatnajökulsþjóðgarðs, því hann á að gista á stöðum sem stjórnvöld hafa ákveðið. Ferðamaður má ekki reisa kúlutjald í Ódáðahrauni nema hann beri allan farangurinn á bakinu. Verið er að tryggja að „ferðamaðurinn“ falli inn í ákveðinn ríkisramma.

Í farvatninu eru miklar breytingar sem hafa áhrif á ferðavenjur Íslendinga. Náttúruverndarlög eru í endurskoðun og þar verður Umhverfisráðherra nánast einráður í ákvarðanatöku um ýmis mál. Í Náttúruverndarlögum á að koma á fót miðlægum GPS vegagagnagrunni sem á að vera tilbúinn 2014 fyrir miðhálendið og 2016 fyrir landið í heild. Óraunhæft er að það takist þó fjármagn fengist. Mælingar á vegum og slóðum eru forsenda þess að hægt sé að klára verkið og mikil vinna eftir. Öll sveitarfélög koma að þessu þar sem þau eru með skipulagsvaldið.

Aðkoma hagsmunaaðila að þessum verkefnum hefur því miður verið lítil og er það miður. Það eru miklar líkur á að frekari takmörkunum á ferðafrelsi séu framundan á næstunni. Það þarf að ná sáttum og samræma sjónarmið hagsmunaaðila við markmið í hverju máli.

## Umhverfisráðherra viðhafði ekki vandaða stjórnsýslu

Það er alls ekki það sama að "hafa ekki orðið uppvíst að óvandaðri stjórnsýslu" og þess að "viðhafa vandaða stjórnsýslu". Umboðsmaður Alþingis segir staðfestingu umhverfisráðherra á stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Vatnajökulsþjóðgarð fela í sér setningu stjórnvaldsfyrirmæla. Þegar svo háttar til gilda ekki ákvæði stjórnsýslulaga og þess vegna er umfjöllun umboðsmanns takmarkaðri en ella hefði verið.

Ferðaklúbburinn 4x4 og Skotvís sendu upboðsmanni alþingis kæru vegna málsmeðferðar Umhverfisráðherra og stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs í undirbúningi að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs. Þetta var gert eftir að kom í ljós að ekki var tekið tillit til þeirra athugasemda sem þessir aðilar og fjölmargir aðrir settu inn varðandi verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs.

Umboðsmaður staðfestir hvergi í umfjöllun sinni að málsmeðferð stjórnvalda hafi verið góð eða vönduð. Hann kemst að þeirri niðurstöðu að hún hafi aðeins uppfyllt þær lágmarkskröfur sem kveðið er á um í lögum um Vatnajökulsþjóðgarð.

Ef ráðuneytið hefið viðhaft vandaða stórnsýslu:

- Væru ekki deilur í dag um Vatnajökulsþjóðgarð
- Hefði Vatnajökulsþjóðgaður ekki fengið fjölda athugasemda við stjórnunar og verndaráætlunina
- Hefði Umhverfisráðherra ekki þurft að koma með tilmæli til stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs um að skoða nánar samgönguþátt áætlunarinnar
- Hefði ekki verið sett á stofn samgöngunefnd til að endurskoða samgönguþátt Vatnajökulsþjóðgarðs
- Hefðu níu félagasamtök sem tengjast ferðalögum um hálendið ekki skrifað greinar í Fréttablaðið á síðasta ári um ónógt samráð í undirbúningi að Vatnajökulsþjóðgarði
- Hefði Ferðaklúbburinn 4x4 og Skotvís ekki kvartað varðandi málsmeðferð Umhverfisráðherra til Umboðsmanns Alþingis.

Niðurstaðan er að stjórnvöld eru ekki að brjóta stjórnsýslulög, en þau eru heldur ekki að viðhafa góða eða vandaða stjórnsýslu. Eins og sést á listanum hér að ofan, þá eru stjórnvöld ekki að vinna með hagsmunaaðilum að þessum málum og því spurning hvaða augum þessir aðilar líta á samstarf. Þessi vinnubrögð stjórnvalda eru bara sýndarsamráð til að uppfylla lágmarksskilyrði og komast hjá því að fá á sig dæmda stjórnsýslukæru. Ekki má gleyma því að Umhverfisráðherra hefur þegar verið dæmdur tvisvar um brot á stjórnsýslulögum sem staðfestir að hann er að dansa á línunni í þessum málum.

Ferðaklúbburinn 4x4 mun áfram skapa aðhald á framgöngu stjórnvalda í þessum málum og ekki hætta þeirri baráttu fyrr en stjórnvöld vinna þessi mál í góðu samstarfi við hagsmunaaðila og leggja grunn að góðu samráði og viðhafa góða og vandaða stjórnsýslu.

## Nýliðaferð á Grímsfjall

### Þegar GPS tækið hikstaði vegna kulda!



Sveinn Guðmundsson

**Jeppaferð á Grímsfjall var ágætis tilbreyting og mér tókst með litlum fortölum að fá Guðbjart vin minn sem kóara og leiðsögumann. Ferðin var sett upp sem nýliðaferð af Ferðaklúbbnum 4x4 og Einar Kjartansson hafði umsjón með**

Í hópnum voru átta bílar og farið var frá Hálendismiðstöðinni í Hrauneyjum á laugardagsmorgni og ekið sem leið lá í Jökulheima og komið þangað um kl. tólf. Í Jökulheimum voru miðstöðvarnar bilaðar í báðum skálum og 15 gráðu frost úti og inni.

Ákveðið var að kíkja á jökulinn og vita hvort ekki væri hlýrra þar. Mjög blint var á jöklinum vegna skafrennings, en við sáum í heiðan himinn mest af leiðinni. Vegna frostsins tróðst illa undir bílunum, en tveir bílar á 33” dekkjum (Súkka og 4Runner) voru samt komnir með okkur hinum á 38” dekkjum á Grímsfjall um kl. 5. Þar var 20 gráðu frost og strekkings vindur sem lægði þegar leið á kvöldið. Hlýtt var í skálanum og flott í gufunni. Grilluð voru lambalæri og drukkið jólaöl. Mjög fallegt veður var um kvöldið, fullt tungl sem lýsti upp jökulinn með miklum rosabaug.

Á sunnudeginum var ekið til baka með viðkomu í jökulhellum sem hafa myndst norðan í fjallinu eftir síðasta gos. Skyggni var frekar slæmt niður af jöklinum, en rofaði til við jökuljaðarinn. Þar sáum við mikinn svelg í ísinn og var hann það stór að allir bílarnir hefðu komist fyrir í honum. Þetta mynnti okkur á að fara þarf varlega við akstur á jöklum.

Þegar við fórum að skoða GPS



ferilinn eftir að heim var komið rákumst við á misræmi sem við vorum ekki sáttir við. (sjá mynd af slóðum). Blái ferillinn (GPS slóðin okkar) sýnir að við fórum sunnan við sigketilinn á uppeftir leiðinni.

Á leiðinni til baka er blái GPS ferillinn óeðlilega beinn (eins og tækið hafi ekki skráð neitt) og sýnir að við fórum norðan megin við sigketilinn sem við gerðum ekki.

Við fengum GPS feril frá einum ferðafélaga okkar og á myndinni er hann rauður að lit. Á leiðinni uppeftir falla slóðarnir saman sem er eðlilegt, þar sem bílarnir óku hver á eftir öðrum. Misræmi milli slóðanna kemur fram þegar við förum til baka á sunnudagsmorgninum. Þá er eins og GPS tækið (Garmin 12MAP) skrái ferilinn ekki niður í byrjun ferðar og sýni beina línu í stað þess að falla saman með rauða slóðanum eins og það gerði á leiðinni uppeftir því við ókum þar saman. Eftir þriggja kílómetra akstur tekur tækið við sér og skráir ferilinn rétt.

En hvers vegna lét GPS tækið svona? Okkar skýring eftir að hafa skoðað tæknilegar upplýsingar um það á vefnum, er að við hefðum ofboðið kuldaþoli þessi. Á Grímsfjalli var 20° frost og hafði GPS tækið var í bílum um nóttina. Garmin segir að þeir ábyrgist áreiðanleika Garmin 12MAP ef hitastig er frá -15° til +55°. Þetta á reyndar við um nánast öll GPS tæki. Það er þess vegna öruggast að taka GPS tækin með inn í hús yfir nóttina ef þess er kostur.

## Upplifðu landið á nýjan og spennandi hátt

### Taktu þátt í ferðum Litlunefndar



Litlanefnd Ferðaklúbbsins 4x4 stendur fyrir jeppaferðum fyrir nýliða. Þessar ferðir eru farnar mánaðarlega yfir veturinn og fyrir hverja ferð eru haldnir kynningarfundir og stutt námskeið um hvernig skuli ferðast á hálendinu.

Ferðirnar eru fyrir nýliða á óbreyttum eða lítið breyttum jeppum. Áherslur í ferðum eru mismunandi eftir aðstæðum, tekist er á við snjóakstur, hvernig aka skal yfir vatnsföll, hvernig nota eigi GPS tæki, hvernig hleypt er úr dekkjum og fjölmargt annað.

Ferðirnar eru í umsjón reyndra jeppamanna. Aðalfararstjóri leiðir ferðina og eftirfari fer síðastur og aðstoðar þá sem mögulega heltast úr lestinni. Þátttakendum er skipt upp í mátulega stóra hópa og reyndur hópstjóri fer fyrir hverjum hópi. Oft eru öryggisbílar með sem koma til aðstoðar eftir þörfum.

Markmiðið með þessum ferðum og námskeiðum er að leiðbeina fólki sem vill ferðast á jeppa um hálendið og bjóða því að prófa slíkar ferðir undir leiðsögn reyndra aðila sem tryggja öryggi, kenna ábyrga ferðamennsku.

**Næsta ferð: 12. nóvember 2011**

Ferðir Litlunefndar eru ávallt dagsferðir á laugardegi og lagt upp frá Stöðinni við Vesturlandsveg kl. 9. Á miðvikudegi fyrir hverja ferð er fundur um ferðatilhögun og stutt námskeið í ferðamennsku á fjöllum.

Ferðum Litlunefndar eru ókeypis, en nauðsynlegt er að skrá sig á www.f4x4.is þar sem ferðirnar eru auglýstar. Jafnframt er að finna upplýsingar um ferðirnar á Facebook undir Litlanefnd F4x4. Hægt er að sjá myndir og umfjöllun um fyrrir ferðir undir Litlanefnd á www.f4x4.is.

# Minning um Vikrafellsleið



Ólafur Magnússon

**Nú er búið að loka Vikrafellsleið skemmtilegri jeppaslóð sem liggur á milli norðanverðs mynnis Dyngjufjalladals, norðan Dyngjufjalla og að Öskjuslóð austan við skálann Dreka. Vikrafellsleið er gömul leið sem hefur verið ekin síðan fyrir 1960 samkvæmt Árbók FA frá 1981 og eða minnst í 50 ár. Það er góður kostur að hafa opna hringleið um Dyngjufjöll og Öskju, Gæsavatnaleið, um Dyngjufjalladal og síðan Vikrafellsleið.**

Eftir að hafa lesið tillögur stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs um hugsanlega lokun Vikrafellsleiðar, ákvað fjöldskylda mín að skoða þessa leið sumarið 2010. Leiðin liggur í upphafi um sanda og jeppaslóðin greinileg og auðfarin. Á leiðinni þurfti að stoppa oft, því margskonar jarðmyndanir, hraun, klettar og sprungur var spennandi að skoða. Dæmi um þetta voru risastórar klettaflögur sem liggja dreifðar um nokkurt landssvæði, klettur eins og sneitt rúgbrauð, bátaskýlið (jarðfall sem gæti geymt skip og „fíllinn", klettur eins og fílshaus.



Leiðin liggur fyrst um sanda og síðan um ýmiskonar hraun, en á lokahluta leiðarinnar, við Vikrafell að Öskjuslóð er ekið um ljósan eða gullinn vikur. Um miðja leið er gönguleiðin milli Dreka og Bræðrafells þveruð og gæti því verið þar hætta á að rekast á vaska göngumenn. Mögulega gætu vélarhljóð jeppa truflað stöku göngumann í nokkrar mínútur, en meiri hætta er þó líklega á hljóðmengun frá flugvélum sem fljúga yfir svæðið. Hraunið er nokkuð erfitt, slóðinn mjór á köflum, með kröppum beygjum og hvörfum sem þarf að varast, en leiðin þó fær flestum lítið breyttum jeppum. Varla er að finna stingandi strá á Vikrafellsleið, en þó eru sumstaðar svolitlir gróðurtoppar sem fallegt er að sjá og ótrúleg seigla að lifa af við þessar aðstæður. Seigla eins og býr í íslensku ferðafólki sem áfram vill fá að ferðast um landið sitt.

Þjóðarsál Íslendinga snýst að hluta til um frelsi, sérstaklega frelsi til að uppgötva, rannsaka og njóta eigin lands. Í gegnum ár og aldir höfum við þvælst um landið af misjöfnum ástæðum, sumir af illri nauðsyn, aðrir af ánægju eða þörf fyrir að fá útrás fyrir frelsisþörf og ævintýramennsku. Hægt er að nefna nokkur dæmi um aðila sem í gegn um tíðina hafa notið landsins í blíðu og stríðu svo sem Fjalla Eyvindur, Jónas Hallgrímsson, Jón Sigurgeirsson frá Helluvaði, Guðmundur Jónasson fjallabílstjóri og ekki síst Páll Arason sem ók manna fyrstur margar af þekktum leiðum í Ódáðahrauni. Þetta er fólk sem Íslendingar hafa horft til sem áræðinna fjallamanna, en eru þó aðeins örfá dæmi af gríðarlegum fjölda samlanda okkar sem nýta og nýtt hafa hálendið. Enn vill fólk nýta og njóta hálendisins og óbyggða landsins eins og sjá má af almennri eign Íslend-inga á jeppum, vélsleðum, fjórhjólum ofl. Má einnig benda á þann mikla fjölda sjálfboðaliða sem eru í björgunarsveitum, stór hluti vegna þeirrar upplifunar sem hægt er að njóta úti í íslenskri náttúru.



Þjóðgarðahugmyndin er örugglega ágæt, þó ég sé ekkert endilega sammála því að skipuleggja þurfi í þaula svona landssvæði eins og nú eru skilgreind innan Vatnajökulsþjóðgarðs, það er auðveldlega hægt að gæta sérstaklega að viðkvæmustu svæðunum á annan hátt. Fyrir utan markaðssetningargildi þjóðgarðsins liggja þar kannski einhver verndarsjónarmið, en verndin á auðvitað ekki að vera aðeins þannig að einum hópi fólks sé gefinn kostur á að ferðast um landið, sérstaklega þar sem fá verndarrök eru fyrir bönnum önnur en að tryggja það sem kallað er „ósnortin víðerni". Ósnortin víðerni er lúxusskilgreining sem er algjörlega óþörf á Íslandi og sérstaklega á svæðinu norðan Vatnajökuls þar sem víðáttan er óendanleg og umferð sáralítil. Tryggja þarf sátt við alla ferðahópa sem njóta þjóðgarðsins og að öllum sé gert jafnhátt undir höfði. Með samvinnu og samráði ásamt gagnkvæmri tillitssemi er hægt að koma málunum í farveg þar sem allir eru sáttir og allir vinna. Með ósátt og ósamkomulagi verður þjóðgarðurinn aldrei metinn sem slíkur og hætta á að ekki verði fylgt þeim reglum sem þar eru settar, því miður.

En nú hefur Vikrafellsleið verið lokað og minni fjölskyldu ekki gert kleift að fara hana með löglegum hætti eða fjölda annars ferðafólks. Þessi leið sem ég var svo lánssamur að njóta er aðeins ein af mörgum leiðum sem hefur verið lokað eða stendur til að loka. Ég sem venjulegur ferðamaður, sem nýt þess að ferðast um landið mitt í sátt og samlyndi við náttúruna skora á umhverfisyfirvöld að láta af lokunar- og bannstefnu sinni, hafa gamlar ökuleiðir opnar áfram og tryggja að landinu sé haldið opnu fyrir ferðafólki.

# Ferðafrelsi í hættu vegna ofstækis í náttúruvernd



Jón Snæland

Stjórnvöld eru föst í forræðishyggju og útiloka samstarf við 30.000 útivistaraðila

**Hvað er mitt ferðafrelsi?**
Fyrir mér er ferðafrelsi að geta ekið slóðakerfi landsins og tjaldað í óbyggðum. Ég vill fá að aka eftir torfærum slóðun og takast á við stórar jökulár, án þess að einhver ákveði fyrir mig við skrifborð í Reykjavík, að það sé hættulegt. Ég vill nýta slóðana á sama hátt og kæjak ræðarinn nýtir straumharðar ár eða fallhlífastökkvarin nýtir háloftin. Slíku frelsi fylgir auðvitað viss ábyrgð. Það eiga ekki vera geimvísindi að aka réttan slóð eða taka rétta ákvörðun. Reglan er að stoppa þegar slóðinni hverfur, ganga fram fyrir bílinn og kanna stöðuna. Ef slóð sést, þá er bara snúið við. Það sama er gert ef land er of blautt og hætta á vegskemmdum eða landspjöllum. Flóknara er það ekki.

**Fyrirbyggja myndun á villuslóðum**
Það er hægt að fyrirbyggja myndun villuslóða með því að stika og ferlamæla hálendið og tryggja að allir hálendisfarar séu með slóðakerfið í sínum GPS tæki. Þetta virðist ekki flókið, enda er það ekki flókið. Ef tíma og peningum hefði verið eytt í þessa þörfu hluti, frekar en endalaus fundarhöld og skýrslugerðir, væri löngu búin að koma þessu í verk. Í staðin þess að bretta upp ermar og framkvæma verkefnin, er enn verið að útbúa nýja verkefnalista og framkvæma verkefni af handahófi. Þetta eitthvað er orðið stórslys og hætt að vera hlægilegt.

**Farið offari í stofnun friðlanda og þjóðgarða**
Stofnun á Vatnajökuls "þjóð" garði var stórslys og það þarf að nýta aðdragandann að stofnun hans sem víti til varnaðar. Á Íslandi er farið offari í stofnun friðlanda og þjóðgarða og virðist sem þingmenn og ráðherrar ætli að reisa eigin bautastein með styttu á hverjum stað. Þetta er allt gert í nafni náttúruverndar, en stundum lyktar þetta af viðskiptahugmyndum, þar sem sumir hafa meiri hag af gjörningnum en aðrir, en það er önnur saga og efni í rannsóknarnefnd. Það eru um 106 landsvæði sem eru tengd verndunarsjónarmiðum (það þarf talnaglöggan til að finna út nákvæman fjölda). Innan þessara svæða eru boð og bönn. Sumstaðar er öll umferð bönnuð og annarstaðar eru reglur frjálslegar. Það er því flókið að rata rétta leið í frumskógi reglugerða og laga í þessu umhverfi. Þarna eru sægur af gildrum sem saklausir og löghollir vegfarendur geta lent í, ef þeir fara ekki varlega. Það er bannaður akstur hér og þar og slóðar ekki merktir varðandi lokað eða opið. Þannig er hægt að innheimta 200 þúsund króna sektir til þess að borga laun ört vaxandi stéttar landvarða.

**Ofstæki í náttúruvernd**
Ofstækisfólk í náttúruvernd hefur farið hamförum og raðað sér allt í kringum umhverfisráðherra og sendir forræðishyggjuskeyti út um allt um að allir "hinir" séu að tortíma landinu. Þetta fólk gerir smámál að stórmáli og þannig tókst að gera eina olíutunnu sem skilin var eftir á Fimmvörðuhálsi, að stóra olíutunnumálinu svo dæmi sé tekið. Fjöldi slíkra mála hefur orðið til undanfarið og er þetta liður í þeirra áróðursstríði. Ég lít á landið sem eitt stórt friðland og sé lítinn mun á landspjöllum eftir utanvegaakstur á hálendinu eða bónda sem hefur tortímt landareign sinni með því að breyta henni í brotajárnshaug. Fyrir mér er drasl, sóðaskapur og skemmdir, alveg jafn slæmt hvar sem það er að finna.


## Að ganga í klúbbinn

Með aðild getur almenningur styrkt hagsmunabaráttu Ferðaklúbbsins 4x4 fyrir ferðafrelsi landsmanna og einnig tekið þátt í starfi klúbbsins. Upplýsingar um aðild er að finna á vef klúbbsins www.f4x4.is




# Stórkostlegur íshellir

## Veikur þjóðverji og rafmagnslausir ítalir



Heiðar Snær Engilbertsson

Eitt sunnudagskvöld hittumst við í Hálendismiðstöðinni í Hrauneyjum, níu manns á fjórum bílum, Baldur og Magga á óbreyttum Kia Sorento, Pétur og Bertha á Patrol 35", Heiðar og Barbara á Musso á 38" og Gústi, Sigga og Andri Berg á 80 Cruiser á 46". Gist var í Hrauneyjum og lagt af stað í bítið inn á Sprengisand um Versali, Illugaver og síðan ekið að afleggjaranum í Vonarskarð. Veðrið var þokkalegt, skýjað og súldarvottur.

Við Köldukvísl var Kian sett í spotta og fór örugglega yfir aftan í Cruser. Stuttu seinna sáum við þrjá jeppa sem óku utan vega og reyndust þetta vera erlendir ferðamenn. Gústi lét þá vita að ekki mætti aka utan vega á Íslandi.

Í Gjóstuklifi átti Kian erfitt með að komast upp, enda brekkan brött og grýtt. Upphaflega átti að fara um Urðarhálsinn, en farið var norðan við Trölladyngju, í Svartárdrög og gist í Dreka. Að morgni mánudags gengum við inn í Drekagil og ókum síðan inn að Víti og Öskjuvatni. Þar er náttúran stórkostleg og við enduðum í Herðubreiðarlindum sem eru eins og vin í eyðimörk sands og hrauns. Þar er Eyvindarkofi þar sem FjallaEyvindur átti vetrardvöl.



Síðan var ekið í sandstormi suður í Kverkfjöll og gist í Sigurðarskála, en rétt áður en við komum í skálann náði Baldur að rífa dekk á Kiunni.

Frá Sigurðarskála fórum við og skoðuðum íshelli í Kverkjökli. Erfitt var að komast þurr niður að íshellinum þar sem á leiðinni voru nokkrar sprænur og ekki var göngubrúin árennileg, en yfir hana fór bara hluti af hópnum. Íshellirinn liggur mörg hundruð metra innundir jökulbrún og framarlega í honum er foss.

Kvöldið sem átti að vera fjörugt með gítarspili breyttist í baráttu upp á líf og dauða hjá þýskum ferðamanni í sykurfalli meðan hann beið eftir að þyrlan kæmi með lækni. Þetta tók á taugarnar, en við náðum okkur fljótt.

Við byrjuðum daginn á að tappa dekkið á Kiunni og síðan var lagt af stað að stíflunni við Kárahnjúka. Á leiðinni rákumst við á rafmagnslausa ítali á tveimur bílum sem við komum í gang. Við skoðuðum Kárahnjúka og fórum inn í Laugavalladal þar sem Pétur komst í náttúrulega heita sturtu. Ekki fóru fleiri í sturtu þrátt fyrir sand í hárinu, eyrunum og á milli tánna, þar sem deginum átti að ljúka á hóteli með sundlaugarferð. Fórum áfram Laugavalladal í Sænautasel þar sem við stoppuðum. Þar er gamall bær, safn og verslun með handgerða muni..

Á fimmtudagsmorgni var farið í sund og ekki lagt af stað fyrr en um hádegi. Gat hafði komið á stimpilhúsið í einni sjálfskiptingunni og lak út vökvi. Þessu var reddað á Laugum með pústkítti, rennt upp í Bárðardal með viðkomu við Aldeyjarfoss, að Kiðagili og síðan ekið í Laugafell. Við komum snemma þangað, fórum í laugina og svo var tekinn upp gítarinn um kvöldið. Kanadamaður deildi með okkur aðstöðunni (kom á reiðhjóli frá Akureyri), svartur af sandi frá hvirfli til ilja. Hann dreif sig í laugina og þá kom í ljós kom að hann var hvítur á hörund. Að morgni föstudags var ekið inn á Skagfirðingaleið, í Vesturdal og inn í Gilhagadal þar sem við áðum á fallegum stað.

Ókum síðan í átt að Kjalvegi og rétt áður en við komum að Bugaskála á Eyvindarstaðaheiði brotnaði liðhús í Mússó og stór rifa kom á framdekkið. Bíllinn var tjakkaður upp og Gústi sauð þetta saman. Við vorum með 38" dekk sem skellt var undir og síðan var ákveðið að halda suður Kjöl.

Þegar við komum á Hveravelli ókum við að afleggjaranum í Kerlingarfjöllum og síðan áfram inn í Setur. Þar hittum við fyrir þreytta og pirraða hestamenn, en ekkert rennandi vatn var í skálanum og klósettin þurr og full af óþverra. Nokkur urgur varð þarna á milli aðila, en þegar okkur tókst að koma vatni á og hreinsa klósettin urðu hjá okkur góðar sættir.

Við tókum að sjálfsögðu upp gítarinn, sungum fram eftir kvöldi og fórum sæl að sofa þessa síðustu ferðanótt. Að morgni (já eða undir hádegi) ókum við niður í Kisubotna og Klakksleið. Stoppuðum í Svínárnesi og þar endaði ferðin.

# Öflugt framlag Ferðaklúbbsins 4x4 í náttúruvernd

## Klúbbnum hefur samt markvisst verið haldið frá áhrifum í náttúruverndarmálum síðustu árin

Umræða um hálendið, friðanir og þjóðgarða á undanförnum misserum hefur farið stigmagnandi og orðið slagorðakenndari. Fjölmiðlar og bloggarar hafa farið þarna fremstir í flokki. Virðist sem mörgum af þeim finnist ekkert skemmtilegra en að geta fjallað um þessi mál á öfgakenndan hátt, þeim dettur ekki í hug að tala um lausnir eða samstarf og sumir reyna jafnvel allt til að reka fleyga á milli ólíkra útivistarhópa og svartmála einstaka hópa hjá stjórnmála- og embættismönnum.

Þetta hefur orðið til þess að 30.000 útivistaraðilar í tugum félagasamtaka og fjöldi ferðaþjónustuaðila eru áhrifalausir. Staðan er sorgleg og undanfarin ár hefur almennt útivistarfólk ekki fengið aðkomu að flestu sem stjórnvöld hafa unnið að. Ferðaklúbburinn 4x4 er einn af þessum hópum og hefur lagt mikið á sig til að vernda hálendi og lagt í það mikið fjármagn í gegnum árin.

Það er þess vegna með ólíkindum að samtök eins og Ferðaklúbburinn 4x4 þurfi að berjast um á hæl og hnakka að fá aðkomu að hverjum einasta málaflokki sem snertir hálendið.

Þessi listi hér til hliðar gæti verið mun lengri og það eru miklu fleiri málaflokkar sem Ferðaklúbburinn 4x4 og félagsmenn hafa komið að í gegnum tíðina.

Ferðaklúbburinn 4x4 vill minna á það góða starf sem hann hefur staðið að í gegnum langan tíma:

- Félagar í Ferðaklúbbnum 4x4 hafa í eigin tíma stikað hálendisleiðir, málað stikur og merkt og klúbburinn greitt stikur og efni.
- Ferðaklúbburinn 4x4 lagði til gögn um hvað þyrfti að mæla á hálendinu og félagsmenn mældu hálendið með Landmælingum og eyddu í verkefnið mörg þúsund klukkustundum.
- Ferðaklúbburinn 4x4 lagði til vegagögn vegna stækkunarferlis friðlandsins í Þjórsárverum, gögn um öll mannvirki og skilgreiningar á öllum slóðum, tilgang þeirra og tilurð.
- Ferðaklúbburinn 4x4 kom með raunhæfar tillögur um hvaða vegslóðum bæri að loka innan friðlands í Þjórsárverun.
- Ferðaklúbburinn 4x4 hefur ávallt verið tilbúinn til samstarfs í málum sem snúa að útivist og jeppamennsku. Sú vinna félagsmanna með opinberu starfsfólki hefur verið launalaus, í sjálfboðavinnu og oft á vinnutíma.
- Ferðaklúbburinn 4x4 hefur gefið út bæklinga gegn utanvegaakstri og lagt fjármagn í slík verkefni hjá öðrum.
- Ferðaklúbburinn 4x4 hefur styrkt hálendisgæslu Landsbjargar.
- Ferðaklúbburinn 4x4 rekur með miklum kostnaði VHF fjarskiptakerfið sem allir geta nýtt til skemmtunar og í öryggisskyni.
- Ferðaklúbburinn 4x4 hefur tekið þátt í landgræðslu í Þórsmörk, Hekluskógum og víðar.
- Ferðaklúbburinn 4x4 hefur fengið landgræðsluverðlaun.
- Ferðaklúbburinn 4x4 er aðili að Landvernd.



# Stikun vega og slóða minnkar utanvegaakstur

Á hverju ári stendur Umhverfisnefnd Ferðaklúbbsins 4x4 fyrir stikuferðum þar sem ákveðnar leiðir á hálendinu eru farnar og stikur lagaðar og/eða nýjar settar niður í vegbrún. Þessi aðgerð er liður í því að gera akstursleiðir vel sjáanlegar og með því koma í veg fyrir utanvegaakstur.

Síðasta stikuferð var farin upp svokallaða Gljúfurleit sem liggur í norður, vestanmegin við Þjórsá og upp í hálendisskála Ferðaklúbbsins 4x4 í Þjórsárverum. Þaðan var síðan farin Leppnistunguleið sem liggur í suður frá Kerlingarfjöllum og niður á Hrunamannaafrétt.

Það voru yfir 40 manns á um 20 bílum sem fóru í þessa ferð Umhverfisnefndar og hátt í 600 stikur voru settar niður og mikill fjöldi lagaður á þessum leiðum.



# Við styðjum við bakið á Ferðaklúbbnum 4x4


ELD-HESTAR VOLCANO-HORSES

Arion banki

HÁLENDISMIÐSTÖÐIN HRAUNEYJAR

ÖRYGGISGIRÐINGAR
Suðurhraun 2a
Símar: 544 4222 og 893 5489
Fax: 544 4221 • girding@girding.is
www.girding.is

s. 866 5156
JARÐ LIST ehf

EINSI KALDI VEISLUÞJÓNUSTA

KOLAPORTIÐ

▸ FÍB ÞJÓNUSTA
▸ BÍLAFLUTNINGAR
▸ HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
▸ BÍLALEIGA
Vatnajökull Travel
www.vatnajokull.is
sími. 894-1616

- Akureyrarbær
- Prinsinn söluturn
- Félag íslenskra bifreiðaeigenda
- Gistiheimilið Bjarmalandi
- HS Orka hf
- Höfðakaffi ehf
- Jeppasmiðjan ehf
- Jón Baldursson ehf
- Löndun ehf
- Síldarvinnslan hf
- Skógræktarfélag Hafnarfjarðar
- Stekkjarlundur ehf
- Súðavíkurhreppur
- Trésmiðja Heimis ehf
- Vélsmiðjan Ásverk ehf
- Verslunin Brim Laugavegi 71 og Kringlunni
- Tannlæknastofa Oddgeirs Vínlandsleið 16, Reykjavík
- Léttfeti ehf - Sendibíll Engihjalla1, Kópavogi

BÓNSTÖÐ ÍSLANDS

ISAK 4x4 RENTAL

# Kortlagning sprungusvæða á jöklum

## Tilgangur ekki að banna eða vekja falskt öryggi



Snævarr Guðmundsson

**Hrundið hefur verið af stað verkefni þar sem sprungusvæði á jöklum eru kortlögð með það að markmiði að auka öryggi. Vonast er til þess að sprungukort geti hjálpað ferðamönnum að velja hættuminnstu leiðirnar yfir jökla og forðast lífshættuleg sprungusvæði. Stefnt er að því að síðar á árinu 2010 megi hlaða niður af veraldarvefnum sprungusvæðakortum af stærstu jöklum landsins auk valinna GPS leiðarferla endurgjaldslaust.**

Öræfajökull 10. ágúst 2010.

Ráðist var í verkefnið vorið 2010. Leitað var til nokkurra reyndra jöklamanna sem hafa ferðast ýmist á vélknúnum farartækjum eða gangandi og greining gerð á hvað æskilegt væri að hafa á slíkum kortum. Samhljómur var um nokkur atriði sem hafa verið notuð til hliðsjónar við vinnu verksins:



Sprungusvæði á Hagafellsjökli 3. október 2010.

- Flokkun sprungusvæða þarf að vera einföld og auðlærð
- Upplýsingar á útgefnum kortum verða að sýna hættusvæði, ferðaleiðir (GPS ferlar) og jafnvel útsýnisstaði.

Strax var ljóst að sprungsvæðakort geta einungis verið gild í takmarkaðan tíma. Ekki er hægt að ábyrgjast upplýsingar um sprungusvæði vegna örra jöklabreytinga og þau eru því aðeins til viðmiðunar. Velt var vöngum yfir öðrum hættum á jöklum, hvernig koma má upplýsingum um þær í texta og þá einnig góðum ráðum um ferðatækni. Með þetta veganesti var síðan mótað einfalt flokkunarkerfi þar sem sprungusvæði eru skilgreind í fjögur hættustig.

Kortlagningin er unnin eftir nýlegum loft- og gervitunglamyndum af jöklunum auk nákvæms hæðalínugrunns og ljósmynda af jöklum sem teknar voru úr flugvél síðsumars 2010. Sprungusvæði eru merkt sem flákar. Flákarnir vitna um ástand jökla síðsumars og sýna umfang sprungusvæða í ákveðnu árferði. Ljóst er að flestir ferðast um jöklana síðla vetrar og að vori þegar aðstæður eru aðrar. Af kortum fást því upplýsingar um ástand jökulsvæða undir snjóþekju. Hægt verður að sækja gögn sem birtast á algengum tegundum GPS leiðsögutækja; þessi gögn, eða myndþekjur, sýna flákana með auðkennislit í kortaviðmóti tækjanna. Sama framsetning verður notuð á kortum. Ferðalangar eiga því að átta sig á því hvernig sprungusvæði er undir snjóþekju sem ekið er yfir og metið aðstæður í ljósi þess.



### Sprungusvæðaþekjur leggjast myndrænt yfir kort í GPS tækjum.

Auk kortanna til útprentunar verða fáanlegar sprungusvæðaþekjur sem leggjast yfir kort í gps tækjum. Samhliða gerð sprungukortanna verða lagðir út GPS leiðarferlar sem ætlað er að sýna „öruggustu" leið hverju sinni. Reynt verður að sneiða hjá sprungusvæðum eins og kostur er. Tilgangurinn er tvíþættur: í fyrsta lagi er vonast til að þeir sem eru óvanir jöklaferðum notfæri sér leiðarlögnina og komi til með að halda sig á eða nærri þeim og forðist þar af leiðandi hættuleg sprungusvæði. Í öðru lagi geta ferðalangar, sem eru t.d. staddir annars staðar á jöklum, valið að fylgja slíkum leiðum, ef veður versnar eða aðstæður breytast á einhvern hátt, ef þeir telja hana vera öruggari t.d. vegna nýrri upplýsinga.

### Tilgangur ekki að banna eða vekja falskt öryggi

Mikilvægt er að hér komi fram að tilgangurinn með kortlagningu sprungusvæða og útgáfu leiða er ekki að skilgreina hvar má ferðast og hvar ekki, né að banna fólki á nokkurn hátt að fara inn á sprungusvæði. Ekki er heldur ætlunin að vekja falskt öryggi. Ferðalög á jöklum eru og verða ábyrgð þeirra sem taka sér þau sér á hendur. Þessi vinna hefur nú verið kynnt fjölda manna innan raða björgunarsveitanna (Landsbjargar) og ferðasamtaka, eins og F4x4, Landssambandi vélsleðamanna og annarra útivistarfélaga. Jafnframt hefur verkefnið verið kynnt fyrirtækjum sem gera út á jöklana. Fræðslu og kynningu verður haldið áfram nú í vetur. Mikilvægt er að einhugur ríki um þetta málefni sem snertir alla þá sem stuðla vilja að ferðaöryggi á jöklum landsins.

# Endurskoðun á náttúruverndarlögum í uppnámi

## Enn verið að brjóta ákvæði Árósarsáttmálans og stjórnsýslukærum á eftir að fjölga



Guðmundur G. Kristinsson

Nefnd skipuð af umhverfisráðherra setti í desember fram drög að nýjum náttúruverndarlögum, en við vinnu þeirra var lítið samráð haft við hagsmunaaðila. Búið er að loka á athugasemdaferli, birta hina svokölluðu hvítbók og áfram er haldið án samstarfs eða samvinnu við hagsmunaaðila. Mjög áríðandi er að skoða muninn á náttúruverndarlögum í Noregi og Svíþjóð, en í Svíþjóð var mikil samvinna við alla hagsmunaaðila og þar náðist góð í þessum mikilvæga málaflokki.

**Skilgreina vegi í bæði umferðar- og náttúruverndarlögum?**

Komin er inn ný skilgreining á vegum í nýjum náttúruverndarlögum. Hvað gerist ef skilgreining þar er önnur en í umferðarlögum? Hvor skilgreiningin gildir gagnvart dómstólum? Ef ákært er fyrir hraðakstur, gilda þá umferðarlög og ef ákært er fyrir utanvegaakstur, gilda þá náttúruverndarlög. Það verður að taka af öll tvímæli um gildi skilgreininga samkvæmt þessum lögum.

**Hvað eru nátttúruspjöll?**

Gert er ráð fyrir að umhverfisráðherra geti takmarkað eða bannað akstur á jöklum og frosinni og snævi þakinni jörð vegna náttúruspjalla. Það vantar lagaákvæði um hvernig þetta mat á náttúruspjöllum verði framkvæmt og hvaða viðmið notuð.

**Hvað eru óþægindi fyrir aðra?**

Umhverfisráðherra getur takmarkað eða bannað akstur vegna óþæginda fyrir aðra. Hverjir eru aðrir og hvernig á að meta óþægindi? Er til staðall um óþægindi og við hvað er miðað?

**Kortagrunni á að hafna**

Kortagrunnur sá sem stefnt er að vinna og klára fyrir árið 2016 er algjörlega ófullnægjandi hvað varðar framkvæmd við ferlun, skráningu, umsjón, daglegan rekstur, upplýsingaskyldu og framsetningu.

- Hvergi er gert ráð fyrir fjármagni í vinnu við ferlun í kortagrunn.
- Ekkert samráð er við hagsmunaaðila s.s. félagasamtök, ferðaþjónustu og almenning.
- Ekki er gert ráð fyrir endurskoðun á kortagrunni í náinni framtíð.
- Hvergi er talað um lagalega upplýsingaskyldu eða framsetningu upplýsinga úr kortagrunni.

**Hvað er utanvegaakstur og hvernig á að mæla hann?**

Engar upplýsingar eru til um tilkynningarskyldu þeirra sem munu hafa undanþágu til aksturs utan hins almenna vegakerfis. Samt er talað um að utanvegaakstur hafi aukist. Hvaðan koma þær staðreyndir og hvernig á að mæla þetta?

**Undanþágur vegna utanvegaaksturs**

Þúsundir aðila munu hafa undanþágu til utanvegaaksturs s.s um 20.000 aðilar innan hjálparsveita, hundruðir bænda með sitt heimilisfólk, vísinda- og rannsóknaraðilar og fleiri hópar. Hvernig verður utanvegaakstur þessara aðila skráður? Taka þarf af allan vafa um hvernig mæla eigi hann og hvernig aðgreint verði á milli ólögmæts og lögmæts utanvegaavegaaksturs. Þetta þarf að skilgreina í nýjum í náttúruverndarlögum og setja reglur um tilkynningarskyldu þeirra sem hafa undanþágu til aksturs utan hins almenna vegakerfis.

**Tryggja verður almannarétt**

Náttúruverndarlög verða að tryggja almenningi rétt til að ferðast um landið. Ferðafólk hefur í vaxandi mæli mætt ólögmætum lokunum og engin ákvæði í nýjum drögum treysta rétt almennings til að ferðast um löglega vegslóða á einkalandi. Lögin þurfa að kveða skýrt á um að óheimilt sé að hindra ferðafólk í að ferðast um landið á lögmætum vegumslóðum. Þetta eru aðeins nokkur dæmi úr drögum að nýjum náttúruverndarlögum og ef allt væri tekið fyrir, væri það efni í heila bók. Það stefnir í að enn eitt málið tengt ferðafrelsi íslendinga verði unnið án samráðs og samvinnu við almenning, útivistarsamtök og aðila í ferðaþjónustu. Ákvæði Árósarsáttmálans verða líklega þverbrotin og stjórnsýslukærum mun því líklega fjölga verulega á næstu mánuðum og árum.



„Við erum með mjög gott verð á hjólbörðum og allri þjónustu," segir Róbert Hannesson, stöðvarstjóri hjá Vöku.

# Engar biðraðir – pantaðu tíma á netinu

**Vaka hefur nú opnað á nýjum stað að Smiðjuvegi 28. Nú geta viðskiptavinir valið um tvö stór og öflug dekkjaverkstæði, á Smiðjuvegi og í Skútuvogi.**




Vaka hefur flutt frá Smiðjuvegi 26 í 600 m² pláss að 26 að Smiðjuvegi 28. Hér er miklu þægilegra aðgengi og vinnuaðstaðan betri auk þess sem staðurinn er sýnilegri núna," segir Róbert.

Við höfum flutt okkur frá Smiðjuvegi 26, þar sem Hjólkó var áður til húsa, yfir á Smiðjuveg 28 og erum nú með 600 m² pláss," segir Róbert Hannesson, stöðvarstjóri hjá Vöku. „Starfsmenn hafa verið í óðaönn að koma öllu fyrir á nýja staðnum, en við erum strax byrjaðir að taka á móti viðskiptavinum. Hér er miklu þægilegra aðgengi og vinnuaðstaðan betri auk þess sem staðurinn er sýnilegri núna. Við stefnum svo á að auka enn frekar þjónustu við bifreiðaeigendur í framhaldinu," segir Róbert.

Hjá Vöku er veitt öll almenn hjólbarðaþjónusta, hjólbarðasala og rekið dekkjahótel. „Við erum með mjög gott verð á hjólbörðum og á allri þjónustu og leggjum okkur fram við að bjóða topp þjónustu. Við tökum meðal annars notuð dekk upp í ný," segir Róbert. Hjá Vöku er hægt að fá hinar ýmsu tegundir dekkja í öllum verðflokkum. „Starfsfólk okkar kappkostar að útvega viðskiptavinum það sem vantar ef við erum ekki með það hér á lager", bætir hann við.

Viðskiptavinir geta pantað tíma á vefsíðunni vakahf.is og losnað þannig við óþarfa biðraðir. „Viðskiptavinir hafa mikið verið að nýta sér þessa nýjung og eru gríðarlega ánægðir með þessa þjónustu" segir Róbert. „Algengt er að viðskiptavinir bóki tíma á kvöldin þegar næsti dagur er skipulagður. Sumir vilja byrja daginn á dekkjaskiptum áður en þeir fara í vinnuna og enn aðrir vilja tryggja sér tíma strax eftir vinnu," bætir Róbert við. Aðstaða fyrir viðskiptavini er góð á nýja staðnum og það er alltaf heitt á könnunni.



Sumum reynist erfitt að fjármagna kaup á nýjum dekkjum. Þá koma notuð dekk til bjargar að sögn Steinars.



Gömul dekk eru tekin upp í ný eða til inneignar fyrir þjónustu sem Vaka veitir.

## *Notuð dekk eru ódýr kostur*

Kaup á notuðum hjólbörðum hefur mörgum reynst hentugur kostur, að sögn Steinars Gunnsteinssonar hjá Vöku í Skútuvogi. „Sumum reynist erfitt að fjármagna kaup á nýjum dekkjum eins og ástandið er í þjóðfélaginu núna. Þá koma notuð dekk til bjargar," segir Steinar. „Einnig geta notuð dekk verið hentug fyrir þá sem aka um á gömlum bíl og vita ekki hvað hann endist lengi í viðbót," segir hann. „Þá þarf það ekki að liggja með mikla fjárfestingu í dekkjum þegar bíllinn gefur upp öndina."

Vaka hefur líka hjálpað mörgum við að losa sig við dekk af gamla bílnum sem passa ekki á þann nýja. „Slík dekk tökum við upp í ný dekk eða til inneignar fyrir hverja þá þjónustu sem Vaka hf. veitir," segir Steinar.

VAKA
Á VERÐI FYRIR ÞIG

Skútuvogi 8 og Smiðjuvegi 28.

Bókaðu tíma á vakahf.is

Opið á laugardögum frá kl. 10-14.

Dekkjaþjónusta
Bifreiðaverkstæði
Varahlutir
Bifreiðaflutningar
Úrvinnsla bíla
Bón og þvottur

OPIÐ:
Virka daga 8.00-18.00 og laugard. 10.00-14.00

Skútuvogi 8, 104 Reykjavík og
Smiðjuvegi 28, 200 Kópavogi

S. 567 6700 / vakahf@vakahf.is / www.vakahf.is

# Selja sigurvegara í árlegri gæðakönnun

**Sólning er rótgróið hjólbarðaverkstæði með starfsemi á Smiðjuvegi í Kópavogi, Selfossi og í Njarðvíkum. Meðal reynslubolta fyrirtækisins er Jón Ágúst Stefánsson sölustjóri.**

Við bjóðum vetrardekk frá virtum framleiðendum, til dæmis hinum þýska Continental en vetrardekk frá honum urðu í efsta sæti í árlegri norrænni gæðakönnun (naf.no) á vetrarhjólbörðum,“ segir Jón Ágúst Stefánsson, sölustjóri Sólningar. Hann segir Continental-dekk áður hafa skorað hátt í slíkum könnunum og vera sigurvegara í prófunum þýsku bifreiðasamtakanna í ár. En hvað gerir þau svona sérstök? „Þau eru svo vel míkróskorin, mjúk og skemmtileg, enda með hátt hlutfall náttúrugúmmís. Sum dekk harðna í frosti en það gera Continental-dekk ekki,“ útskýrir hann og segir þau fást óneglanleg, neglanleg og með nöglum sem Continental lætur hanna sérstaklega og hefur einkaleyfi á.



„Sum dekk harðna í frosti en það gera Continental-dekkin ekki,“ segir Jón Ágúst Stefánsson, sölustjóri hjá Sólningu. MYND/GVA

Sólning var stofnuð 1969 og þar eru menn með áratuga starfsreynslu. Hjólbarðaverkstæði Sólningar eru þrjú og staðsett á Smiðjuvegi, Selfossi og í Njarðvíkum. Einnig er Sólning eigandi Barðans í Skútuvogi og með dreifingaraðila um allt land að sögn Jóns Ágústs sem segir fyrirtækið hafa hætt sólningu dekkja fyrir tíu árum, þrátt fyrir nafnið.

Þótt Continental sé rjóminn í dekkjunum hjá Sólningu þá flytur fyrirtækið líka inn önnur frábær dekk. Til dæmis jeppadekk frá Mastercraft sem rjúka út vegna sinna gæða. Jón Ágúst telur upp fleiri velþekkt dekkjamerki, svo sem Hankok sem hefur verið á markaði í áraraðir hér á landi. „Hankok-dekkin eru í milliverðflokki,“ segir hann og nefnir önnur sem Hankok framleiðir, þau heita King Star og eru í ódýrari kantinum þrátt fyrir nafnið. Taílensku dekkin Nankang eru þó ódýrust af þeim sem Sólning selur. „Nankang-dekkin eru mikið keypt undir fólksbíla og minni sendiferðabíla,“ upplýsir Jón Ágúst.

Hin árstíðabundnu dekkjaskipti byrjuðu af krafti fyrir um viku að sögn Jóns Ágústs sem tekur fram að Sólning geymi dekk fyrir almenning á öllum sínum verkstæðum.



Þótt enn sé snjólaust og haustið milt veit enginn hvenær vetur skellur á af þunga og gott er að vera þá vel undirbúinn.

## Gætilegur vetrarakstur

Ökumenn þurfa að huga að ýmsu þegar vetur nálgast og þótt veður sé gott um þessar mundir geta veður skipst skjótt á lofti og mikilvægt að vera með allt til reiðu.

Viðbúið er að íbúar á höfuðborgarsvæðinu og í öðrum þéttbýliskjörnum muni aka á söltuðum götum í vetur og til að verja bílinn getur skipt öllu að þrífa bílinn og bóna reglulega og vernda þannig lakkið frá tæringu.

Flestir kannast við þá daga þegar frostið fer langt niður og hvernig það getur tekið langan tíma að ná að opna bílinn þar sem læsingin er frosin. Því er þess virði að vera snemma í því að smyrja læsingar með lásaolíu.

Í bílnum er gott að hafa alltaf nokkra hluti tiltæka, hvort sem kalt er úti eður ei. Fremst fer þar snjóskafan, góðir vettlingar eða hanskar og sólgleraugu, þar sem sól er oft lágt á lofti á háannatíma í umferðinni, og vasaljós. Létta skóflu er gott að hafa ef moka þarf út og keðjur og startkaplar koma sér líka vel.

Önnur veigamikil atriði má lesa sér nánar til um á góðum vefsíðum og má þar benda á heimasíðu Félags íslenskra bifreiðaeigenda, fib.is. Þá gaf Þjónustudeild Vegagerðarinnar fyrir nokkrum árum út leiðbeiningar um vetrarakstur. Þær má finna á heimasíðu Vegagerðarinnar, vegagerdin.is. Þar er meðal annars farið yfir hvernig haga skal akstri þegar skyggni er slæmt, þegar hálka er úti og hvernig ökumaður skal bregðast við ef bíllinn skrikar.


JEPPADEKK

ARCTIC TRUCKS

fyrir flestar stærðir jeppa og jepplinga



Hjá Arctic Trucks færðu vönduðu heilsársdekkin frá Dick Cepek
- slitsterk
- neglanleg
- má míkróskera
- frábært veggrip

Gott verð!

ÖLL ALMENN DEKKJAÞJÓNUSTA Á STAÐNUM!

Bjóðum alla almenna dekkjaþjónustu og útvegum dekk undir flestar gerðir jeppa og fólksbíla.
Hafðu samband við sölumann okkar í síma 540 4900 eða á info@arctictrucks.is

Skjót og góð þjónusta!

Arctic Trucks | Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | www.arctictrucks.is


# Slitsterk jeppadekk fyrir íslenskar aðstæður

**Arctic Trucks selur slitsterk jeppadekk undir flestar gerðir jeppa og jepplinga. Fyrirtækið býður einnig upp á almenna dekkjaþjónustu.**

Arctic Trucks sérhæfir sig í þjónustu og lausnum fyrir jeppa- og jepplingaeigendur en býður auk þess upp á dekkjaþjónustu fyrir allar gerðir bíla. Starfsemin fer fram að Kletthálsi 3 en þar er verslun, breytingaverkstæði, almennt viðgerðaverkstæði og dekkjaþjónusta. Auk þess býður Arctic Trucks upp á ástands- og söluskoðanir á bílum, sem eru mjög vinsælar hjá þeim sem hyggja á bílakaup.

Mest seldu jeppadekkin hjá Arctic Trucks eru frá Dick Cepek, en fyrirtækið útvegar þó dekk undir flestar gerðir fólksbíla og jeppa, og veitir alhliða dekkjaþjónustu.

„Við höfum flutt inn Dick Cepek dekk árum saman, amerísk hágæðadekk sem seld eru um allan heim. Reynslan hefur sýnt að þau eru gríðarlega slitsterk og góð sem heilsársdekk,“ segir verslunarstjórinn Gunnar Haraldsson. „Þau eru neglanleg og hægt er að míkróskera þau til að auka veggrip og rásfestu í hálku og snjó. Míkróskurðurinn eykur einnig kælingu í gúmmíinu sem bætir enn frekar endingu dekkjanna.“



**Gunnar segir fáa dekkjaframleiðendur enn framleiða 38 tommu dekk og því séu AT405 dekkin frá Arctic Trucks mjög eftirsótt.**

Arctic Trucks selur einnig AT405, sem er 38 tommu dekk hannað og framleitt af Arctic Trucks. „Mynstur þeirra er sérstaklega hannað fyrir íslenskar aðstæður og þá aðallega hugsað um akstur í snjó og hálku,“ upplýsir Gunnar. Hann segir að gríðarleg vöntun hafi verið á samskonar dekkjum enda séu flestir dekkjaframleiðendur hættir að framleiða dekk í þessum stærðarflokki. „AT405 dekkin eru mjög eftirsótt hjá okkur, enda með hljóðlátari akstursdekkjum í þessum stærðarflokki. Þau koma míkróskorin og eru boruð fyrir nagla sem sparar viðskiptavinum okkar talsverðan kostnað. Dekkin hafa verið ófáanleg um skeið, en eru væntanleg um miðjan nóvember.“

Gunnar segir marga viðskiptavini Arctic Trucks vera áhugafólk um jeppa og útivist. Fyrirtækið býður þó bæði viðgerða- og dekkjaþjónustu fyrir jafnt fólksbíla sem jeppa. „Arctic Trucks er einnig umboðsaðili fyrir Yamaha tæki og sú þjónusta sem við veitum er því orðin fjölbreyttari og viðskiptavinahópurinn stærri.“



„Við leggjum áherslu á að bjóða betri dekk á lægra verði," segir Elín Dögg Gunnarsdóttir, rekstrarstjóri Dekkjahallarinnar.

# Dekkin skipta öllu máli í umferðinni

**– Hjá Dekkjahöllinni fara saman gæði og gott verð**

Dekkjahöllin er yfir 25 ára gamalt fjölskyldufyrirtæki með hjólbarða- og smurstöðvar í Skeifunni 5, Reykjavík og einnig á Akureyri og Egilsstöðum. Fyrirtækið hefur vaxið jafnt og þétt frá því það var stofnað á Akureyri en allt frá upphafi hefur verið lögð áhersla á snögga og góða þjónustu og að bjóða upp á mikið úrval dekkja á góðu verði.

## Dekk á betra verði

Í dag er Dekkjahöllin með dekkjaumboð frá mörgum úrvals framleiðendum, svo sem japanska framleiðandanum Yokohama og Marangoni á Ítalíu. Einnig er fyrirtækið í samstarfi við TBC, sem er einn stærsti söluaðili dekkja í Bandaríkjunum, um sölu á vetrardekkjum. Þau dekk eru meðal annars framleidd af Cooper og Sailun. Dekkjahöllin hefur með þeim hætti skapað grundvöll til að bjóða enn hagstæðara verð en áður þekkist. „Við leggjum áherslu á að bjóða betri dekk á lægra verði. Með magninnkaupum og staðgreiðslu, þá náum við bestu fáanlegu innkaupsverðunum og getum því selt dekkin á betra verði en annars," segir Elín Dögg Gunnarsdóttir, rekstrarstjóri Dekkjahallarinnar og jafnframt dóttir stofnanda fyrirtækisins. „Eftir að kreppan skall á hefur almenningur lagt enn meiri áherslu á verð og höfum við notið mikillar velvildar fyrir vikið og viðskiptavinum hefur fjölgað svo um munar. Ég get því sagt að kreppan hefur ekki haft neitt nema góð áhrif á okkur. Við höfum til að mynda sömu kennitöluna frá upphafi og njótum því mikils trausts bæði hjá viðskiptavinum og birgjum."

## Val á vetrardekkjum mikilvægt

Fólk á Íslandi keyrir við margvíslegar og oft erfiðar vetraraðstæður og því eru starfsmenn Dekkjahallarinnar markvisst þjálfaðir og hafa mikla reynslu til að veita faglega ráðgjöf við val á hjólbörðum. Með miklu úrvali er hægt að koma til móts við mismunandi þarfir viðskiptavina, segir Elín Dögg og vill einnig koma á framfæri að hægt sé hringja eða að senda inn fyrirspurn í gegnum vefinn www.dekkjahollin.is til að fá uppgefið verð á mismunandi stærðum og gerðum dekkja. Fyrirspurnum er í flestum tilvikum svarað samdægurs svo það ætti enginn að fara á sumardekkjunum út í vetrarfærðina.

## *Val á vetrardekkjum*

**- getur skilið milli lífs og dauða í erfiðri vetrarfærð**

Mismunandi bílar og akstursaðstæður kalla á nauðsyn þess að bjóða fleiri en einn möguleika í vali á hjólbörðum. Á meðan sumir vilja eingöngu nagladekk vilja aðrir keyra á ónegldum vetrardekkjum eða heilsársdekkjum. Í Dekkjahöllinni er lagt upp úr því að koma til móts við mismunandi óskir viðskiptavina við val á dekkjum og því er boðið upp á úrval heilsársdekkja, sem hægt er að keyra allan ársins hring og eru sífellt að verða vinsælli, örkorna- og loftbóludekk og hin sígildu nagladekk fyrir þá sem vilja hámarks grip í vetrarakstri. „Við erum með gott úrval dekkja í öllum flokkum frá nokkrum framleiðendum og seljum eingöngu mjög vönduð dekk og með markvissum aðgerðum hefur okkur tekist að ná góðu verði sem skilar sér til viðskiptavina okkar. Dekkin eru eini snertiflötur bílsins við yfirborð vegar við margvíslegar aðstæður og því tókum við ákvörðun að selja eingöngu dekk, sem framleidd eru samkvæmt hæstu gæðakröfum," segir Elín Dögg og ítrekar að lokum mikilvægi þess að vera vel búinn í umferðinni.







Allir geta skipt um dekk, en mikilvægt er að gera hlutina vel og í réttri röð.

## HJÓLBARÐASKIPTI

**1.** Setjið bílinn í gír, handhemilinn á og steina við dekk ef þörf krefur.

**2.** Setjið viðvörunarþríhyrning 50-100 m fyrir aftan bílinn.

**3.** Takið hjólkoppinn af og losið um allar felgurær, en takið þær ekki af.

**4.** Náið í varahjólbarða og tjakk. Setjið tjakkinn undir bílinn. Upplýsingar um hvar hann er og hvar á að setja hann undir eru í eigandahandbókinni.

**5.** Lyftið bílnum þar til hjólbarðinn sem skipta á um er í lausu lofti.

**6.** Skrúfið felgurær af og takið sprungna hjólbarðann undan.

**7.** Setjið varahjólbarðann undir og skrúfið rærnar að – sú hlið róarinnar sem er með úrtakinu (kóníska hliðin) á að snúa að hjólbarðanum (felgunni). Herðið rær á misvíxl, þannig að felgan sitji rétt á.

**8.** Slakið bílnum niður, takið tjakkinn undan og herðið allar rær aftur. Setjið hjólkoppinn á.

*Heimild: Umferðarstofa*



Hemlunarvegalengd er misjöfn eftir færð.

## HEMLAÐ Í SNJÓ

Mikilvægt er að hafa í huga að þegar ísing eða snjór er á vegi má reikna með að hemlunarvegalengd geti verið allt að fimm sinnum meiri en á þurrum vegi.

Þegar slitlag vegar er blautt má reikna með að hemlunarvegalengd sé um tvisvar sinnum meiri en ef sami vegur er þurr.

*Heimild: www.bilprof.is*



Keyrt í snjó.

## AÐ VELJA DEKK

**Tæpast er** hægt að segja að nein ein gerð vetrardekkja henti betur en önnur við allar aðstæður. Því er ekki hægt að fullyrða afdráttarlaust að nagladekk séu öruggasti kosturinn í vetrarumferðinni.

**Við dekkjaval** er best að hafa í huga aðstæður og atferli hvers og eins, það er að segja hvort fólk þarf raunverulega á negldum hjólbörðum að halda, til dæmis vegna búsetu, ferða yfir heiðar að vetrarlagi og svo framvegis.

*www.visindavefur.hi.is*

## LOFTÞRÝSTINGUR DEKKJA SKIPTIR HÖFUÐMÁLI

Hjólbarðar mynda einu snertingu bíls við veg og afar mikilvægt að þeir séu alltaf í góðu lagi. Ökumenn þurfa að athuga ástandið reglulega. Meðal þess sem ber að athuga er réttur loftþrýstingur miðað við stærð hjólbarða. Ef loftþrýstingur er of mikill eða of lítill minnkar snertiflötur hjólbarða og um leið veggrip þeirra. Yfirleitt má finna upplýsingar um réttan loftþrýsting í handbókum bíla en einnig má spyrjast fyrir hjá bifvélavirkjum, starfsmönnum hjólbarðaverkstæða eða skoðunarstöðva. Einnig er mikilvægt að jafn loftþrýstingur sé í hjólbörðum, að sami þrýstingur sé í hvoru afturhjóli og sami þrýstingur í hvoru framhjóli.

Bíleigendur verða að fylgjast með sliti á hjólbörðum enda minnkar veggrip þeirra við slit og þar með öryggi. Samkvæmt reglugerð má dýpt mynsturraufa í hjólbarða ekki vera minni en 1,6 millimetrar.

*Heimild: Umferðarstofa*



Réttur loftþrýstingur gefur traustara veggrip hjólbarða, sem eykur öryggi til muna.



# ALLT SEM ÞIG VANTAR

**Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is**

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

## BÍLAR & FARATÆKI

bílaborg.is



LEXUS Is 200 Árgerð 10/ 2004, ekinn 107 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.499.000. Rnr.124064. Tilboðsverð verð áður 1990 þús uppl 517-1111



LAND ROVER Range rover vouge diesel . Árgerð 7/2007, ekinn 95 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 8.900.000. Rnr.124470. uppl 517-1111 Umboðsbill



DODGE Grand caravan . Árgerð 2003, ekinn 163 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Tilboðsverð 1.090.000. Rnr.120097. Verð áður 1390 þús uppl 517-1111



AUDI Q7 quattro. Árgerð 2007, ekinn 70 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 5.990.000. Rnr.129944. Uppl síma 517-1111



AUDI A3 attraction . Árgerð 3/2001, ekinn 172 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Tilboðsverð 690.000. Ásett 890 þús Rnr.120736. uppl 517-1111



AUDI A6 new quattro. Árgerð 2005, ekinn 114 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Tilboðsverð 2.990.000. Rnr.131297 Verð áður 3690 þús Uppl síma 517-1111

**Bílaborg**
**Stórhöfða 26, 112 Reykjavík**
**Sími: 517 1111**
**http://www.bilaborg.is**


FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.


Bílamarkaðurinn



LAND ROVER Discovery series ii (35”) 7manna. Árgerð 2001, ekinn 165 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 1.790.000 Rnr.221186.



VW Golf trendline. Árgerð 2005, ekinn 130 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 1.490.000. Rnr.103093.



SUZUKI Swift. Árgerð 2006, ekinn 79 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.350.000. tilboð 1.100 þús stg Rnr.103047.

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**

Bílabankinn



**Tilboð 890.000.- þús stgr.**
Möguleiki á allt Að 100% láni RENAULT Clio comfort. Árgerð 2008, ekinn 89 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1290.000. Rnr.202566. Ný Tímareim.



**Tilboð 890.000.-**
SUBARU Justy s. Árgerð 2008, ekinn 108 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1190.000. Rnr.201880. Ný Tímareim.



**Tilboð 1150 þús**
DAIHATSU Sirion 1300 cc . Árgerð 2009, ekinn 83 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.350.000. Rnr.164423.

**Bílabankinn**
**Breiðhöfða, 112 Reykjavík**
**Sími: 588 0700**
**Opið 12-16 laugardaga**
**www.bilabankinn.is**

STÓRA BÍLASALAN



Toyota Land Cruiser 120 VX Árgerð 9/2004, ekinn 148þ.km, ssk, leður. Mjög gott eintak á frábæru verði! Verð aðeins 3.690.000kr. Raðn. 131808. Sjá nánar á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

bifreidar.is
bifreiða- & vinnuvélanetsalan



SKODA Octavia ambiente. Árgerð 2006, dísel, sjálfskiptur. ER Á STAÐNUM Verð 1.690. þús Rnr.103258.

**bifreidar.is**
**Réttarhals 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4777**
**Óskum eftir vinnuvélum og bifreiðum á skrá.**
**http://www.bifreidar.is**

SUZUKI



Sparneytnir, öruggir og áreiðanleigir fjórgengismótorar frá Suzuki. Eigum flestar stærðir á lager til afgreiðslu strax.

**Suzuki Umboðið ehf**
**Skeifan 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**http://www.suzuki.is**

100bílar.is bílasala



HEST GROUP A hestakerra. Árgerð 2007, Flott og lítið notuð 3 hesta kerra, Ásett verð 990þús.kr Rnr.115808, er á staðnum,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16.**
**www.100bilar.is**

bilauppbod.is

**Þarftu að kaupa eða selja bíl?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**
**www.bilauppbod.is**

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast



TOYOTA Avensis wagon terra. Árg 1999, bensín, sjálfskiptur, dráttarkrókur. Verð 490. þús Ný nelgd dekk Rnr.154194.



SKODA Octavia. Árg 2003, ekinn 133 Þ.KM, bensín, 5 gírar. TILBOÐSVERÐVERÐ .. TOPPEINTAK .. 790. þús Rnr.121465.

**Höfðabílar**
**Fosshals 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**Óskum eftir bílum á söluskrá og á staðinn**
**www.hofdabilar.is**

TOPPBÍLAR



MAZDA 323. Árgerð 2002, ekinn 147 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 690.000. Rnr.284996.

**Toppbílar**
**Klettháls 2, 110 Rvk.**
**Sími: 587 2000**
**www.toppbilar.is**

## Bílar til sölu



**Gerðu felgurnar eins og nýjar!**
Níðsterk duftlökkun. Héðinsgata 2 105 Reykjavík. WWW.duft.is Sími 512 4460.



Til sölu Toyota Yaris 2002 3 dyra beinsk. Ekinn 180,000 km. Verð 530,000 kr. Upplýsingar í síma 820-4104 /561-7487.



Til sölu Toyota LC 120 GX, 8 manna, arg. 2008. Einn eigandi og ekinn aðeins 53 Þ. Km. Einstaklega vel með farinn bíll. Gott verð aðeins 6.650 þ. Uppl. Í sima 860 2275




50% ódýrara eldsneyti með metan breytingu. Engin útborgun. Greiðist með rekstrarsparnaði! Reiknaðu út þinn bíl á www.islandus.is. Bjóðum einnig ódýrari nýja og notaða bíla frá helstu bílaframleiðendum. Hundruð ánægðra viðskiptavina. www.islandus.com - S. 5522000.

## 0-250 þús.



**Legacy 4x4 220 þús!**
SUBARU LEGACY WAGON 4X4 árg'95, beinskiptur hátt og lágt drif, góður bíll, verð 220 þús! s.841 8955

## 250-499 þús.



**4x4 sjálfskiptur**
Suzuki Vitara 2.0 v6, árg. '96, 4x4, ekinn 210þús. sjálfskiptur, 5 dyra, gott eintak af bíl, Tilboðsverð 360þús. uppl. í s: 659-9696.

Golf 98. 5 d. sjálfsk. svartur. 450 þ. Lítur vel út að innan og utan. 695-3326

## 500-999 þús.



**TILBOÐ 620 ÞÚS!**
JEEP GRAND CHEROKEE LIMITED 4,7 árgerð 99,glerlúga,dökkar rúður,cruize control,kastarar,leður, 6 diska cd magazine ofl. ásett verð 850 þús TILBOÐ 620 ÞÚS stgr! 841 8955.



**TILBOÐ 750 þús!**
SUBARU LEGACY WAGON 4x4 árgerð 2003 ek.205 þús. sjálfskiptur, ný góð heilsársdekk, cd,skoðaður 2012, hálfleðraður,filmur, lítur vel út, mjög góður bíll ásett verð 950 þús TILBOÐ 750 ÞÚS! s.841 8955

## 1-2 milljónir

Nissan Patrol 38"á góðum 35" dekkjum, nýtt hedd o.fl. BSK, ek: 267,000 S.6615577

## Bílar óskast

**Bíll óskast á 25-250þús.**
Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms.

**!!! 0-250þús staðgreitt !!!**
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn '98, skoða allt. Hringdu í síma 659-9696.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.




**Trúin flytur fjöll við flytjum allt annað. Sendibílastöðin.**

## Vinnuvélar

Allir varahlutir og þjónusta fyrir
**JCB**
vinnuvélar
Sími 527-2600
www.Vélavit.is

## Bátar

BÁTAR OG SKIPASALAN BÚNAÐUR

Vantar báta og skip á söluskrá okkar. Mikil eftirspurn. Bátar og búnaður, Sími 663-4865 og 861-9188. www.batarogbunadur.is

## Bílaþjónusta



PETRONAS 15/40W HÁGÆÐA SMUROLÍA AÐEINS KR 495.-Ltr. EINNIG FROSTLÖGUR, GLUSSI, RÚÐUVÖKVI OG GÍROLÍA Á HEILDSÖLUVERÐI. DS-LAUSNIR EHF 561-8373 www.dslausnir.is

## Hjólbarðar

Álfelgur á nagladekkjum undir Hondu Crv 17". Stærð 235,16,17 V. 190þ. S. 699 6605.

Varahlutir, dekk og felgur á ýmsa bíla. Dráttarbeisli í Primera '98, Elantra '98, Almera '98. S. 896 8568.

4stk Cooper jeppadekk sem ný með nöglum. St. 265/70/17. Uppl. s. 557 5433 eða 847 6233.

## Varahlutir

BILAPARTAR.IS
Notaðir TOYOTA varahlutir
Sími: 587 7659

Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.

NET-PARTAR
486 4499
486 4477
www.netpartar.is

**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

**Musso varahlutir.**
Erum að rífa Musso, Terrano, Nubiru, Lanos, Galloper, H1, Santa Fe, Trooper, Freelander, Impreza 97, Baleno, Caddy 98-02, Polo 97-99, Matiz, Mondeo 98. Kaupum bíla til niðurrifs. Musso varahlutir Kaplahrauni 9 Hafnarfirði. S.864 0984.

Varahlutir, dekk og felgur á ýmsa bíla. S. 896 8568.

**VW - Skoda - Varahlutir**

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá '02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

**Varahlutavaktin**
**Sími 555 6666**
Erum að byrja rífa H1 (starex), Peugeot '02, Golf '98-'05, WV Passat '98-'00, Pajero '92-00 Accent '98. Grand vitara XL7 '03. Benz '88-'05, Landrover Discovery '98. Fiat Stilo '04 Yaris '04. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á staðnum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 10-14.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03 og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Sonata 97, Impreza 99 og felicia 99, Peugeot 306 99, 206 og 406 ST. Almera 97, Ford 250 99, Megane 01. Vectra '98, Astra '97, Corsa '98, Baleno '98. Kia Rio '02. Kaupi bíla til niðurrifs. sími 661 5270.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**Faglærðir Píparar**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

## Hreingerningar

**Vy-þrif ehf.**
öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. Sími 512-4010 www.vy.is

Húsfélög, vönduð og ódýr þrif á stigagöngum og sameignum. S. 618 3469.

## Garðyrkja

HreinirGarðar
Trjáklippingar og trjáfellingar
www.hreinirgardar.is
S.571-2000

Alhliða garðþjónusta
Garðaþjónusta Íslands ehf
20 % afsláttur af hellulögnum, trjáklippingum, trjáfellingum og þökulögnum.
Vönduð vinnubrögð.
Róbert S. 866 9767

Veiti alhliða þjónustu á sviði garðyrkju. S. 698 1215 Halldór garðyrkjum.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Bókhald-ársreikningar-VSKuppgjör-launauppgjör-stofnun félaga-erfðarfjárskýrslur o.fl. S 517-3977 www.fob.is fob@fob.is

## Málarar

A1 Málun

Löggiltur málarameistari getur bætt við sig verkefnum. Sími 6601787

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf., Sigurður 896-5758, siggi@litidmal.com

**20% afsláttur fyrir eldriborgara og húsfélög.**
Fagleg vinnubrögð og sanngjarnt verð. Uppl. s. 774 5775.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald

HAMRABORG ehf
Þakpappaþjónusta
Viðgerðir á PVC dúk
Almennar húsaviðgerðir

Sími 896 4947 Netfang: hamraborg @ simnet.is

Steinslípun
Kjarnaborun
Steinsögun
Litli klettur
Gerum tilboð, þér að kostnaðarlausu
Litliklettur.is – s: 699-0355

## Tölvur

tölvuhjálp!
Yfirhalning á tölvu aðeins 2.900.- kr.
Ókeypis vírusvörn.
Nánar á: www.tolvuhjalp.is
Sími 588 9590
Vesturvör 32a • Kópavogi

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun, kem/sæki/sendi afsl. FEB&ÖBÍ Stefán 821 6839.

## Spádómar

**908 1888**
**Spásími Daddýar alla daga (frá 13-23).**

**250 kr. mín.**

Nympha-dora
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
562 8211

www.orlagalinan.is
Örlaga línan
Miðlar, spámiðlar, draumráðningar.
Opið öll kvöld í síma
595 2001 & 908 1800

## Veisluþjónusta

**Matur ehf.**
Villibráðaveislur, fermingar og fleira. Gerum tilboð í allar veislur, stórar sem smáar. Erum með sal fyrir allt að 300 manns. Uppl. á matur@tskoli.is eða í s. 691 5976.

## Rafvirkjun

Raflagnir
Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

**RAFVIRKJUN S. 896 6025**
Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

## Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150



**Green-house**

Fallegur danskur fatnaður, bjóðum uppá heimakynningar. Uppl. s. 777 2281. Green-house. Opið 13-19



**Allt fyrir Hrekkjavökuna í Partýbúðinni:**
Tvær hæðir stútfullar af flottum vörum, yfir 400 nýjir vöruliðir. Fullorðinsbúningar, Barnabúningar, Hárkollur, Andlitslitir, Fylgihlutir, Vopn, Grímur, Vampírutennur, Nornahattar, Nornakústar, Borðbúnaður, Köngulóarvefur, Loft-, vegg- og borðskraut, Gasblöðrur, Þurrís, o.fl., o.fl. Opið til kl 11-18 þri og mið, en 11-20 fim, fös og laugardag. Verið velkomin, Partýbúðin, Faxafeni 11 (Hagkaupsplaninu), s. 534-0534

Fatabreytingar
Allar fatabreytingar og viðgerðir
SKRADDARINN Á HORNINU
Skúlagata 26 • Reykjavík
552 5540

# KEYPT & SELT

## Til sölu




Frystigámar
Stólpi Gámar ehf
Sala & leiga • 20 & 40 ft
Seljum einnig gáma-hús, geymslugáma og salernishús í ýmsum stærðum og gerðum.
Stólpi Gámar ehf
Klettagörðum 5, 104 Reykjavík
568-0100 • www.stolpiehf.is

KEMUR ÚT 29. NÓVEMBER

JÓLAGJAFA HANDBÓKIN

MEÐAL EFNIS Í BLAÐINU: JÓLALJÓSIN, KÖKUR OG SÆTINDI, SKRAUT OG FÖNDUR, MATUR OG BORÐHALD JÓLASIÐUR OG VENJUR

Bókið auglýsingar tímanlega:
Benedikt Freyr Jónsson
S: 512 5411, gsm 823 5055
benediktj@365.is

Ívar Örn Hansen
S: 512 5429 , gsm 615 4349
ivarorn@365.is

Sigríður Dagný
S: 512 5462, gsm 823 3344
sigridurdagny@365.is

Takk fyrir vatnið
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Ódýrt blek og tóner
Í alla prentara
Opið Skútuvogi 1 frá 9-18 virka daga
Prentvörur
Sími 553 4000

**Ódýr heimilisraftæki**
Sími 896 8568.

Hef 7 stk Beiki innihurðar með hvítum húnum til sölu. Seljast ódýrt. Hafið samband við Hauk. gsm. 8989381

Ódýrir og vandaðir ferðanuddbekkir og óléttubekkir til sölu. S. 891 6447, Óli.

## Óskast keypt

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**Carat - Haukur gullsmiður Smáralind - Kaupum gull og silfur**
**Staðgreiðum gull og silfur í verslun okkar.**
**Upplýsingar í s. 577 7740**

## Verslun



Boladagar 20%afsl. af bolum. Full búð af nýjum vörum. Verslunin Emilía Bláu húsin Faxafeni s: 588 9925 emilia.is

7 rósir 990 kr.
Dalía
BLÓMABÚÐ GLÆSIBÆ
S. 568 9120

**Líkamsræktartóðvar og Íþróttahús ATH!**
Professional, antistatic dúkar fyrir hlaupabretti. Traust þjónusta. Gsm 666 1025.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Léttist um 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig s. 862 5920.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Snyrting

**NUDD - FÓTAAÐGERÐIR - DETOX**

Tilboð fótaaðgerðir + nudd upp fyrir hné kr. 5.500 2 saman kr. 9.900. Tekið á kvillum, næringu, hreyfingu, bætiefnum, vinnu, lífsstíl, hamingju og fl. 2ja st. meðferð kr. 7500. JB Heilsulind. S. 823 8280.

## Þjónusta



BYRJENDANÁMSKEIÐ Í YOGA 01. nóvember. Jógastöðin www.yogastodin.com S: 5885711 og 6918565

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Hestamennska

Hesthúsalóð til sölu á besta stað á stórreykjavíkursvæðinu. Uppl. í s. 893 4683.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**GÓÐ GISTING Í MIÐBÆ RVK**
**Gott verð, dags, viku- og mánaðarleiga.**
**www.hotel105.com**
**GISTIHÚSIÐ VÍKINGUR**
**sími 896 4661**

**3ja herb. í Hafnarfirði.**
**Örugg leiga, þvottavél, þurrkari, ísskápur, uppþvottavél, gardínur og öll ljós. Dýrahald ekki leyft.**
**www.heimahagar.is**
**vidar@heimahagar.is**

Herbergi til leigu 13f.m Seljahverfi sími 8228926 eða baldvinster@gmail.com 25.000 kr mán

Þægileg skólaherbergi til leigu, strætóferðir í allar áttir, allt innifalið. Uppl. í síma 821 4848 eða 869 2618.

Hæð í 104 Rvík. 3ja til 4ja herb. Stór og flottur garður fylgir með. Bílastæði. V. 195 þ. með hita og rafm. Húsgögn geta fylgt með. Uppl. 663 1590. Elvar.

Herbergi í 101. Til leigu fullbúið herbergi með smeignl. elhúsi, baði og þvottahúsi. Laust strax. Sími: 661 7015/898 8685.

## Atvinnuhúsnæði

Iðnaðarhúsnæði til leigu 85 fm með 50 fm millilofti uppl.s. 8638022

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**Vetrargeymsla fyrir ferðavagna!**
Bílar, húsbílar, hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagnar og fl. Upphitað húsnæði, Uppl. í s. 899 0274 og 893 5574 og á www.husbilageymslan.net

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500

Tökum í geymslu tjaldv- felli- hjól- Pallhýsi- húsbíla- mótorhjól- fjórhjól- kerrur. S 8671282

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

## Gisting

Barcelona, Exsample. 60 evrur nóttin fyrir tvær persónur. 80 evrur 4 persónur. 100 evrur 5 persónur. www.starplus.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**N1 óskar eftir að ráða reynslumikinn og áreiðanlegan starfsmann á smurverkstæði félagsins á höfuðborgarsvæðinu. Nánari upplýsingar um starfið veitir Dagur Benónýsson í síma 440 1030. Áhugasamir sæki um starfið á www.n1.is**

Óskum eftir starfskrafti í fullt og hlutastarf í eldhúsi og sal. 18 ára aldurstakmark. Umsóknir sendist á rubytuesdayice@gmail.com Ruby Tuesday Höfðabakka og Skipholt.

**Aupair óskast**
Reglusöm kona gjarnan eldri en 50-60 ára. óskast til Svíþjóðar, frítt fæði og húsnæði á staðnum. Erum lítil íslensk fjölskylda, þurfum m.a. að æfa okkur í íslensku. Uppl. í elfurj@gmail.com

## Viðskiptatækifæri

**Aukavinna - Viðskipti ?**
Atvinna - Viðskipti - Aukavinna. Eitt mest vaxandi fyrirtæki 3 ár í röð www. lw-global.com/is eða 564 5959.

## Þjónusta

**Leiguumsjón**
**láttu okkur sjá um fasteignina þína.**

**Gerð leigusamninga.**
**Auglýsingar, samskipti og upplýsingagjöf gagnvart leigutaka og leigusala.**
**Samskipti við banka vegna tryggingar. Innheimta leigugjalds - skilvirk eftirfylgni innheimtu.**
**Umsjón og eftirlit með fasteigninni.**
**Markmið með leigu-umsjón er að auðvelda fasteignaeigenda útleigu fasteignar og halda verðgildi eignar.**
**Hjá Leiguliðum starfa 3 löggiltir leigumiðlarar með mikla reynslu á sviði útleigu á íbúðar- og atvinnuhúsnæði.**
**Sjá www.leigulidar.is leiguumsjón eða s- 517-3440**

## Fundir / Mannfagnaður

# AÐALFUNDUR

Aðalfundur Ísfélags Þorlákshafnar hf fyrir starfsárið 2010 verður haldinn í kaffistofu félagsins að Hafnarskeiði 12 í Þorlákshöfn miðvikudaginn 9. nóvember kl. 10.00.

Dagskrá samkvæmt samþykktum félagsins. Ársreikningur mun liggja frammi á skrifstofu félagsins vikur fyrir aðalfund.

Stjórnin.

## Tilkynningar

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

### Tilkynning um afturköllun starfsleyfis fjármálafyrirtækis

Fjármálaeftirlitið hefur afturkallað starfsleyfi Saga Fjárfestingarbanka hf., kt. 660906-1260, sem lánafyrirtæki, þar sem fyrirtækið fullnægir ekki ákvæðum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki um eigið fé, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. sömu laga.

Afturköllun starfsleyfis Saga Fjárfestingarbanka hf. miðast við 3. október 2011.

## Nám

### Hefur þú iðnmenntun eða stúdentspróf og hyggur á frekara nám

Erhvervsakademiet Lillebælt (áður Odense Tekniske Skole) heldur kynningu á námi við skólann miðvikudaginn 26. október 2011 kl. 20.00 í Húsi meistaranna að Skipholti 70

**Eftirfarandi námsgreinar verða kynntar:**
- Byggingaiðnfræði
- Byggingafræði
- Rafmagnsiðnfræði á veikstraumssviði
- Framleiðslutækni
- Rafmagnsiðnfræði á sterkstraumssviði
- Grafísk hönnun
- Útflutningstæknifræði
- Orkutækni

Erhvervsakademiet Lillebælt er gamalgróinn skóli sem leggur mikinn metnað í að bjóða nemendum sínum allt það besta á hverjum tíma. Komið og kynnið ykkur möguleika sem eru í boði varðandi nám við skólann. Frekari upplýsingar í síma 862 9131 eða á reynir@verksyn.is

LILLEBÆLT
Erhvervsakademiet Lillebælt
Munke Mose Allé 9
5000 Odense C
Danmark
tlf. 0045 - 70105800
heimasíða: www.eal.dk
E-mail: eal@eal.dk



## Fasteignir

BERG FASTEIGNASALA



Háholt 14, Mosfellsbær
Sími: 588 5530 • berg@berg.is
www.berg.is
Fax: 588 5540

**Pétur Pétursson lögg. fasteignasali**
**Petur@berg.is**

**Opið hús í dag 25. okt. kl. 17.00 til 18.00.**

**Kársnesbraut 39.**




Fallegt einbýlishús 164,7 fm með innbygðum 43,3 fm bílskúr alls 208 fm. glæsilegt útsýni yfir Fossvoginn. Húsið samanstendur af forstofu með gestasnyrtingu, stofu með kamínu og er gengið út í garð frá stofu. Sólskáli með flísum á gólfi, Sjónvarpsskáli sem er aðsklilin frá stofu með stuðlabergsvegg. 3 svefnh., baðh. með flísum og sturtu, þvottahús með útgengi í garð. Eldhúsið er með nýrri innrétingu og borðkrók. Rúmgóður bílskúr með hillum. Glæsilegur og velhirtur garður.
**Verð kr. 44,5 m. áhvílandi kr. 11,2 m Íbúðalánasjóður.**
**Sölumaður Berg fasteignasölu tekur á móti gestum.**




þrið. 25.okt. **frá kl. 17:00-17:30**

# Kleppsvegur 136

**104 Reykjavík**

Góð 4-5 herb. íbúð við Kleppsveg í litlu fjölbýli á jarðhæð. Skiptist í forstofu, stofu, eldhús m.borðkrók, sjónvarpshol, 3 herbergi, baðherbergi og þvotthús.
**Frábær staðsetning.**



Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir**
sölufulltrúi

**sími:** 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Verð: **19,0 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**PABLO PICASSO** listmálari fæddist þennan dag (1881-1973).

*„Öll börn eru listamenn. Vandinn er að halda áfram að vera listamaður eftir að við verðum fullorðin.“*



†

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna fráfalls*

**Sveinbjarnar Markússonar**

kennara.

**Anna Jónsdóttir**
**Bjartmar Sveinbjörnsson** **Halldóra Kristín Gunnarsdóttir**
**Sigrún Sveinbjörnsdóttir** **Brynjar Ingi Skaptason**
**Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir** **Davíð S. Óskarsson**
**Ásta Björk Sveinbjörnsdóttir** **Sigurður Þórir Sigurðsson**
**Hrafn Sveinbjarnarson**
**Björn Ragnar Sveinbjörnsson** **Majken Hammer**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Kristjana Valgerður Jónsdóttir**

Hraunvangi 3, Hafnarfirði,
áður til heimilis að Skipagötu 15, Ísafirði,

andaðist á Landspítalanum Fossvogi fimmtudaginn 20. október síðastliðinn. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 28. október kl. 11.00.

**Sigrún Viggósdóttir** **Páll Gunnar Loftsson**
**Kristján Viggósson** **Erna Guðmundsdóttir**
**Vilberg Viggósson** **Ágota Joó**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Við viljum færa kærar þakkir öllum þeim fjölmörgu sem hafa sýnt okkur samúð og hlýju og stutt okkur í gegnum þá erfiðu tíma sem fylgdu andláti og útför okkar ástkæru*

**Margrétar Árnadóttur**

sem andaðist 25. september sl.

Við viljum færa starfsfólki krabbameinsdeildar 11E á Landspítalanum kærar þakkir fyrir óeigingjarnt starf sem það vann í veikindum hennar.

**Gísli Örvar Ólafsson**
**Steinar Freyr Gíslason** **Kristín Guðrún Jónsdóttir**
**Rúnar Bogi Gíslason**
**Kristín Ýr Gísladóttir**
**Árni V. Gíslason** **Guðrún Steingrímsdóttir**
**systkini og fjölskyldur**



†

*Hugheilar þakkir til allra þeirra fjölmörgu sem sýndu okkur samúð og vináttu, styrktu okkur og studdu við andlát okkar ástkæra eiginmanns, föður, tengdaföður, afa, bróður og mágs,*

**Stefáns M. Gunnarssonar**

fyrrverandi bankastjóra,
Eyktarhæð 5, Garðabæ.

Þakkir til þeirra sem minntust hans á margvíslegan hátt og sýndu honum virðingu sína og þakklæti við útför hans frá Kópavogskirkju hinn 7. október sl.
Guð blessi ykkur öll.

**Hertha W. Jónsdóttir**
**Jón Gunnar Stefánsson** **Tracey E. Stefánsson**
**Stefán og Ómar**
**Sigríður Þrúður Stefánsdóttir** **Benjamín Gíslason**
**Hertha Kristín, Gísli Jón og Stefanía Agnes**
**Hólmfríður K. Gunnarsdóttir** **Haraldur Ólafsson**
**Auðólfur Gunnarsson** **Unnur Ragnars**
**Árni Gunnarsson** **Guðrún Björnsdóttir**
**Ingvar Ekbrand**

**ÞETTA GERÐIST:** 25. OKTÓBER 1968

## Yoko ófrísk af John Ono

Japanska listakonan og ekkja Bítilsins Johns Lennons tilkynnti heimsbyggðinni að hún gengi með barn þeirra Lennons þennan dag fyrir 43 árum. Í nóvember sama ár missti hún fóstrið, sem var drengur sem þau Lennon gáfu nafnið John Ono Lennon II.

Þeim Yoko og John varð annars sonar auðið þegar Sean Lennon fæddist á 35 ára afmæli föður síns 9. október 1975.

Eftir fæðingu Seans dró John Lennon sig í hlé til að verða heimilisfaðir sem annaðist barn sitt, og því starfi gegndi hann allt þar til hann var myrtur í New York í desember árið 1980. Þá höfðu þau hjón ætlað á matsölustað eftir langan vinnudag í upptökuveri, en sneru þess í stað heim á leið þar sem John vildi eiga stund með Sean áður en hann færi í háttinn.



JOHN LENNON OG YOKO ONO ÁRIÐ 1980

**LÚÐRASVEIT REYKJAVÍKUR:** LEIKUR Í DAG TIL HEIÐURS JÓNI MÚLA OG ODDGEIRI

# Kátar, angurværar tónsmíðar

„Fólk er vant því að hlusta á lúðrasveitir í vondum veðrum, en upplifunin er allt önnur í tónleikasölum. Það heyrist auðvitað alltaf hátt í lúðrablæstri, en á sama tíma er sú áheyrn notaleg og hljómfögur,“ segir Lárus Halldór Grímsson, stjórnandi Lúðrasveitar Reykjavíkur, sem í kvöld heldur tónleika til heiðurs tveimur af ástsælustu tónskáldum þjóðarinnar, Oddgeiri Kristjánssyni og Jóni Múla Árnasyni.

„Samanlagt hefðu þessir heiðursmenn orðið 190 ára í ár; Oddgeir 100 ára og Jón Múli 90 ára,“ upplýsir Lárus. „Báðir voru miklir lúðrasveitarmenn. Oddgeir stofnfélagi og stjórnandi Lúðrasveitar Vestmannaeyja frá stofnun 1939 til dánardags 1966, og Jón Múli trompetleikari í Lúðrasveit Reykjavíkur, Lúðrasveit Verkalýðsins og Sinfóníuhljómsveit Íslands, ásamt því að vera stofnfélagi í Lúðrasveit verkalýðsins,“ útskýrir hann.



**UPPFULLUR STOLTS** Lárus Halldór Grímsson er stjórnandi Lúðrasveitar Reykjavíkur, sem í kvöld flytur yndislegar lagasmíðar sem þjóðin elskar í Neskirkju. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Mörg af bestu lögum Oddgeirs og Jóns Múla verða flutt í Neskirkju í kvöld. „Lögin þekkir hvert mannsbarn. Oddgeir samdi yfir 25 þjóðhátíðarlög sem öll eru sígild. Þau samdi hann ávallt fyrir Lúðrasveit Vestmannaeyja sem frumflutti þau á Þjóðhátíð í stað valdra söngvara eins og síðar varð. Við spilum því eftir upprunalegum útsetningum tónskáldsins,“ segir Lárus.

Á lagalista kvöldsins eru valdar perlur úr vinsælum söngleikjum bræðranna Jóns Múla og Jónasar Árnasona. „Tilefnið er sérstök ósk Jóns Múla skömmu fyrir andlát hans. Þá óskaði hann eftir að ákveðin lög yrðu útsett sem marsar fyrir blásarasveit. Þórir Baldursson var fenginn til verksins sem Félag tónskálda og textahöfunda kostaði.“

Yfir fimmtíu félagar Lúðrasveitar Reykjavíkur munu sjá um að flytja lög Jóns Múla og Oddgeirs í kvöld og segir Lárus mikla tilhlökkun og stemningu ríkja í hópnum, enda lögin afbragðs blanda hressilegrar tónlistar og angurværra, fagurra dægurlaga.

Kynnar á tónleikunum verða Ragnheiður Gyða, dóttir Jóns Múla, og Hafsteinn Guðfinnsson, tengdasonur Oddgeirs. Tónleikarnir hefjast í Neskirkju klukkan 20. Aðgangseyrir er 1.500 krónur.

thordis@frettabladid.is



†

*Móðursystir mín,*

**Sigríður K. Gísladóttir**

Sléttuvegi 21, áður Vífilsgötu 3,

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli þriðjudaginn 18. október. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 28. október kl. 13.00.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Ólafur Gísli Jónsson.**



†

*Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra*

**Herlufs Clausen**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á Hjúkrunarheimilinu Eir fyrir góða umönnun.

**Aðstandendur**



†

*Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður og ömmu,*

**Annýjar Ástráðsdóttur**

Guð geymi ykkur öll.

**Pálmi Friðriksson**
**Erla Pálmadóttir** **Sigurður Snævar Gunnarsson**
**Pálmi Pálmason** **Björg Jónsdóttir**
**Greta Marín Pálmadóttir** **Sigurður Sigurðsson**
**Auður Pálmadóttir** **Óskar Már Tómasson**
**Ómar Þorgils Pálmason** **Hulda Elsa Björgvinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elsku systir okkar,*

**Guðbjörg Kristín Helgadóttir**

frá Unaðsdal,
til heimilis að Kumbaravogi,

lést á Landspítala Fossvogi fimmtudaginn 20. október. Jarðarförin fer fram frá Lindakirkju í Kópavogi miðvikudaginn 26. október kl. 15.00.

**Lilja Helgadóttir**
**Sigurborg Helgadóttir**
**Lára Helgadóttir**
**Sigurlína Helgadóttir**
**Jón Helgason**
**Hannibal Helgason**
**Matthías Helgason**
**Auðunn Helgason**

VIKA 43

VÍMUVARNAVIKA 2011

## yfirlýsing

# Virðum rétt barna

## til lífs án neikvæðra afleiðinga áfengis- og vímuefnaneyslu

Heilsa og velferð eru meðal grundvallaréttinda fólks.
Verndun og efling þessara þátta hjá ungu fólki er
m.a. þungamiðjan í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, stefnumörkun
Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar og hlutverki Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna.

Áhrifaþættir þessara viðfangsefna liggja hjá fjölskyldum, menntastofnunum,
vinnustöðum og sveitarfélögum. Áhrifa alþjóðavæðingar fjölmiðla, ekki síst hinna
félagslegu miðla, gætir í auknum mæli á viðhorf, val og hegðun ungs fólks.
Ungt fólk hefur að jafnaði meiri fjárráð en áður en er á sama tíma
varnarlausara gagnvart ásókn og áróðurstækni markaðsafla.

Þing og ríkisstjórnir hafa miklu hlutverki að gegna við opinbera
stefnumörkun og fjármögnun samfélagslegra verkefna.
Almenn stefna í áfengis- og vímuefnamálum þarf að byggjast
á lýðheilsusjónarmiðum, án afskipta frá viðskiptahagsmunum.

Það er mikilvægt að börn og ungmenni hafni neyslu áfengis
og annarra vímuefna, enda stafar þeim ýmis hætta af neyslu þeirra.
Sterk tengsl eru á milli áfengis- og vímuefnaneyslu annars vegar og ofbeldis,
óábyrgs kynlífs, umferðarslysa og ýmissa slysa og óhappa, hins vegar.
Þessar afleiðingar neyslunnar er þung félagsleg og fjárhagsleg byrði samfélaga,
auk sársaukans og vandans sem snýr að einstaklingum og fjölskyldum.
Mörg börn og ungmenni eru einnig fórnarlömb neyslu annarra,
innan fjölskyldu sem utan, s.s. vegna vanrækslu, fátæktar, ofbeldis,
misnotkunar og sundraðra fjölskyldna.

Ungt fólk endurspeglar almennar venjur og viðhorf samfélagsins.
Af þeim sökum berum við öll ábyrgð sem fyrirmyndir og samfélagsþegnar
og ber að hvetja til og styðja hvers kyns viðleitni til þess
að skapa ungu fólki aðstæður og forsendur til vímulauss lífernis
**og virða rétt þeirra til lífs án neikvæðra afleiðinga**
**áfengis- og vímuefnaneyslu.**

**www.vvv.is**

## Þökkum stuðning við VIKA 43 -vímuvarnaviku 2011

**Reykjavík**
Áman ehf
Árni Reynisson ehf
Barnaverndarstofa
Bootcamp ehf
Danica sjávarafurðir ehf
Eignamiðlunin Reykjavík og Mosfellsbæ
ERF ehf
Ergo fjármögnunarþjónusta Íslandsbanka
Faxaflóahafnir sf
Ferðaskrifstofan VITA
Félagsbústaðir hf
Forum lögmenn ehf
Grásteinn ehf
Hjálpræðisherinn á Íslandi
Höfðakaffi ehf
Íslensk erfðagreining
Íþróttafélagið Fylkir
Kemis ehf
Kjöthöllin ehf
Knattspyrnusamband Íslands
KOM almannatengsl
Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu
Löndun ehf
Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Menntaskólinn við Hamrahlíð
Reykjavíkurborg
Reykjavíkurprófastsdæmi eystra
Rolf Johansen & Co ehf
Setberg, bókaútgáfa
SFR, stéttarfélag í almannaþjónustu
SÍBS
Sjálfstæðisflokkurinn
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs
Smith og Norland hf
Sævörur ehf
Tannlæknastofa Egils Kolbeinssonar
Tannlæknastofa Friðgerðar Samúelsdóttur
Tannréttingar sf
Útfararstofa Kirkjugarðanna ehf
V.R.
Veitingahúsið Fiskfélagið
Verslunarskóli Íslands
Verslunartækni ehf
Vilberg kranaleiga ehf
VSÓ Ráðgjöf ehf
Zedrus leikmyndagerð ehf
Þ.G. verktakar ehf

**Seltjarnarnes**
Seltjarnarneskirkja

**Kópavogur**
Bíljöfur ehf
Íslandsspil sf
Tengi ehf

**Garðabær**
Garðabær

**Hafnarfjörður**
G.S. múrverk ehf
Hársnyrtistofan Fagfólk ehf

**Reykjanesbær**
Dacoda ehf
Ice Group ltd
Reykjanesbær
Verslunarmannafélag Suðurnesja

**Grindavík**
Einhamar Seafood ehf
Þorbjörn hf

**Garður**
Sveitarfélagið Garður

**Mosfellsbær**
Elektrus ehf - löggiltir rafverktakar

**Akranes**
Bifreiðastöð Þórðar Þ Þórðarsonar
GT Tækni ehf
Runólfur Hallfreðsson ehf
Vignir G. Jónsson hf

**Borgarnes**
Bókhalds- og tölvuþjónustan sf

**Ólafsvík**
Steinunn ehf

**Ísafjörður**
Hamraborg ehf
Ísafjarðarbær

**Bolungarvík**
Bolungarvíkurkaupstaður

**Súðavík**
Súðavíkurhreppur

**Patreksfjörður**
Albína verslun

**Sauðárkrókur**
Kaupfélag Skagfirðinga

**Akureyri**
Akureyrarbær
Fasteignasalan Hvammur ehf
Höldur - Bílaleiga Akureyrar
Ísgát ehf
Sjúkrahúsið á Akureyri

**Grímsey**
Sigurbjörn ehf, útgerð

**Húsavík**
Kvenfélag Húsavíkur

**Laugar**
Framhaldsskólinn á Laugum

**Þórshöfn**
Langanesbyggð

**Egilsstaðir**
Þ.S. verktakar ehf

**Seyðisfjörður**
Seyðisfjarðarkaupstaður

**Eskifjörður**
Tanni ferðaþjónusta ehf

**Neskaupstaður**
Síldarvinnslan hf, útgerð

**Breiðdalsvík**
Héraðsdýralæknir Austurlandsumdæmis syðra

**Selfoss**
Búnaðarfélag Grafningshrepps
Grunnskóli Bláskógabyggðar
Guðmundur Tyrfingsson ehf

**Þorlákshöfn**
Frostfiskur ehf
Sveitarfélagið Ölfus

**Stokkseyri**
Durinn ehf

**Laugarvatn**
Menntaskólinn að Laugarvatni

**Hvolsvöllur**
Rangárþing eystra

**Vestmannaeyjar**
Frár ehf
Vinnslustöðin hf

Hornafjörður | Allt merkt | KPMG | Smiðjan | olís | Ísfugl | Staki | Eskja | Fjallabyggð | Coca-Cola | UMFÍ

Skeljungur | Öryrkjabandalag Íslands | HS Orka hf | Vá Vest | Vinnuvernd ehf – vellíðan í vinnu

GS varahlutir | SORPA – Flokkum og skilum – 20 1991-2011 | VÍNBÚÐIN | FORVARNASJÓÐUR

STANDA AÐ VIKA 43 2011

Barnahreyfing IOGT | Brautin - bindindisfélag ökumanna | FÍÆT – Félag íþrótta-, æskulýðs- og tómstundafulltrúa | Heimili og skóli | IOGT á Íslandi | ÍSÍ | KFUM-K
Krabbameinsfélag Reykjavíkur | Kvenfélagasamband Íslands | Núll prósent - samtökin | Samstarfsráð um forvarnir SAMFO | SAMFÉ | SAMHJÁLP
Samtök foreldra gegn áfengisauglýsingum | Samtök skólamanna um bindindisfræðslu SSB | Skátarnir | UMFÍ | VÍMULAUS ÆSKA – Foreldrahús | Vernd - fangahjálp | Þjóðkirkjan

## krossgáta



**LÁRÉTT**
2. heilu, 6. ólæti, 8. slæða, 9. heyskaparamboð, 11. í röð, 12. samansafn, 14. áburður, 16. skóli, 17. skarð, 18. stansa, 20. nudd, 21. sleit.

**LÓÐRÉTT**
1. land í asíu, 3. tveir eins, 4. land, 5. mein, 7. ganga örugglega frá, 10. húsfreyja, 13. samstæða, 15. óviljugur, 16. flinkur, 19. tvíhljóði.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. öllu, 6. at, 8. lín, 9. orf, 11. bd, 12. syrpa, 14. gúanó, 16. fg, 17. rof, 18. æja, 20. nú, 21. rauf.

**LÓÐRÉTT:** 1. laos, 3. ll, 4. líbanon, 5. und, 7. tryggja, 10. frú, 13. par, 15. ófús, 16. fær, 19. au.





MARKAÐURINN KEMUR ÚT Á MORGUN

BANKARNIR TAKMARKA SAMKEPPNI

Umfjöllun um skakka stöðu á ýmsum samkeppnismörkuðum.

ÖRLAGASTUND EVRUSVÆÐISINS

Fréttaskýring um nýjustu björgunaraðgerðir Evrópusambandsins og áhrif þeirra á þjóðríki og fjármálafyrirtæki.




Allt sem þú þarft


# Burt með réttindi borgaranna

**BAKÞANKAR**
Kolbeins Óttarssonar Proppé



Tillaga liggur nú fyrir Alþingi um að veita lögreglunni heimildir til að fylgjast með fólki, án þess að nokkur rökstuðningur liggi fyrir um hvort það hefur framið glæp eða ekki. Slíkt athæfi hefur verið klætt í fagmannlegt og ógagnsætt hugtak undir heitinu forvirkar rannsóknarheimildir, en hið ágæta orð njósnir nær því betur. Heimildir til að fylgjast með og skrifa skýrslur um fólk, sem ekkert hefur til saka unnið. Mögulega hyggur einhver viðkomandi á glæp, en þar sem ekki þarf að fylgja rökstuddur grunur um slíkt er allt eins líklegt að svo sé alls ekki.

**EFLAUST** býr góður hugur að baki slíkri tillögu frekar en hnýsni um ferðir samborgaranna. Tillagan gengur hins vegar svo freklega á réttindi borgaranna að undrum sætir að hún sé til umræðu. Að það þurfi ekki einu sinni að rökstyðja fyrir dómara að ætlunin sé að fylgjast með einhverjum er fráleit hugsun.

**ÁTTMENNINGARNIR** sem leggja tillöguna fram vilja að slíkum njósnum sé beint gegn „atferli sem talið er ógna almenningi, öryggi ríkisins og sjálfstæði þess“. Á huldu er hins vegar hver á að skilgreina öryggi ríkisins, hvað þá sjálfstæði þess. Samkvæmt röksemdum margra ESB-andstæðinga næði þetta yfir alla fylgismenn aðildar að Evrópusambandinu.

**Í GREINARGERÐUM** vegna innkaupa Ríkislögreglustjóra, sem Ríkisendurskoðun gagnrýndi, kom fram að greiningardeild lögreglunnar telur að hér hafi ríkt viðvarandi hættuástand frá falli bankanna. Það ríki enn. Er það nægt hættuástand til að fylgjast með fólki sem ekki hefur enn framið brot? Það veit enginn, verði tillagan samþykkt, því ekki þarf rökstuðning með njósnunum.

**ÞVÍ MIÐUR** er tillagan hluti af breyttu hugarfari sem ryður sér æ meira til rúms. Réttindi borgaranna eru vegin, metin og léttvæg fundin og fórnað á altari einhverra óskilgreindra hagsmuna. Eftir árásir á Tvíburaturnana í Bandaríkjunum hefur sú tilhneiging orðið fyrirferðarmeiri að öllu megi fórna á altari öryggis. Skerða megi réttindi fólks, bara ef hægt er að halda því öruggu. Það er svo að sjálfsögðu yfirvaldsins hverju sinni að skilgreina hvað öryggi er.

**TILLAGA** sem þessi er stórhættuleg, bæði í sögulegu ljósi sem nútímanum. Stjórnarskrár og mannréttindasáttmálar hafa sérstaklega tiltekið réttindi borgara og tillagan brýtur á þeim.

**VALD SPILLIR,** sérstaklega eftirlitslaust vald. Úr slíku valdi á að draga, ekki að auka það.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






# ELDFJALL

ZIK ZAK FILMWORKS OG FINE & MELLOW KYNNA KVIKMYND EFTIR RÚNAR RÚNARSSON „ELDFJALL“
THEODÓR JÚLÍUSSON MARGRÉT HELGA JÓHANNSDÓTTIR ÞORSTEINN BACHMANN ELMA LÍSA GUNNARSDÓTTIR
HÁR OG FÖRÐUN GUÐBJÖRG HULDÍS KRISTINSDÓTTIR BÚNINGAHÖNNUN HELGA RÓS V. HANNAM LEIKMYND HAUKUR KARLSSON
TÓNLIST KJARTAN SVEINSSON HLJÓÐ INGVAR LUNDBERG KLIPPING JACOB SECHER SCHULSINGER KVIKMYNDATAKA SOPHIA OLSSON DFF
FRAMKVÆMDASTJÓRI RANNVEIG JÓNSDÓTTIR SAMFRAMLEIÐANDI HLÍN JÓHANNESDÓTTIR EXECUTIVE FRAMLEIÐANDI THOMAS GAMMELTOFT
FRAMLEIÐENDUR ÞÓRIR SIGURJÓNSSON SKÚLI FR. MALMQUIST EGIL DENNERLINE HANDRIT OG LEIKSTJÓRN RÚNAR RÚNARSSON
STYRKT AF NEW DANISH SCREEN KVIKMYNDASJÓÐI ÍSLANDS NORRÆNA KVIKMYNDA- OG SJÓNVARPSSJÓÐNUM
LISTRÆN STJÓRN, NEW DANISH SCREEN JACOB HØGEL RÁÐGJÖF, NEW DANISH SCREEN KIM LEONA FORSTÖÐUMAÐUR NORRÆNA KVIKMYNDA- OG SJÓNVARPSSJÓÐSINS HANNE PALMQUIST FORSTÖÐUMAÐUR KVIKMYNDASJÓÐS ÍSLANDS LAUFEY GUÐJÓNSDÓTTIR

FINE & MELLOW · ZIK ZAK · DR · TV2 · ICELANDIC Film Centre · NEW DANISH SCREEN

**LISTAMANNSSPJALL Í FLÓRU** Sýningu Þórarins Blöndals myndlistarmanns í Listagili á Akureyri, Guli skúr 8, lýkur laugardaginn 29. október. Fimmtudaginn 27. október verður boðið upp á spjall við listamanninn í Flóru. Viðmælandi hans verður Hlynur Hallsson, myndlistarmaður og listrænn ráðunautur í Flóru. Spjallið hefst klukkan 20.

Hádegistónleikar í Fríkirkjunni
alla miðvikudaga í vetur frá kl. 12:15 til 12:45
ENGINN AÐGANGSEYRIR
ALLIR VELKOMNIR
Listrænn stjórnandi Gerrit Schuil
LJÁÐU OKKUR EYRA
FRÍKIRKJAN Í REYKJAVÍK

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.


**COUNT BASIE** Stórsveitin heiðrar djassarann í Hörpu á laugardag.

# Basie, beint af augum

**Basie, beint af augum er yfirskrift tónleika Stórsveitar Reykjavíkur sem haldnir verða í Kaldalónssal tónlistarhússins Hörpu næsta laugardag, 29. október, klukkan 15.**

**Eins og nafnið gefur til kynna er dagskrá Stórsveitarinnar helguð stórsveit Count Basie og þá sérstaklega útsetjaranum og tónskáldinu Sammy Nestico. Sá skrifaði fyrir Basie-bandið á árunum 1967 til 1984. Flutt verður öll tónlistin af hinni rómuðu plötu „Basie Straight Ahead“ frá árinu 1968, auk nokkurra annarra verka frá sama tíma.**

**Stjórnandi er Sigurður Flosason, en hann hefur áður meðal annars stjórnað sveitinni í dagskrám helguðum tónlist Thad Jones og Bob Brookmeyer.**


**FORTÍÐIN** Norræna húsið er nýtt á hugvitsamlegan hátt í frumlegri Völuspá sem sýnd er þar um þessar mundir.

# Nýstárleg Völuspá

Leikhús ★★★★

**Völuspá**

Leikstjóri: Martin Tulinius

**Sviðsmynd og búningar:** Dorte Holbek **Matreiðslumenn:** Mette Sia Martinussen og Gunnar Karl Gíslason **Leikritahöfundur og textavinna:** Alete Scavenius **Ljósahönnun:** Aðalsteinn Stefánsson **Myndbandshönnun:** Mikal Bing **Hljóðhönnun:** Emil Sebastian Boell

Sýningin Völuspá – A Nordic Food Expedition er kynnt sem ferðalag fyrir öll skilningarvitin. Í henni eru leidd saman forn kveðskapur, Völuspá, og hin nýja norræna matargerð – og er markmiðið að gestur á þessari skemmtun upplifi nýtt og spennandi leikhús skynfæranna.

Fyrirheitin lofuðu góðu og undirrituð mætti spennt á vettvang leiksins, Norræna húsið. Þar var tekið á móti gestum með freyðivíni af brosmildum þjónustustúlkum.

Skömmu síðar hófst leikurinn. Eldri kona og ung stúlka báðu gesti að fylgja sér og fyrsti þáttur verksins hófst við Gróðurhús Norræna hússins. Heimurinn varð til með ljósagerningi, gestir fengu að bragða rót lífsins – framborna af þjónustustúlkunum sem reyndust koma mjög við sögu í sýningunni.

Að þessum þætti loknum voru gestirnir 24 leiddir inn í tónleikasal Norræna hússins. Þar settust allir á hvíta stóla sem raðað hafði verið í hring, söngur ómaði og örlaganornin Urður hóf upp raust sína.

Það var heillandi að ganga inn í heiminn sem hafði verið skapaður fyrir þetta verk og ekki hægt að segja annað en Norræna húsið sé nýtt á hugvitsamlegan hátt. Sumir þættirnir voru einkar vel heppnaðar innsetningar. Örlaganornin Verðandi flækt í reipi var eftirminnileg mynd, sömuleiðis blóðfórnin og umbreytingin á bókasafni Norræna hússins í veislusal var ævintýraleg. Við veisluborðið myndaðist skemmtileg stemning, áhorfendur eru í veislu undir stjórn Loka, sem var vel leikinn af Morten Burian.

Í heildina má segja að hinn sjónræni þáttur þessa verks hafi verið frábær, leikmynd, lýsing, búningar – allt var þetta magnað. Sögunni vindur fram í gegnum sjónræna þáttinn og texta sem er bæði brot úr Völuspá og samtímatexti aðstandenda. Bragðlaukarnir voru líka sendir í ferðalag með sjö rétta máltíð þar sem gæðavín var framborið með hverjum rétti. Þættirnir spiluðu vel saman – uppbygging matseðilsins rímaði vel við söguna.

Völuspá segir frá tilurð heimsins og ragnarökum. Söguna þekkjum við þó að kvæðin séu kannski framandi. En maður þarf alls ekki að vera vel að sér í norrænum fræðum til að njóta kvöldstundarinnar í Norræna húsinu, frekar að vera tilbúinn til að láta koma sér á óvart og njóta lífsins.

Sýningin er samstarfsverkefni Norræna hússins og danska leikhússins Republique. Hugmyndasmiðir eru danskir, Dorte Holbæk, sviðsmynda- og búningahönnuður, Alette Scavenius leikritahöfundur, Mette Sia Martinussen, sem er kunn í heimalandinu fyrir Matarleikhús sitt, og Martin Tulinius leikstjóri. Hann er þekktur fyrir sýningar sem leggja áherslu á hið sjónræna og samruna miðla. Íslenskt innlegg er til að mynda frábær ljósahönnun Aðalsteins Stefánssonar og matreiðsla Gunnars Karls Gíslasonar. Leikararnir eru líka flestir íslenskir, þeir standa sig vel.

Miðinn á verkið kostar nær 20.000 krónur þannig að þessi samruni sjónlistar og matargerðar kostar sitt. En það er dýrt að fara út að borða með stæl á Íslandi og hér fá gestir meira en bara mat á disk. Áhugafólk um mat og menningu fær því sannarlega eitthvað fyrir peninginn.

**Sigríður Björg Tómasdóttir**

**Niðurstaða:** Sjónlist og sælkeramatur spila saman í eftirminnilegri framsetningu á Völuspá.






# KÆRI LYKILHAFI.

# HVERNIG VÆRI AÐ HALDA ATLANTSOLÍUDAGINN

## HÁTÍÐLEGAN OG FÁ SÉR ÆRLEGA Á TANKINN Í DAG?



Í DAG VEITIR DÆLULYKILL ATLANTSOLÍU
5 KRÓNA AFSLÁTT
AF LISTAVERÐI FRAM TIL MIÐNÆTTIS.
AUKAAFSLÁTTUR DAGSINS BÆTIST EKKI OFAN Á ÖNNUR AFSLÁTTARKJÖR.

ÍSLENSKA SIA.IS AOL 53527 08/11

SÆKTU UM DÆLULYKIL Á WWW.ATLANTSOLIA.IS

LENGI LIFI SAMKEPPNI

ATLANTSOLÍA

Atlantsolía var stofnuð til að veita stóru olíufélögunum samkeppni. Við rufum einokun olíurisanna þriggja árið 2003 og höfum haldið keppinautunum við efnið síðan.

Dælulykill gefur afslátt hjá þessum frábæru fyrirtækjum:

MÁLNINGARVÖRUR · kemi · AÞ-ÞRIF · GÚMMÍVINNSLAN · Aðalskoðun · TE & KAFFI



Hinn árlegi gala-kvöldverður var sérlega glæsilegur vegna hundrað ára afmælis samtakanna. NORDICPHOTOS/GETTY



Friðrik krónprins og kona hans, Mary Donaldson, tóku sig vel út á dansgólfinu.



Fjöldi gesta lét það eftir sér að dansa við ljúfan undirleik á gala-kvöldverðinum í þessum stórbrotna danssal Hilton-hótelsins.

# SKRAUTLEGUR AÐALL Í GALA-KVÖLDVERÐI

**Norræni aðallinn klæddist sínu fínasta pússi þegar hann var viðstaddur glæsilegan gala-kvöldverð á vegum American-Scandinavian Foundation en samtökin verða hundrað ára í ár. Íslensku forsetahjónin voru að sjálfsögðu á meðal gesta.**

Allir þjóðhöfðingjar Norðurlandanna voru samankomnir á Hilton-hótelinu þegar samtökin American-Scandinavian Foundation héldu veglegan galakvöldverð um helgina. Aðalsborið fólk og forsetar Finnlands og Íslands voru heiðursgestir samkomunnar en fólkið var hyllt með dynjandi lófaklappi þegar það gekk í salinn. Norska leikkonan Liv Ullmann var veislustjóri og leikarinn Brian Stokes Mitchell skemmti fólki með söng. Síðan var stiginn dans og þar vöktu Friðrik krónprins og Mary Donaldson mesta athyglina fyrir mikinn þokka á dansgólfinu.

Ekki voru þó allir hrifnir af kvöldverðinum og blaðamaður Wall Street Journal, Mike Vilensky, segir viðburðinn hafa haft ásjónu gömlu yfirstéttarinnar. „Fræga fólkið og almúginn eru oft aðskilin í gala-kvöldverðum en það gerist ekki oft að fólk fái skriflegar leiðbeiningar um hvernig það eigi að haga sér í nærveru slíks fólks,“ skrifar Vilensky og vitnar í leiðbeiningar sem allir gestir fengu en þar kom meðal annars fram að ekki mætti snerta hið aðalsborna fólk nema bara með einu handabandi. „Þetta er svolítið fornt,“ hefur Wilensky eftir lögfræðingnum C.P. Braestrup sem bætti því svo við að konungsfólkið yrði að viðhalda ákveðinni dulúð.

Blaðamaður vefsíðunnar Examiner fylgdist gaumgæfilega með hverju skrefi konungsfólksins og sá hvernig Sonja Noregsdrottning festi kjólinn sinn í rúllustiga en var bjargað af sjálfum Karli Gústav Svíakonungi. Adam var hins vegar ekki lengi í paradís hjá hinum skrautlega konungi því honum tókst að hella kampavíni á kjól konu sinnar.

freyrgigja@frettabladid.is



Forsetahjónin, Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff voru glæsileg að vanda í gala-kvöldverði American-Scandinavian Foundation.


SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ FULLKOMIN GÆÐI!




SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| HEADHUNTERS | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| HEADHUNTERS LÚXUS | KL. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| THE THING | KL. 8 - 10.20 | 16 |
| ÞÓR 3D ÍSLENSKT TAL | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| ÞÓR 2D ÍSLENSKT TAL | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| BORGRÍKI | KL. 6 - 8 - 10 | 14 |
| WHAT´S YOUR NUMBER | KL. 8 - 10.20 | 12 |
| RAUÐHETTA 2 3D ÍSL | KL. 3.40 | L |
| STRUMPARNIR 3D ÍSL | KL.3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| HEADHUNTERS | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| ÞÓR 3D ÍSLENSKT TAL | KL. 5.50 | L |
| BORGRÍKI | KL. 8 - 10 | 14 |
| MIDNIHGT IN PARIS | KL. 5.50 - 8 | L |
| WHAT´S YOUR NUMBER | KL. 10.10 | 12 |
| ELDFJALL | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | L |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| HEADHUNTERS | KL. 8 - 10 | 16 |
| THE THING | KL. 10 | 16 |
| ÞÓR 2D | KL. 6 | L |
| BORGRÍKI | KL. 6 - 8 | 14 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar — LAUGARÁS BÍÓ — www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075




LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | |
|---|---|
| THE THING | 8 og 10.10 |
| BORGRÍKI | 6, 8 og 10.10 |
| ADVENTURES OF TINTIN - 3D | 8 - FORSÝNING |
| ÞÓR - 3D | 6 - ISL TAL |
| KILLER ELITE | 10.10 |
| JOHNNY ENGLISH | 6 |

SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE THREE MUSKETEERS - 3D | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 3D | 12 |
| THE THREE MUSKETEERS VIP | kl. 8 - 10:20 | 2D | VIP |
| FOOTLOOSE | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | 10 |
| BANGSÍMON M/ ísl. Tali | kl. 6 | 2D | L |
| REAL STEEL | kl. 5:30 - 8 | 2D | 12 |
| CONTAGION | kl. 8 | 2D | 12 |
| CONTAGION Luxus VIP | kl. 5:50 | 2D | VIP |
| JOHNNY ENGLISH REBORN | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | L |
| DRIVE | kl. 10:20 | 2D | 16 |
| CRAZY, STUPID, LOVE | kl. 10:20 | 2D | 7 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE THREE MUSKETEERS | kl. 10:20 | 3D | 12 |
| FOOTLOOSE | kl. 8 | 2D | 10 |
| BORGRÍKI m/ísl.tali | kl. 10:20 | 2D | 14 |
| KILLER ELITE | kl. 8 | 2D | 16 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| JOHNNY ENGLISH REBORN | kl. 8 - 10:10 | L |
| BORGRÍKI | kl. 8 - 10:10 | 14 |
| BANGSÍMON M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| KONUNGUR LJÓNANNA M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE THREE MUSKETEERS | kl. 3:40 - 5:30 - 8 - 10:30 | 3D | L |
| ÞÓR: HETJUR VALHALLAR m/ísl tali | kl. 3:40 - 5:50 | 3D | L |
| THE LION KING m/ísl tali | kl. 5:50 | 3D | L |
| FOOTLOOSE | kl. 8 - 10:30 | 2D | L |
| BANGSÍMON m/ísl tali | kl. 3:40 | 2D | L |
| REAL STEEL | kl. 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| DRIVE | kl. 8 - 10:40 | 2D | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI m/ísl tali | kl. 3:40 - 5:50 | 2D | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE THREE MUSKETEERS - 3D | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 3D | 12 |
| FOOTLOOSE | kl. 8 - 10:20 | 2D | 10 |
| THE SKIN I LIVE IN | kl. 8 - 10:20 | 2D | 16 |
| KONUNGUR LJÓNANNA - 3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | 3D | L |
| ALGJÖR SVEPPI OG TÖFRASKÁPURINN | kl. 6 | 2D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| BANGSÍMON | kl. 6 | 2D | L |
| THE THREE MUSKETEERS | kl. 8 - 10:10 | 3D | 12 |
| ALGJÖR SVEPPI OG TÖFRASKÁPURINN | kl. 6 | 2D | L |
| FOOTLOOSE | kl. 8 | 2D | 10 |
| REAL STEAL | kl. 10:10 | 2D | 12 |

BÍÓ ★ PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is

ÞRIÐJUDAGUR: MIDNIGHT IN PARIS 18:00, 20:00, 22:00 ■ ICELAND VOLCANO 20:00, 22:00 ■ JÓN OG SÉRA JÓN 18:00, 20:00 ■ *SVINALANGORNA* 18:00, 20:00 ■ Á ANNAN VEG 18:00, 22:00 ■ GE9N 22:00 (SÍÐUSTU SÝN.)
ÍSLENSKUR TEXTI / *ENGLISH SUBTITLES.*

VERTU FASTAGESTUR!
Ódýrara í bíó með aðgangskortum!



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Þriðjudagur 25. október**

### ➜ Tónleikar

**12.15** Hörður Áskelsson, kantor Hallgrímskirkju, flytur orgeltónlist eftir Johannes Brahms og Domenico Zipoli í Hafnarfjarðarkirkju. Aðgangur ókeypis.

**20.00** Tónleikar til heiðurs Franz Liszt í tilefni 200 ára afmæli hans í Salnum í Kópavogi. Tónleikarnir eru í flutningi Karlakórs Hreppamanna og Unglingakór Selfosskirkju. Miðaverð er kr. 2.700.

**20.00** Einar Örn Finnsson tenór og Davíð Ingi Ragnarsson bassi syngja perlur óperubókmenntanna í Grafarvogskirkju. Miðaverð er kr. 1.000.

**20.00** Lög Oddgeirs Kristjánssonar og Jóns Múla Árnasonar í flutningi Lúðrasveitar Reykjavíkur í Neskirkju. Aðgangseyrir að tónleikunum er kr. 1.500.

**20.30** Hljómsveitirnar Retro Stefson og Nolo koma fram á tónleikaröðinni Kaffi, kökur og rokk & ról í Edrúhöllinni, Efstaleiti 7. Aðgangseyrir er kr. 500.

**21.00** Mogadon heldur tónleika á Café Rosenberg.

### ➜ Leiklist

**20.00** Leikfélag Fljótsdalshéraðs sýnir Finnska hestinn í Valaskjálf á Egilsstöðum. Miðaverð er kr. 2.500 en eldri borgarar og börn 14 ára og yngri greiða kr. 2.200.

### ➜ Opnanir



**17.00** Útgáfu nýjustu bókar **Vigdísar Grímsdóttur**, Trúir þú á töfra?, verður fagnað í Borgarbókasafninu á Tryggvagötu 15. Á sama tíma verður opnuð sýning á myndum Vigdísar sem hún málaði samhliða skrifunum.

### ➜ Málstofa

**12.00** Málstofa á vegum Viðskiptafræðideildar og Alþjóðamálastofnunar The European Union and Monetary Integration in West Africa er haldin í HT 101 í Háskóla Íslands.

### ➜ Sýningar

**20.00** Viðburðurinn Flakkið fer fram í Hömrum í Hofi. Leikarar frá Silfurtunglinu og Leikfélagi Akureyrar, nemar Myndlistarskólans á Akureyri og nemendur úr Tónlistarskólanum á Akureyri rifja upp listasöguna með tónlist, leiklist og myndlist. Miðaverð er kr. 1.500.

**20.00** Völuspá – A Nordic Food Expeditio, samstarfsverkefni leikhússins Republique í Kaupmannahöfn, Norræna hússins og Dill veitingastaðar, er sýnt í Norræna húsinu og byggist á textum Völuspár og norrænni matarmenningu. Miðaverð er kr. 19.000.

### ➜ Heimildarmyndir

**20.00** Heimildamyndirnar Iceland Volcano Eruption og Into the Volcano, um gosið í Eyjafjallajökli, verða sýndar í Bíói Paradís kl. 20 og 22 í dag. Sýningar standa til 4. nóvember.

### ➜ Kvikmyndahátíð

**13.00** Kvikmyndahátíðin Berlín og Bláir englar fer fram í kamesi Borgarbókasafns á Tryggvagötu 15. Sýndar verða þýskar kvikmyndir frá millistríðsárunum. Der blaue Engel er sýnd í dag kl. 13, 15 og 17. Aðgangur er ókeypis.

### ➜ Tónlist

**22.00** Spilakvöld er haldið á Prikinu. Dj Hús stjórnar tónlistinni.

**22.00** Dj HalliValli þeytir skífum á Kaffibarnum.

### ➜ Samkoma

**09.30** Korpúlfar, samtök eldri borgara í Grafarvogi, standa fyrir sundleikfimi í Grafarvogssundlaug.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**

# Óléttukúla Simpson



Söngkonan íturvaxna Jessica Simpson er sögð hafa afhjúpað eigið leyndarmál á flugvellinum í Los Angeles þegar ljósmyndarar mynduðu hana ansi myndarlega um sig miðja. Sögusagnir um að Simpson eigi von á barni hafa verið á kreiki að undanförnu en hún hefur sjálf verið þögul sem gröfin. Hins vegar er breska blaðið Daily Mail alveg sannfært um að söngkonan beri barn undir belti en það birti flennistórar myndir af söngkonunni á rölti í flughöfninni í þröngum svörtum kjól.

Unnusti hennar er ruðningsleikmaðurinn Eric Johnson.

**ÓLÉTT?** Jessica Simpson er sögð hafa afhjúpað eigið leyndarmál á flugvellinum í Los Angeles nýverið.

# Baulað á Kim í Vegas

Kim Kardashian hélt upp á afmælið sitt með risaveislu í Las Vegas um helgina. Nokkur hundruð manns sóttu veisluna, en miðað við hvernig gestirnir tóku á móti afmælisbarninu voru þetta ekki nánustu vinir hennar.

Þegar plötusnúðurinn kynnti hana fyrir gestum tóku þeir sig til og bauluðu á hana þangað til Khloe, systir Kardashian, greip hljóðnemann og las yfir gestunum. Það gerði illt verra og þeir bauluðu hærra.

Kim þerraði svo tárin í smærri afmælisveislu með fjölskyldu sinni í New York.



**ÓVINSÆLI Í EIGIN VEISU** Gestir í afmælisveislu Kim Kardashian voru afar dónalegir.




Fimm rétta
DIWALI
hátíðarmatseðill
4.990 kr.

FORRÉTTUR

Pather Ka Murgh
*Hlóðagrillaður kjúklingur í kraftmikilli maríneringu, borinn fram með kóríander-chutney. Lostæti úr hringiðu Hyderabad!*

AÐALRÉTTIR

Murgh Rogan Josh
*Hægeldaðar kjúklingalundir í himneskri sósu með kanil, kardimommum og negul. Eftirlætisréttur frá Norður-Indlandi.*

*og*

Gosht Mussalam
*Grillað lambafillet og ríkulega marínerað með engiferi, hvítlauk, kókos, chillí, kóríander og svörtum pipar. Gömul uppskrift frá konungsdæminu Avadh í Norður-Indlandi*

*og*

Rajma
*Nýrnabaunir eldaðar í ljúfri sósu með túrmerik, kóríander, garam masla og chillí. Réttur sem þorri manna í Norður-Indlandi gæti ekki lifað án!*

MEÐLÆTI

Raitha
*Heimalöguð jógúrtsósa með gúrkum og kryddblöndu*

*og*

Basmati hrísgrjón

*og*

Naan brauð
*Gómsæti úr Tandoori-ofninum*

EFTIRRÉTTUR

Crème Brulée
*Indversk útgáfa af þessum klassíska rétti með ferskjum og engiferi*

**Nú eru síðustu forvöð að panta borð. Diwali-hátíðinni lýkur mánudaginn 31. október.**

***Við þökkum frábærar viðtökur!***

# Hátíð ljóssins hjá
## *Austur-Indíafjelaginu*

Indverjum duga ekki færri en fimm dagar til að halda upp á hátíð ljóssins, Diwali, sem nú á hug þeirra og hjörtu.

Við hjá Austur-Indíafjelaginu viljum færa örlitla birtu inn í byrjun vetrar og bjóðum því upp á sérstakan **fimm rétta Diwali-hátíðarmatseðil í október á afar góðu verði: 4.990 kr. alla daga.**

***Borðapantanir í síma 552 1630.***



*Chandrika Gunnarsson hjá Austur-Indíafélaginu býður gesti velkomna á Diwali, hátíð ljóssins.*

*Hverfisgata 56, 101 Reykjavík*
*Sími: 552 1630*

*Opið:*
*sun.-fim. 18:00 - 22:00*
*fös. og lau. 18:00 - 23:00*

PLÁNETAN 2011

AUSTUR-INDÍAFJELAGIÐ
INDIAN RESTAURANT
www.austurindia.is

# sport

sport@frettabladid.is



**ARON EINAR GUNNARSSON** segist vilja fylgja í fótspor manna eins og Eiðs Smára Guðjohnsen og Grétars Rafns Steinssonar sem hafa spilað í ensku úrvalsdeildinni. „Það er mikil virðing borin fyrir manni heima á Íslandi ef maður spilar í ensku úrvalsdeildinni. Íslendingar eru aðeins 300 þúsund talsins og ef maður spilar í stærstu deild heims þekkja mann allir," sagði Aron Einar við Daily Mail.

# Ekki réttur maður fyrir Grindavík

**Þorsteinn Gunnarsson sagði af sér formennsku hjá knattspyrnudeild Grindavíkur þar sem félagið ætlar að ráða Guðjón Þórðarson. Þorsteinn vildi frekar fá Lárus Orra Sigurðsson eða David McCreery. Jónas Þórhallsson tekur líklega aftur við formennsku. Hann á ekki von á að það verði alltaf logn í kringum Guðjón.**

**FÓTBOLTI** Þorsteinn Gunnarsson hefur ákveðið að láta af formennsku í knattspyrnudeild Grindavíkur í kjölfar þess að stjórn knattspyrnudeildar ákvað að fara í samningaviðræður við Guðjón Þórðarson.

Þorsteinn var sá eini í stjórninni sem vildi ekki ræða við Guðjón og þar sem hann er ekki sáttur við stefnu deildarinnar ákvað hann að stíga til hliðar.

„Ég tel Guðjón ekki vera réttan mann í starfið. Því finnst mér rétt að aðrir aðilar móti starfið með Guðjóni. Mér finnst að það sé heiðarlegt af minni hálfu að stíga til hliðar," sagði Þorsteinn, en hann telur aðra þjálfara sem voru í myndinni hafa verið hæfari en Guðjón.

„Það voru Lárus Orri Sigurðsson og David McCreery. Sá síðarnefndi er fyrrverandi leikmaður Man. Utd og sótti um starfið. Hann hefur komið víða við á ferlinum og var í tíu ár hjá Boca Juniors í Argentínu að vinna þar. Svo var hann kominn til Mjanmar á síðasta ári. Hann var svo á leið til Malasíu að þjálfa þar."

Jónas Þórhallsson, varaformaður og fyrrverandi formaður, hefur boðist til þess að taka aftur við stjórn knattspyrnudeildar í stað Þorsteins.

„Þorsteinn var sjálfum sér samkvæmur og þess vegna fór þetta svona. Ég er til í að taka við en er samt ekki að sækjast eftir starfinu og ef einhver annar býður sig fram þá væri það frábært," sagði Jónas, sem hefur lengi verið í forsvari hjá Grindvíkingum.

Jónas hefur marga fjöruna sopið á sínum ferli og honum líst vel á að starfa með Guðjóni, fari svo að Guðjón verði ráðinn líkt og flest bendir til.

„Það er vilji af beggja hálfu að ná samningum. Við teljum okkur þurfa stuðtæki til að lyfta okkur upp og Guðjón er það stuðtæki að okkar mati. Ég hef mikla reynslu úr sjávarútvegi og það er margt líkt með honum og boltanum. Það eru allir kappsamir – skipstjórar sem og hásetar. Við vitum alveg hvað við erum að fá með Guðjóni og það verður eflaust ekki alltaf logn," sagði Jónas og bætti við að það truflaði stjórnina ekkert hversu stutt Guðjón hefði staldrað við hjá félögum á þessari öld.



**UMDEILDUR** Grindavík ætlar að reyna að semja við Guðjón Þórðarson, sem kemur heim frá Flórída um mánaðamótin. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Það er því áskorun fyrir okkur. Við höfum haft orð á okkur fyrir að vera sterkir saman og stefnum að því að byggja sterka liðsheild með Guðjóni."

Jónas segir að það verði eðlilega einhverjar breytingar á leikmannahópnum milli ára og liðið þurfi að styrkja sig. „Útlendingarnir sem voru í sumar voru farnir. Við þurfum að finna nýja menn og 2-3 gæðaleikmenn væru vel þegnir."

Á þeim tíma sem Jónas hefur starfað fyrir Grindavík hefur mikið breyst. Meðal annars risið glæsileg stúka og svo knattspyrnuhús. Jónas segir að kominn sé tími á næstu skref.

„Það þarf að bæta áhorfendaaðstöðuna. Áhorfendur eru enn að pissa utan í stúkuna og það þarf að bæta alla aðstöðu bak við stúkuna. Við munum leggjast á bæjaryfirvöld að þau hjálpi okkur við að bæta þessa aðstöðu. Það er búið að teikna upp þessa aðstöðu og ég mun berjast fyrir henni. Ég vil að það verði almennilega búið að áhorfendum og það sé almennileg aðstaða fyrir fjölskyldufólk."

henry@frettabladid.is

## Ferill Guðjóns síðan hann hætti með landsliðið

**Það hefur ýmislegt gengið á hjá Guðjóni síðan hann hætti með íslenska landsliðið á sínum tíma. Athygli vekur hversu illa honum gengur að tolla í starfi.**

**1999-2002:** Guðjón tekur við **Stoke City.** Hann náði góðum árangri með liðið, kom því B-deildina. Guðjón státar af einna bestum árangri allra stjóra í sögu Stoke með 1,7 stig að meðaltali í leik. Þrátt fyrir það ákvað Stoke City að reka Guðjón.

**2002:** Guðjón stýrði norska liðinu **Start** í nokkrum leikjum. Hann átti að reyna að bjarga liðinu frá falli en það tókst ekki.

**2003-2004:** Enska liðið **Barnsley** ræður Guðjón til starfa. Hann er rekinn frá félaginu eftir að Peter Ridsdale nær völdum hjá því.

**2004-2005:** Guðjón velur að semja við **Keflavík** frekar en Grindavík. Guðjón yfirgefur félagið þrem dögum fyrir fyrsta leik í Íslandsmóti til þess að taka við Notts County.

**2005-2006:** Guðjón stýrir elsta liði heims, **Notts County**. Hann fékk flugstart með liðið og kom því á toppinn. Liðið missti síðan algjörlega flugið og endaði í 21. sæti D-deildarinnar, sem var lélegasti árangurinn í langri sögu félagsins. Guðjón hætti með liðið.

**2006-2008:** Guðjón tekur við uppeldisfélagi sínu, **ÍA**. Nær þriðja sæti á fyrra árinu með liðið. Allt fer á versta veg sumarið 2008 og Guðjón er rekinn frá félaginu, sem síðar fellur úr efstu deild.

**2008-2009:** Ráðinn stjóri hjá **Crewe Alexandra** í desember. Byrjaði vel og var valinn stjóri mánaðarins í febrúar. Síðan fór að halla undan fæti og liðið féll. Guðjón hélt áfram að þjálfa liðið en var rekinn í október þar sem hvorki gekk né rak hjá liðinu.

**2010-2011:** Guðjón er ráðinn stjóri **BÍ/Bolungarvíkur.** Undir stjórn Guðjóns náði liðið 6. sæti í B-deildinni. Guðjón var síðan rekinn eftir tímabilið.





**ÓLAFUR ÖRN** Telur sig vera lausan allra mála en Grindvíkingar segja hann samningsbundinn. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Samningamál Ólafs Arnar:

## Ólafur Örn fer ekki neitt

**FÓTBOLTI** Þorsteinn Gunnarsson, fráfarandi formaður knattspyrnudeildar Grindavíkur, á von á því að Ólafur Örn Bjarnason verði áfram í herbúðum Grindavíkur sem leikmaður.

Ólafur Örn hætti sem þjálfari liðsins eftir tímabilið en hann hefur bæði stýrt liðinu og leikið með því síðan hann sneri aftur heim úr atvinnumennsku í Noregi sumarið 2010.

Hann hefur sjálfur sagt að hann ætli að skoða sín mál og bíða þess að sjá hver verði næsti þjálfari liðsins áður en hann ákveði framtíð sína sem leikmaður.

„Ólafur Örn er með leikmannasamning við Grindavík til 2013 og því verður hann áfram hjá okkur. Hann er ekki á leiðinni neitt," sagði Þorsteinn en Ólafur Örn hefur áður sagt að hann telji sig lausan allra mála þar sem hann segir að uppsagnarákvæði í þjálfarasamningi hans hafi verið sagt upp.

Þorsteinn sagði enn fremur að uppsögn hans sem þjálfari hefði engin áhrif á leikmannasamninginn.

Ólafur lék alla 25 leiki Grindavíkur í deild og bikar nú í sumar og skoraði í þeim eitt mark, fyrra markið í 2-0 sigri liðsins á ÍBV í lokaumferðinni en með sigrinum bjargaði Grindavík sér frá falli á ævintýralegan máta. - esá

## ÚRSLIT

*Lengjubikar karla*

**Skallagrímur-KR 82-97**

Skallagrímur: Dominique Holmes 24/6 fráköst, Lloyd Harrison 17, Birgir Sverrisson 12, Sigurður Þórarinsson 9, Hörður Hreiðars. 8, Davíð Guðmunds. 8, Hilmar Guðjóns. 2, Davíð Ásgeirs. 2.

KR: Finnur Atli Magnusson 27, Jón Orri Kristjánsson 16/11 fráköst, Kristófer Acox 14, David Tairu 11, Skarphéðinn Ingason 11, Martin Hermannsson 5, Emil Þór Jóhannsson 5, Edward Lee Horton Jr. 4, Páll Helgason 2, Björn Kristjánsson 2

**Þór Þ.-ÍR 90-76**

Þór Þorlákshöfn: Darrin Govens 19, Darri Hilmarsson 17, Grétar Ingi Erlendsson 14, Michael Ringgold 10/11 fráköst, Guðmundur Jónsson 9, Baldur Ragnarsson 7, Marko Latinovic 6, Emil Einarsson 5, Þorsteinn Ragnarsson 3.

ÍR: Hjalti Friðriksson 22, Nemanja Sovic 17, Eiríkur Önundarson 11, Kristinn Jónasson 9, Níels Dungal 7, Ellert Arnarson 6, Williard Johnson 4.

**Fjölnir-Haukar 74-75**

Fjölnir: Calvin O'Neal 18, Árni Ragnarsson 14, Nathan Walkup 13, Ægir Þór Steinarsson 13/9 stoðs., Jón Sverrisson 8, Arnþór Guðmundsson 6.

Haukar: Jovanni Shuler 20, Örn Sigurðarson 13, Davíð Hermannsson 10 Haukur Óskarsson 9, Sævar Ingi Haraldsson 8, Emil Barja 8/10 fráköst, Helgi Björn Einarsson 7.

**Valur-Njarðvík 85-96**

Valur: Darnell Hugee 15, Þorri Arnarson 14, Birgir Björn Pétursson 14, Igor Tratnik 12/13 fráköst, Alexander Dungal 11, Curry Collins 10, Austin Magnus Bracey 6, Elvar Steinn Traustason 2.

Njarðvík: Cameron Echols 30/12 fráköst, Travis Holmes 25, Rúnar Ingi Erlingsson 11, Maciej Stanislav Baginski 10, Ólafur Helgi Jónsson 9, Elvar Már Friðriksson 7, Hjörtur Hrafn Einarsson 4.

Levante óvænt á toppnum á Spáni. Fyrirliðinn er 36 ára gamall og akfeitur. Ekkert lið eyðir minni peningum:

# Smáliðið sem skákar Barcelona og Real Madrid

**FÓTBOLTI** Áður en keppnistímabilið hófst í spænska fótboltanum var Levante spáð falli af flestum sérfræðingum. Enginn átti von á því að smáliðið frá borginni Valencia næði að veita Barcelona og Real Madrid einhverja keppni. Levante er í efsta sæti spænsku deildarinnar þegar átta umferðum er lokið. Á Spáni bíða allir eftir því að Levante-„bólan" springi en liðið hefur m.a. unnið Real Madrid 1-0 á heimavelli.

Ekkert lið í spænsku deildinni eyðir minna fé en Levante. Heildarvelta liðsins er um 350 milljónir króna á ári. Til samanburðar er veltan hjá Barcelona um 80 milljarðar og norska meistaraliðið Rosenborg er með ársveltu upp á rúmlega 420 milljónir króna.

Eftir 3-0 sigur Levante um helgina gegn Villareal er smáliðið á toppnum með 20 stig, Real Madrid er þar næst með 19 stig og spænska meistaraliðið Barcelona er í þriðja sæti með 18 stig.

Levante er nú þegar búið að innbyrða fleiri stig en eftir 21 umferð á síðustu leiktíð og allt bendir til þess að félagið nái markmiðum sínum – sem var að ná að hanga í deild þeirra bestu. Og fyrir þá sem hafa áhuga þá er næsti leikur Levante gegn Real Sociedad á miðvikudag.



**KOMINN AF LÉTTASTA SKEIÐI** Fyrirliðinn Sergio Ballesteros er orðinn 36 og með léttan björgunarhring. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Sá leikmaður sem hefur vakið mesta athygli í Levante er fyrirliðinn Sergio Ballesteros. Hann er alls ekki á óskalista stórklúbba í Evrópu enda er Ballesteros 36 ára gamall og að margra mati akfeitur.

Baðvigtin lýgur ekki og Ballesteros er 100 kíló og með „aukahluti" á kviðnum sem flestir fótboltamenn vilja vera án. Varnarmaðurinn hefur leikið um 300 leiki í efstu deild á Spáni og er þaulreyndur þrátt fyrir slæmt líkamsástand.

Fyrirliðinn er eini leikmaðurinn þar sem „síðasti söludagur" er rétt handan við hornið. Meðalaldur liðsins í leik gegn Malaga á dögunum var rétt um 32 ár. Frábær varnarleikur hefur einkennt Levante það sem af er tímabilinu. Liðið hefur aðeins fengið á sig þrjú mörk í átta leikjum. Levante hefur unnið sex leiki og gert tvívegis jafntefli og er taplaust. Aðeins Barcelona og Sevilla eru í þeim hópi á Spáni þessa stundina.

Árið 2008 var Levante bjargað frá gjaldþroti og félagið hefur aðeins efni á að kaupa ódýrustu leikmennina á markaðnum. Forráðamenn liðsins hafa notað um 63 milljónir króna í kaup á samtals 50 leikmönnum á undanförnum árum. Það gerir rétt um 1,2 milljónir króna að meðaltali. - seth


SÍÐUSTU DAGARNIR!
BÍLADÍLAR Í OKTÓBER
NÝIR BÍLAR
Minna viðhald!
Þriggja og fimm ára ábyrgð!
Minni eldsneytiskostnaður!
Ódýrari rekstur!
Engar óvæntar bilanir!
Ómótstæðilegur Bíladíll!
Nú er allt á hundrað! Allan mánuðinn hefur fólk verið að nýta sér bíladíla í stórum stíl og þú hefur enn þá tækifæri til þess. Komdu og fáðu díl í nýjan bíl.
Kíktu í kaffi og láttu okkur reikna út hagstæðasta kostinn fyrir þig.
INGVAR HELGASON og B&L • Sævarhöfða 2, sími 525 8000
ENNEMM / SÍA / NM48733

# dagskrá

**> Stöð 2 Sport kl. 18.35**

**Enski deildarbikarinn**

***Bein útsending frá leik Aldershot Town og Manchester United í 4. umferð enska deildarbikarsins. Stórlið United er í sárum eftir stórt tap gegn nágrönnum sínum í City um helgina og það má búast við mjög breyttu liði. Klukkan 20.45 hefst bein útsending frá leik Granada og Barcelona í spænska boltanum á Sport 3.***



## VIÐ TÆKIÐ SVAVAR HÁVARÐSSON VARÐ HUGSI

# *Ólíkt höfumst vér að …*



Það var nokkuð merkilegt þegar fréttamenn bandaríska ofurfréttaþáttarins 60 mínútur heimsóttu þau svæði í Japan sem verst urðu úti í jarðskjálftanum 11. mars. Eins og flestir þekkja lagði flóðbylgja mörg byggðarlög landsins í rúst og tugþúsundir fórust.

Það þarf vart að fjölyrða um hvernig um er að litast á hamfarasvæðunum; líkingin við kjarnorkusprengjurnar árið 1945 var notuð oftar en einu sinni í þættinum, enda nærtæk. Myndirnar þá og nú eru um margt sambærilegar því víða stendur ekkert eftir.

Scott Pelley ferðaðist á milli staða og ræddi við menn um áhrif náttúruhamfaranna. Ljóst þykir að ár, og áratugir í sumum tilfellum, munu líða þangað til hægt er að tala um að líf fólks sé komið í fyrra horf. Þá í þeim skilningi að hafa aðgang að hlutum sem við teljum sjálfsagða í daglegu lífi. Sorgin og missirinn er svo annað sem erfiðara er að meta.

Eitt sló mig þó. Kananum sóttist það illa að fá fólk til að tala um reynslu sína. Það er nefnilega svo að í Japan er það talin ókurteisi að sýna ókunnugum sorg sína eða önnur viðbrögð vegna áfalls.

Og það skiptir Japana engu þótt 60 mínútur séu í heimsókn.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Arabískar sönggyðjur **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Fyrr og nú **14.00** Fréttir **14.03** Sker **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Hraunfólkið **15.25** Málstofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Í heyranda hljóði **21.20** Tríó **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Fimm fjórðu **23.05** Matur er fyrir öllu **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**16.00 Íslenski boltinn** (e)
**16.40 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Tóti og Patti** (29:52)
**17.31 Þakbúarnir** (28:52)
**17.43 Skúli skelfir** (11:52)
**17.54 Jimmy Tvískór** (21:26)
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Laus og liðugur** (10:20) (Gary Unmarried)
**18.45 Maður og jörð - Á tökustað** (2:8) (Human Planet: Behind the Lens)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 360 gráður**
**20.40 Svona á ekki að lifa** (5:6) (How Not to Live Your Life) Bresk gamanþáttaröð um ungan og taugaveiklaðan einhleypan mann sem á erfitt með að fóta sig í lífinu.
**21.15 Djöflaeyjan** Fjallað verður um leiklist, kvikmyndir og myndlist með upplýsandi og gagnrýnum hætti.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Njósnadeildin** (8:8) (Spooks IX) Breskur sakamálaflokkur um úrvalssveit innan bresku leyniþjónustunnar MI5. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.15 Anna Pihl** (7:10) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna. (e)
**00.00 Kastljós** (e)
**00.30 Fréttir**
**00.40 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Sleepless in Seattle**
**10.00 Rachel Getting Married**
**12.00 Beethoven's Big Break**
**14.00 Sleepless in Seattle**
**16.00 Rachel Getting Married**
**18.00 Beethoven's Big Break**
**20.00 Prince of Persia: The Sands of Time**
**22.00 Mirrors**
**00.00 Next**
**02.00 Day of Wrath**
**04.00 Mirrors**
**06.00 Pineapple Express**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (55:175)
**10.15 Extreme Makeover: Home Edition**
**11.00 Hot In Cleveland** (4:10)
**11.25 Wonder Years** (17:23)
**11.50 Monk** (16:16)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 American Idol** (39:39)
**14.30 Frasier** (10:24)
**14.55 Sjáðu**
**15.25 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (5:22)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Malcolm in the Middle** (2:16)
**19.45 The New Adventures of Old Christine** (6:21)
**20.10 Two and a Half Men** (11:16)
**20.35 Mike & Molly** (7:24) Stórskemmtilegir rómantískir gamanþættir úr smiðju Chuck Lorre og fjalla um Mike og Molly, tvo ofurvenjulega og viðkunnanlega einstaklinga sem kynnast á fundi fyrir fólk sem glímir við matarfíkn, og verða ástfangin upp fyrir haus. Saman standa þau í baráttunni gegn öllum fordómunum og lélega offitugríninu – og beittasta vopn þeirra er að slá á létta strengi.
**21.00 Chuck** (6:24)
**21.45 Community** (3:25)
**22.10 Daily Show: Global Edition**
**22.40 The Middle** (1:24)
**23.05 Cougar Town** (14:22)
**23.30 Grey's Anatomy** (3:22)
**00.15 Medium** (1:13)
**01.00 Satisfaction** (6:10)
**01.50 Silk**
**03.40 Nip/Tuck** (18:19)
**04.25 The Simpsons** (5:22)
**04.50 Two and a Half Men** (11:16)
**05.15 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**18.05 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu**
**18.35 Enski deildarbikarinn: Aldershot Town - Man. Utd.** BEINT
**20.45 Spænski boltinn: Granada - Barcelona** Leikurinn er í beinni útsendingu á Sport 3 kl. 17.55 í dag.
**22.30 Enski deildarbikarinn: Aldershot Town - Man. Utd.**
**00.15 Spænski boltinn: Granada - Barcelona**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**14.25 Blackburn - Tottenham**
**16.15 Wolves - Swansea**
**18.05 Premier League Review 2011/12** Leikir helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**19.00 Man. Utd. - Man. City**
**20.50 QPR - Chelsea**
**22.40 Football League Show**
**23.10 Aston Villa - WBA**

## EXTRA

**19.25 The Doctors** (141:175)
**20.10 Bones** (2:22)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Glee** (1:22)
**22.40 Covert Affairs** (3:11) Ný og spennandi þáttaröð í anda Chuck um unga konu sem ráðin er til starfa hjá bandarísku leyniþjónustunni, CIA. Annie Walker er nýliði hjá CIA og enn í þjálfun þegar hún er skyndilega kölluð til starfa en er alls ekki tilbúin til að fást við þær hættur sem starfinu fylgja.
**23.25 Big Love** (8:9)
**00.25 Twin Peaks** (1:8)
**02.00 Dagvaktin**
**02.30 The New Adventures of Old Christine** (6:21)
**02.55 Bones** (2:22)
**03.40 The Doctors** (141:175)
**04.20 Sjáðu**
**04.40 Fréttir Stöðvar 2**
**05.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Rachael Ray** (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**15.20 Parenthood** (10:22) (e)
**16.10 Rachael Ray**
**16.55 Dr. Phil**
**17.40 Got To Dance** (9:21) (e)
**18.30 Got To Dance** (10:21) (e)
**18.55 America's Funniest Home Videos - OPIÐ** (20:50) (e)
**19.20 Everybody Loves Raymond - OPIÐ**
**19.45 Will & Grace - OPIÐ** (5:22) (e)
**20.10 Outsourced** (7:22) Todd er venjulegur millistjórnandi hjá fyrirtæki sem selur smádót í gegnum símasölu. Dag einn þegar hann mætir til vinnu er honum sagt að verkefnum símaversins hafi verið útvistað til Indlands og hann eigi að flytja þangað til að hafa yfirumsjón með því.
**20.35 The Marriage Ref** (9:10)
**21.25 Nýtt útlit** (7:12) Þessir vinsælu þættir snúa nú aftur með breyttu sniði. Þau Jóhanna, Hafdís og Ási aðstoða ólíkt fólk að ná fram sínu besta í stíl og útliti.
**21.55 Nurse Jackie** (4:12)
**22.25 United States of Tara** (4:12)
**22.55 Jimmy Kimmel**
**23.40 Tobba** (5:12) (e)
**00.10 CSI: New York** (19:22) (e)
**01.00 Falling Skies** (1:10) (e)
**01.50 Smash Cuts** (41:52) (e)
**02.10 Everybody Loves Raymond** (e)
**02.30 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** Children's Miracle Classic (1:4) **11.10** Golfing World **12.00** Golfing World **12.50** Children's Miracle Classic (1:4) **15.50** Inside the PGA Tour (42:45) **16.20** Ryder Cup Official Film 1999 **18.00** Golfing World **18.50** PGA Tour - Highlights (38:45) **19.45** The Players Championship (4:4) **22.00** Golfing World **22.50** Presidents Cup Official Film 2009 (1:1) **23.40** ESPN America

## N4

**18.15** Að norðan **21.00** Bæjarstjórnarfundur

## BBC entertainment

**11.30** Fawlty Towers **12.00** ,Allo ,Allo! **12.30** ,Allo ,Allo! **12.55** Dalziel and Pascoe **13.45** Dalziel and Pascoe **14.35** Keeping Up Appearances **15.05** Keeping Up Appearances **15.35** ,Allo ,Allo! **16.00** ,Allo ,Allo! **16.30** Fawlty Towers **17.00** Fawlty Towers **17.35** The Inspector Lynley Mysteries **18.25** The Inspector Lynley Mysteries **19.10** Top Gear **20.00** The Graham Norton Show **20.45** QI **21.15** Free Agents **21.40** Skavlan **22.35** The Graham Norton Show **23.20** Top Gear **00.10** The Graham Norton Show **00.55** QI

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Horisont **10.35** Et rigtigt cirkusliv **11.05** Vores Liv **11.35** Aftenshowet **12.30** Et liv uden stoffer **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Himmelblå **14.00** Kasper & Lise **14.15** Hubert **14.30** Lille Nørd **15.00** Hercule Poirot **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Vores Liv **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Hammerslag **18.30** Bonderøven **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Kriminalinspektør Banks **21.30** Borgen

## NRK 1

**11.35** Urix **12.00** Nyheter **12.05** Norge rundt **12.30** Migrapolis **13.00** Nyheter **13.10** Dallas **14.00** Nyheter **14.10** Matador **15.00** Nyheter **15.10** Tingenes tilstand **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** Ut i naturen **18.15** Min idrett: Kickboksing **18.45** Extra-trekning **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Brennpunkt **20.30** Folk i farta **21.00** Kveldsnytt **21.15** Lydverket **21.45** Elskerinner **22.35** Wallander: Den femte kvinnen

## svt1

**09.45** Plus **10.45** Livet som hund **11.30** Skavlan **12.30** Kvinnohuset **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.30** Barn till varje pris? **15.25** Flugor **15.30** Sverige idag **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Vem tror du att du är? **19.00** Landet Brunsås **19.30** Hübinette **20.00** Dox **21.35** Dag **22.00** Stulen identitet **22.50** Rapport **22.55** Maurice **01.10** Rapport **01.15** Plus **02.15** Hår

## iNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Græðlingur **21.30** Svartar tungur

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




Häcker kitchen.germanMade.

*Farðu alla leið með Eirvík*

# Innréttingar og eldhústæki

Hannað af alúð og framleitt af þýskri nákvæmni.
Ráðgjöf, hönnun og uppsetning allt á einum stað.
**Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur.**

Miele bulthaup EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, 108 Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

vilborg@centrum.is



www.husa.is
Allt fínt fyrir jólin
Baðherbergið
fínt fyrir jólin!
BLÖNDUNAR
TÆKI
25%
afsláttur*
um land allt
INNI
MÁLNING
25%
afsláttur*
um land allt
í október
JOTUN
LADY
PURE COLOR
4.890
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR
Borðhandlaug
Niðurfelld, 56x48x20 cm.
8091104
10.790
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR
Handklæðaofn
Scala, 80x60 cm.
9200049
ALLAR
FLÍSAR
20%
afsláttur*
um land allt
Einungis 3% lántökugjald af upphæðinni og 325 kr. greiðslugjald
KAUPLÁN
0%
VAXTALAUST LÁN
Nánar á husa.is
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR
Afsláttur gildir ekki af vörum merktum " Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar".
enda er það lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma.
Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana
HÚSASMIÐJAN

## MORGUNMATURINN



*„Þeytingur með skyri, banana, jarðarberjum, haframjöli og myntu. Ef ég er að drífa mig þá gríp ég mér Hleðslu-prótíndrykk og banana.“*

Daníel Ólafsson, plötusnúður og umsjónarmaður útvarpsþáttarins Hafarnarins á Rás 2.

# Fyrsta útgáfa The Charlies verður mixteip

„Við erum spenntar að leyfa fólki að heyra afraksturinn enda höfum við tekið upp gríðarlega mikið efni síðan við fluttum út,“ segir Alma Guðmundsdóttir, söngkona í hljómsveitinni The Charlies.

Eitt og hálft ár er liðið síðan Alma, Klara og Steinunn fluttu til Los Angeles með samning við Hollywood Records upp á vasann. Hinn 11. nóvember næstkomandi verður hægt að heyra forsmekkinn af fyrstu breiðskífu The Charlies sem Alma segir að komi út á næsta ári. Þá geta áhugasamir nálgast tóndæmi á nýrri heimasíðu þeirra, thecharliesofficial.com.

„Við ákváðum að koma með svokallað mixteip fyrst og gefa fólki tækifæri til að hlaða niður tónlistinni okkar frítt frá heimasíðunni,“ segir Alma en umrætt mixteip verður eins konar smáskífa með frumsömdu efni í bland við endurgerð lög. Ekki er algengt að popptónlistarmenn feti þessa braut í útgáfu en hingað til eru það aðallega plötusnúðar og hiphop-tónlistarmenn sem gefa út svona smáskífur. Smáskífa The Charlies ber heitið Start a Fire og inniheldur brot af því sem þær hafa unnið að undanfarið ár.



**ÖNNUM KAFNAR** Þær Steinunn, Klara og Alma í The Charlies voru að opna vefsíðu þar sem verður meðal annars hægt að hlusta á nýju smáskífu þeirra Monster (Eat Me) frá og með 11. nóvember. MYND/GRÉTA KAREN GRÉTARSDÓTTIR

„Þetta eru sex lög sem gefa góða mynd af þeirri stefnu og stíl sem fyrsta breiðskífan okkar hefur að geyma. Meiripartinn unnum við með upptöku- og lagahöfundateyminu StopWaitGo,“ segir Alma en fyrsta lagið er samið af henni og strákunum í StopWaitGo og nefnist Monster (Eat Me). „Við stefnum á að koma með tónlistarmyndband við lagið fyrir jól en þá ætlum við að koma heim til Íslands. Þangað til verðum við önnum kafnar við að koma fram á hinum ýmsu tónleikastöðum og kynna nýja efnið okkar í Los Angeles.“ - áp

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Magdalena Sara Leifsdóttir** fyrirsæta, sem bar sigur úr býtum í Elite-keppninni í vor, heldur þann 24. nóvember til Sjanghæ til að keppa í alþjóðlegu Elite-keppninni. Nú er heimasíða keppninnar farin í loftið en þar eru allir keppendur kynntir. Hægt er að greiða hverjum keppenda atkvæði sitt og þeir sem hljóta mörg atkvæði fá aukið vægi í keppninni sjálfri. Hægt er að skoða og gefa Magdalenu atkvæði sitt undir slóðinni Elite-modellook.com/themodels/all/iceland.html. Það er til mikils að vinna fyrir Magdalenu en bæði Cindy Crawford og Gisele Bündchen voru uppgötvaðar í keppninni. - áp








**20 ÁRA BIÐ LOKIÐ** Davíð Þór Jónsson gekk inn í Háskóla Íslands og hugðist læra íslensku. Hann rakst hins vegar á bækling um guðfræðinámið og tuttugu árum seinna er hann formlega orðinn guðfræðingur eða cand.theol. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

DAVÍÐ ÞÓR JÓNSSON: NÚ HEFST LEITIN AÐ BRAUÐINU

# Frægasti guðfræðinemi landsins loks útskrifaður

„Það var engin athöfn, ég hef haft góðan tíma til að venjast þessu,“ segir Davíð Þór Jónsson sem varð í gær formlega guðfræðingur eða cand.theol. Davíð, sem hóf nám við guðfræðideildina fyrir tveimur áratugum, bjóst einna helst við að baka skúffuköku og hella upp á kaffi fyrir nánustu fjölskylduna þegar tími til slíks gæfist.

Að gefnu tilefni er hins vegar rétt að taka fram að Davíð hefur ekki verið við nám í guðfræðideildinni allan þennan tíma heldur sinnti hann öðrum störfum en guðfræðibókunum í rúm þrettán ár. Davíð var meðal annars ritstjóri hins erótíska tímarits Bleikt og blátt, stjórnaði útvarps- og sjónvarpsþáttum, var bæði spyrill og dómari í Gettu betur og annar hluti tvíeykisins Radíus-bræður.

Davíð nýtti sumarið til að skrifa meistararitgerðina sem heitir því lítilláta nafni Satan og híbýli hans í boðskap Jesú frá Nasaret. Cand. theol-titillinn hefur því legið lengi í loftinu. „Þetta var svona „anticlimax því núna er maður bara kominn út á vinnumarkaðinn að leita sér að vinnu.“ Davíð hefur fullan hug á því að fara í prestskapinn en er ekkert ýkja bjartsýnn á að það losni brauð á næstu tveimur til þremur árum. „En ef það losnar eitthvað sem ég hef áhuga á að þjóna þá auðvitað sækir maður um.“

Tilviljun ein réð því að Davíð hóf nám við guðfræðideild Háskóla Íslands og hann ætlaði sér upphaflega aldrei að verða prestur. „Ég byrjaði í náminu af því ég vildi hætta sjómennsku og vera hjá fjölskyldunni. Ég ætlaði upphaflega að fara í íslensku en rakst á einhvern bækling og þar var námið í guðfræðinni á fremstu síðunum og mér fannst fögin líta út fyrir ákaflega skemmtileg. Ég fékk hins vegar enga köllun heldur kynntist prestunum í náminu og varð smátt og smátt heillaður af starfinu. Það leggur heldur enginn á sig meistaragráðu í fagi sem hann hefur engan áhuga á að starfa við.“ freyrgigja@frettabladid.is






# Hemmi og Valdi hefja sig til flugs

„Við horfum til þess fyrirkomulags sem er við lýði hjá Virgin og Ryanair,“ segir Hermann Fannar Valgarðsson.

Tvíeykið Hemmi og Valdi, eða Hermann Fannar og Valdimar Geir Halldórsson, skoða það nú af fullri alvöru að stofna flugfélag. Eða ferðaþjónustufyrirtæki með möguleika á flugrekstrarleyfi eins og þeir kalla það. Þetta staðfestir Hermann í samtali við Fréttablaðið en segir málið á viðkvæmu stigi.

Hermann segir það ekki ókeypis að leigja og reka flugvél en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er startkostnaðurinn í kringum 200 milljónir. Hermann vildi sem minnst tjá sig um málið en sagði að hugmyndin væri sú að flugvél yrði tekin á leigu, hún nýtt til fullnustu og henni flogið hingað, smekkfullri af ferðamönnum. Flugið yrði bæði fyrir erlenda ferðamenn og Íslendinga en ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvaðan verður flogið, það sé í skoðun.

Hermann og Valdimar hafa að undanförnu gert sig gildandi í ferðaþjónustu með gistiheimilarekstri en þeir reka meðal annars Reykjavik Backpackers í hjarta Reykjavíkur og eru að fara að opna svipað gistiheimili á Akureyri. Þá reka þeir einnig tvö kaffihús við Laugaveginn; Tíu dropa og Nýlenduvöruverslun Hemma og Valda. - fgg



**DJARFIR OFURHUGAR** Valdimar Geir og Hermann Fannar hafa í hyggju að opna ferðaskrifstofu með möguleika á flugrekstrarleyfi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

58·12345

# ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S

# MIÐSTÆRÐ Á 1.000 KR.

# MEÐ 3 ÁLEGGSTEGUNDUM.

EF ÞÚ SÆKIR

dominos.is



# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Sævar Karl sýnir verk sín

**Sævar Karl Ólason** hefur dvalið langdvölum í Þýskalandi, þar sem hann hefur málað náttúrufegurð við München og notið lífsins eftir að hafa selt tískuvöruverslunina Sævar Karl fyrir fjórum árum. Sævar hefur náð ágætis tökum á málaralistinni og haldið einkasýningar í Þýskalandi en nú er komið að Íslandi. Sævar hyggst opna sýninguna Plöntur, grænmeti, ávextir og ýmis búsáhöld hinn 1. nóvember á veitingastaðnum Sólon, en sýningin mun standa til 1. desember.



### Lögðu línurnar nyrðra

Greint var frá því nýverið að gerðar yrðu breytingar á skipulagi skemmtiþáttarins vinsæla Gettu betur á næsta ári. Dómarar verða tveir í stað eins áður en embætti stigavarðar hefur verið lagt niður. Þau Örn Úlfar Sævarsson dómari og **Edda Hermannsdóttir** spyrill verða áfram við völd í þættinum en við bætist **Þórhildur Ólafsdóttir** fréttakona, sem verður meðdómari Arnar. Þórhildur er búsett á Akureyri og gerðu Örn Úlfar og Edda, sem er einmitt frá Akureyri, sér ferð norður um helgina til að leggja línurnar fyrir komandi spurningavertíð. Hafa þau væntanlega notið liðsinnis sambýlismanns Þórhildar, sem er enginn annar en Sveinn H. Guðmarsson, sem var einmitt dómari í Gettu betur árið 2003.

**- fgg, mþl**



### Mest lesið vísir

1. Nýtt íbúðahótel tekur til starfa á Hverfisgötu
2. Norðmenn eru þriðja ríkasta þjóð heimsins
3. Forstjóri FME: Niðurstaða héraðsdóms kom á óvart
4. Héraðsdómur felldi ákvörðun FME úr gildi
5. Aukning ferðamanna skilar ekki samsvarandi auknum tekjum





